

Dægurmál 2014
**RASSAÁRIÐ MIKLA** ▶52



**ALDREI FLEIRI FLÓTTAMENN** ▶56


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
13. desember 2014
293. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




# BÓKAÚTGÁFA ER FÍKN

**Útgefendurnir Tómas Hermannsson, Guðrún Vilmundardóttir og Jóhann Páll Valdimarsson ræða harða samkeppni á íslenskum bókamarkaði, ástríðuna fyrir starfinu, stórhættulegan virðisaukaskatt og spennufallið á aðfangadag eftir jólabókaflóðið.** ▶30

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**ANDLEGUR ANARKISTI**
Gunný Ísis Magnúsdóttir talar um heimildarmynd sem hún gerði um svitahof, fíkn, trú og tilraunir til sjálfsheilunar. ▶34



**12 SEM SKÖRUÐU FRAM ÚR** ▶54










JOE BOXER®
KRINGLA OG SKÓLAVÖRÐUSTÍG 8

Opið til 22
öll kvöld til jóla
SMÁRALIND

11 DAGAR TIL JÓLA
OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD
Kringlan

# FRÉTTIR

## GLEÐIFRÉTTIN

### Björguðu 408 flóttamönnum



Á þriðjudag bjargaði áhöfn varðskipsins Týs 408 sýrlenskum flóttamönnum úr flutningaskipi sem statt var 165 sjómílur austur af Möltu. Neyðarboð bárust frá skipinu snemma um morguninn og var með hjálp eftirlitsflugvéla mögulegt að staðsetja skipið. „Tilfinningin að standa frammi fyrir svona verkefni er alveg ótrúleg og eiginlega ólýsanleg," sagði Einar Valsson, skipherra á varðskipinu Tý.

## FIMM Í FRÉTTUM GOLDEN GLOBE OG SJÚKLINGAR Í LÍFSHÆTTU



**Eygló Harðardóttir** félagsmálaráðherra lýsti þeirri skoðun sinni að mikilvægast væri að Fæðingarorlofssjóður færi að lögum og endurgreiddi það sem oftekið hefur verið af foreldrum.



**Bergur Þorri Benjamínsson**, varaformaður Sjálfsbjargar, benti á að örorkulífeyrisþegar gætu ekki nýtt sér úrræði ríkisstjórnarinnar um að nota hluta tekna sinna skattfrjálst inn á höfuðstól fasteignaveðlána.



**➜ Hrafnhildur Lúthersdóttir** sundkona komst inn á topp 22 í þremur greinum á HM í sundi í Katar, í 200 m bringusundi, 50 metra bringusundi og 100 m bringusundi.



**Ólafur Ólafsson**, fyrrverandi landlæknir, sagði það svívirðilegt að staðan væri sú að sjúklingar væru í lífshættu vegna þess að ekki hefði verið samið við lækna.



**Jóhann Jóhannsson** tónlistarmaður var tilnefndur til Golden Globe-verðlaunanna fyrir tónlist sína í kvikmyndinni The Theory of Everything. Hann er tilnefndur fyrir bestu frumsömdu tónlistina.



**HURÐ NÆRRI HÆLUM** Eins og sjá má var bíllinn næstum farinn ofan í holuna sem var tveggja metra djúp og fimm metra breið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ford Sedan slapp þegar jörðin opnaðist á ótrúlegan hátt:

## Tveggja metra hola í veginum

**KÍNA Hurð skall nærri hælum á Yunlianghe-veginum í Zhenjiang í Kína á föstudag. Vegurinn hrundi og það myndaðist fimm metra breið og tveggja metra djúp hola í veginum. Bíll af gerðinni Ford Sedan rétt slapp við að lenda ofan í holunni en hann var svo hífður upp með krana. Vegurinn var lagður fyrir tveimur árum og nú er verið að rannsaka ástæður þess að holan myndaðist.** - vh

Hætt við hótelbyggingu:

## Nasa aftur tónleikastaður

**HÚSAFRIÐUN** Komnir eru nýir eigendur að húsunum á Landsímareitnum, en þar var meðal annars skemmtistaðurinn Nasa til húsa. Eigendaskiptin áttu sér nokkurn aðdraganda en gengu í gegn í vikunni. Þetta kemur fram í vikulegu fréttabréfi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra. Dagur segir að hóteláform á reitnum verði lögð til hliðar að sinni á meðan kannaðir eru nýir möguleikar á annarri notkun húsnæðisins.

Til standi að endurreisa Nasa sem lifandi tónleikastað og að auglýst verði eftir rekstraraðilum á næstunni. Áfram verði stefnt að endurgerð húsanna sem snúi að Ingólfstorgi. - sks

Dæmdur fyrir handtöku:

## Snýr mögulega aftur til starfa

**LÖGREGLUMÁL** Ekki er útilokað að lögreglumaðurinn sem í fyrradag var dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi snúi aftur til starfa hjá lögreglunni. Þetta segir Snorri Snorrason, formaður Landssambands lögreglumanna, aðspurður um stöðu lögreglumannsins. Snorri segir að fundað verði á næstu dögum um framtíð lögreglumannsins.

Lögreglumaðurinn var dæmdur til að greiða konu bætur en málið snerist um harkalega handtöku.

Atvikið vakti mikla athygli en myndband náðist af handtökunni, sem átti sér stað á Laugavegi í miðbæ Reykjavíkur. - ak

# Aðeins 15 ára boðinn sex ára samningur

Fyrirsætusamningur sem Elite bauð 15 ára stúlku felur í sér sex ára bindingu við fyrirtækið. Umboðsmaður barna segir foreldra ekki eiga að samþykkja slíka samninga telji þeir þá ósanngjarna eða skaðlega. Elite segir samninginn trúnaðarmál.



**BROT Á RÉTTINDUM BARNA?** Elite fyrirsætuskrifstofan býður fyrirsætum sex ára samning sem er ekki uppsegjanlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**SAMFÉLAG** Elite fyrirsætumiðlunin á Íslandi býður fyrirsætum samning til sex ára sem er óuppsegjanlegur af hálfu fyrirsætunnar nema hún hætti fyrirsætustörfum. Samningur sem Fréttablaðið hefur undir höndum og var boðinn 15 ára stúlku felur í sér sex ára skuldbindingu við fyrirtækið en af því að hún er undir lögaldri áttu foreldrar hennar að skrifa undir samninginn fyrir hennar hönd. Þykir þetta nokkuð langur samningur en hjá Eskimo sem er einnig íslensk fyrirsætuskrifstofa, eru samningar einungis gerðir frá eins til þriggja ára og eru uppsegjanlegir af hálfu beggja aðila.



**MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR**

Samningarnir eru staðlaðir frá Elite samsteypunni að utan en Elite á Íslandi starfar með leyfi frá þeim og er gert að vinna eftir þeirra reglum. Samkvæmt samningnum þá getur fyrirsætan ekki sagt honum upp nema hún ætli sér að hætta í fyrirsætustörfum. Ákveði hún að byrja aftur að vinna sem fyrirsæta þá tekur samningurinn aftur gildi. Eins kemur fram að: „komi til þess að fyrirsætunni verði ókleift að sinna starfsskyldum sínum t.d. vegna veikinda, barnsburðar eða náms, framlengist gildistími samningsins um þann tíma."

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir foreldra bera meginábyrgð á velferð barna sinna og beri að setja hagsmuni þeirra ávallt í forgang. „Foreldrar eiga því ekki að samþykkja slíka samninga ef þeir telja þá með einhverjum hætti ósanngjarna eða skaðlega fyrir barnið," segir Margrét.

„Jafnvel þó að foreldrar samþykki svona samning þá tel ég ekki rétt að líta svo á að hann skuldbindi barn til lengri tíma. Það er óeðlilegt að að foreldrar geti skuldbundið barn, sem ef til vill hefur ekki aldur og þroska til að skilja samning, í mörg ár. Þetta er hins vegar álitamál sem yrði að leysa úr hverju sinni, til dæmis út frá efni samningsins og aðstæðum að öðru leyti," segir hún en tekur fram að þó þurfi líka að virða óskir barnsins.

„Mikilvægt er að virða rétt barna til að hafa áhrif á eigið líf og ef það er eindregin ósk barns að vinna við fyrirsætustörf eiga foreldrar að hlusta á þá skoðun og taka tillit til hennar í samræmi við aldur og þroska. Ég á erfitt með að sjá að það geti talist barni fyrir bestu að skrifa undir samning sem skuldbindur það í mörg ár og tel raunar álitamál hvort slíkur samningur gæti yfir höfuð talist bindandi fyrir barnið til lengri tíma."

Gísli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Elite, vildi ekki tjá sig um efni samningsins þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. Bað hann um að fá spurningar sendar skriflega en veitti svo ekki svör við þeim. Segi hann samninginn trúnaðarmál milli skrifstofunnar og fyrirsætunnar og því geti hann ekki tjáð sig um hann.

viktoria@frettabladid.is




Frestun um 700 skurðaðgerða vegna verkfallsaðgerða kostar 350 milljónir:

## Erfitt að tryggja öryggi sjúklinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Frestun ríflega sjö hundruð skurðaðgerða vegna verkfallsaðgerða lækna kostar Landspítalann um þrjú hundruð og fimmtíu milljónir króna. Forstjóri Landspítalans óttast frekari aðgerðir og áhrif þeirra á sjúklinga.

Fimmtu lotu verkfallsaðgerða lækna sem staðið hafa síðan í lok október lauk í fimmtudag. Aðgerðirnar hafa haft gríðarlega áhrif á heilbrigðiskerfið, sér í lagi í á Landspítalann.

Þannig hefur spítalinn þurft að fresta ríflega 700 skurðaðgerðum, um 100 hjartaþræðingum, 800 myndgreiningarrannsóknum og 3.000 dag- og göngudeildarkomum.

Kostnaður spítalans vegna þessa er mikill en Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, sagði í Fréttum Stöðvar 2 í gær að erfitt væri að meta hann með vissu.

„Við vitum það þó að um það bil 350 milljóna kostnaður mun hljótast af því að vinna niður það sem hefur safnast aukalega í aðgerðum sem hafa frestast í verkfallsaðgerðum undanfarna tvo mánuði þannig að það eru um það bil 350 milljónir," segir Páll.

Læknar hafa boðað hertar verkfallsaðgerðir strax á nýju ári. Páll óttast áhrif þeirra á sjúklingana og segir að erfitt sé að sjá hvernig spítalinn geti tryggt öryggi þeirra.

„Okkur virðist að það sé í raun og veru óhugsandi að þær verkfallsaðgerðir geti gengið. Það mun hafa slíka röskun á allri starfsemi í för með sér og trufla öryggi ef boðaðar verkfallsaðgerðir lækna í janúar verða að veruleika," segir Páll og bætir við að það muni stefna í óefni mjög fljótt. - lvp



**MIKIL ÁHRIF** Forstjóri Landspítalans óttast frekari verkfallsaðgerðir og áhrif þeirra á sjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

13. og 14. desember

# GÓÐUR JÓLATÍMI

## GÓALEG JÓL

Gói úr Stundinni okkar verður í jólaskapi og skemmtir krökkum og fullorðnum á laugardag kl. 15

## JÓLASVEINAR

Jólasveinar ganga um gólf Smáralindar og heilsa upp á gesti kl. 13 og 16 laugardag og sunnudag

## PAKKAJÓL

Gefðu eina auka jólagjöf og settu undir jólatréð í Smáralind. Góðgerðafélög koma gjöfinni í réttar hendur

**Næg bílastæði • Opið til 22**




**SMÁRALIND**
Gleðileg jól

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA   ÞORLÁKSMESSA 11–23   AÐFANGADAGUR 10–13   WWW.SMARALIND.IS   FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

## 06.12.2014 → 12.12.2014

**100 DAGA** hafði eldgosið í Holuhrauni mallað á mánudaginn var.



**2.058 börn** fengu rangar einkunnir á samræmdum prófum.





**30-1** er hlutfall sigurleikja hjá Finni Frey Stefánssyni, þjálfara úrvalsdeildar KR í körfubolta.

**30 til 40 milljónir tonna** af jarðvegi fjúka upp á hverju ári, og fjórðungur á haf út.

**408** sýrlenskum flóttamönnum var bjargað af Landhelgisgæslunni í vikunni.



**64 MILLJÓNIR** er árslaunakostnaður þeirra sjö aðstoðarmanna sem starfa fyrir Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.




**328 MILLJÓNIR** hefur Fæðingarorlofssjóður ofgreitt á átta ára tímabili, og er óheimilt að krefjast endurgreiðslu.





**HLUTI AF JÓLAHEFÐINNI** Um 15 þúsund manns fylgjast með lestinni ár hvert.

Ekur um borgina í 19. sinn:

## Jólalestin á ferð

**JÓL** Jólalest Coca-Cola fer í dag í sína árlegu ferð um höfuðborgarsvæðið. Jólalestin, með jólasveininn í fararbroddi, hefur för sína frá Stuðlahálsi klukkan 16 og mun ferðast um helstu hverfi höfuðborgarsvæðisins.

Klukkan 17 ekur hún svo niður Laugaveginn. Síðan mun jólalestin koma við á Barnaspítala Hringsins þar sem jólasveinninn mun líta inn til barnanna og færa þeim gjafir. Þetta er í nítjánda sinn sem jólalestin ekur um borgina. - vh

Vilja auka sjálfbæra neyslu:

## Stjórnvöld fara í stríð við sóun

**UMHVERFISMÁL** Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur kallað eftir umsögnum um drög að almennri stefnu um úrgangsforvarnir. Stefnan mun gilda fyrir árin 2015–2026 og eru markmið hennar meðal annars að draga úr myndun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

Í drögunum er tilgreind nauðsyn þess að auka sjálfbæra neyslu og stuðla að því að lífshættir haldist í hendur við aðferðir sem auka nýtni. Þá þurfi að nýta hluti betur svo þeir verði ekki að úrgangi, draga úr notkun einnota umbúða og auka græna nýsköpun. - shá

# Engin gögn um að Omos sé faðir barns Evelyn Joseph

Verjandi Tony Omos lagði ekki fram gögn sem sýna fram á að Omos sé faðir barns sem fæddist hér. Krafa um að Útlendingastofnun tæki til meðferðar umsókn hans um hælisvist var þó byggð á því að hann ætti barnið.

**DÓMSMÁL** Engin gögn voru lögð fram fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um að hælisleitandinn Tony Omos væri faðir barns Evelyn Joseph sem fæddist hér á landi, líkt og hann sagði sjálfur að hann kynni að vera.

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Útlendingastofnun og íslenska ríkið af kröfu Tony Omos. Hann hafði krafist þess að felld yrði úr gildi ákvörðun Útlendingastofnunar um að neita því að taka til meðferðar hælisumsókn hans. Jafnframt yrði felldur úr gildi úrskurður innanríkisráðuneytisins, þar sem ákvörðunin er staðfest.

Að óbreyttu þýðir niðurstaðan að Tony Omos mun ekki fá hæli á Íslandi. Stefán Karl Kristjánsson, verjandi hans, útilokar þó ekki að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Omos kom hingað til lands í október árið 2011 og framvísaði kanadísku vegabréfi annars manns.

Síðar sótti hann um hæli hér en á grundvelli svokallaðrar Dyflinnarreglugerðar var ákveðið að taka ekki þá umsókn til efnislegrar meðferðar.

Í máli sínu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur byggði verjandi Omos meðal annars á því að hann hefði haft sérstök tengsl við landið í skilningi ákvæðis í 46. greinar Útlendingalaga.

Í dómnum segir að ekki verði séð að við meðferð málsins hjá Útlendingastofnun og síðan innanríkisráðuneytinu hafi Omos byggt á sömu rökum. Kom það og fram hjá honum sjálfum í umsókn hans um hælisvist við komuna til landsins og viðtali hjá Útlendingastofnun í apríl 2012 að slíkum tengslum væri ekki til að dreifa.




**MÓTMÆLI** Mótmælendur söfnuðust saman fyrir utan innanríkisráðuneytið í nóvember í fyrra eftir að umsókn hans um hæli var fyrst hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í dómnum kemur jafnframt fram að í bréfi til innanríkisráðuneytisins frá 15. október 2013 hafi Omos tekið fram að staða hans á landinu hefði gjörbreyst á þeim tveimur árum sem meðferð málsins hefði þá tekið.

Hann ætti í sambandi við íslenska konu en áður hefði hann verið í sambandi aðra konu, sem hefði stöðu hælisleitanda og ætti von á barni. Væri hann hugsanlega faðir barnsins og vildi fá að vera viðstaddur fæðingu þess. „Konan kom fyrir dóminn og sagði stefnanda vera föður barns hennar sem hefði fæðst 3. febrúar 2014. Engin gögn liggja þó fyrir í málinu er staðfesta faðerni barnsins," segir í niðurstöðu dómsins.

jonhakon@frettabladid.is

### → Efast um hæfi vegna lekans



**STEFÁN KARL KRISTJÁNSSON**

Lögmaður Omos lagði fram bókun með nýrri málsástæðu við fyrirtöku þann 25. september síðastliðinn, vegna lekamálsins.

Þar segir að fram hafi komið upplýsingar um að starfsmaður í innanríkisráðuneytinu, aðstoðarmaður ráðherra, sæti saksókn ríkissaksóknara vegna ætlaðs brots á trúnaðarskyldum er varða stefnanda. „Með hliðsjón af þessu þá hefur stefnandi enn fremur uppi sem málsástæðu að stjórnvald hafi beitt ólögmætum aðgerðum og þannig stutt að því að koma fram brottvísun stefnanda úr landi. Stefnandi byggir þannig á því að innanríkisráðuneytið hafi ekki gætt hlutlægnisskyldu og jafnræðis við meðferð máls hans og hann hafi því réttmæta ástæðu til að efast um hæfi þeirra sem stóðu að úrskurði í máli hans."

Í niðurstöðu dómsins segir að ekkert liggi fyrir um eðli trúnaðarbrots sem aðstoðarmaðurinn á að hafa gerst sekur um í tengslum við mál stefnanda, annað en framangreind bókun. Verður ekki litið svo á að slíkt trúnaðarbrot leiði sjálfkrafa til þeirrar niðurstöðu að ekki hafi verið gætt hlutlægnisskyldu og jafnræðis við meðferð máls þessa hjá innanríkisráðuneytinu.




# Gjafabréf

**Gefðu skemmtilega jólagjöf!**

Gjafabréf Endurmenntunarskóla Tækniskólans hentar fólki á öllum aldri. Gjafabréfið getur hljóðað upp á ákveðið námskeið eða upphæð að eigin vali.

Fjölbreytt úrval námskeiða er í boði svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi: ***www.tskoli.is/namskeid***

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

endurmenntun@tskoli.is | sími 514 9602


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Friedrichshafen | 9° | New York | 5° |
| Aþena | 14° | Gautaborg | 6° | Orlando | 19° |
| Basel | 8° | Kaupmannahöfn | 6° | Ósló | -3° |
| Berlín | 7° | Las Palmas | 23° | París | 10° |
| Billund | 5° | London | 5° | San Francisco | 13° |
| Frankfurt | 8° | Mallorca | 18° | Stokkhólmur | 3° |




**Á MORGUN** Stormur, hægari A-til fyrrihluta dags




**MÁNUDAGUR** 10-18 m/s A-til, annars hægari

**STORMASÖM AÐVENTA** Vaxandi NA-átt á Vestjörðum síðdegis í dag og má búast við stormi þar í nótt og um allt land á morgun. Hvassast fyrrihluta dags V- og N-til en færist svo til austurs og dregur þá úr vindi V-til. Áfram allhvasst A-til á mánudag.



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

*Við elskum jólin*

**NÝTT KORTA TÍMABIL**

# JÓLAVÖRUR 20-50% afsláttur

## ÚTSALA Á JÓLAVÖRUM BYRJAR Í DAG.* EINNIG AFSLÁTTUR AF EFTIRTÖLDUM VÖRUM

**25% AF ÖLLUM ÚTIVISTARFATNAÐI**
**25% AF ÖLLUM RUSSELL HOBBS SMÁRAFTÆKJUM**
**20% AF ÖLLUM VERKFÆRUM**
**20% AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM**

*AFSLÁTTUR GILDIR EKKI AF LIFANDI JÓLATRJÁM



TAKMARKAÐ MAGN

**JÓLATRÉ KJARAKLÚBBSINS***
NORMANNSPINUR STANDARD FLOKKUR
**150-240 cm**
**3.990 kr.**

## JÓLALANDIÐ SKÚTUVOGI



### Dagskrá laugardag

| JÓLASVEINAR KOMA Í HEIMSÓKN | Mosfellskór syngur jólalög |
|---|---|
| kl. 13:30-14:30 | kl. 15:00-16:00 |

KAFFI GARÐUR

## JÓLAHLAÐBORÐ SKÚTUVOGI

Virkadaga kl. 17-20 • Helgar kl. 12-15 og 17-20



Aðeins **1.980kr**
Börn 10 ára og yngri aðeins **500kr**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

*AFSLÁTTUR gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar, lifandi jólatrjám og öðrum tilboðsvörum.

Gjaldtaka á skíðasvæðum:

## Gönguskíðafólk þarf að borga

**ÚTIVIST** Vetrarkort fyrir gönguskíðafólk í Bláfjöllum og Skálafelli mun kosta 12 þúsund krónur og dagskort kostar 600 krónur.

Þetta er ákvörðun stjórnar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sem sendi frá sér tilkynningu af því tilefni. Frítt verður fyrir 67 ára og eldri og yngri en 16 ára. Þá er hægt að fá vetrarkortið á gönguskíði á 10 þúsund krónur í desember. Fram til þessa hefur engin gjaldtaka verið fyrir gönguskíðafólk. - kdt

Samkeppniseftirlitið heimilaði samruna fyrirtækjanna í gær en viðræðurnar hófust í sumar:

# Sameining 365 miðla og Tals gengin í gegn

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið hefur heimilað samruna 365 miðla og fjarskiptafyrirtækisins Tals. Fyrirtækin hafa því sameinast undir merki 365.

Þetta kom fram í tilkynningu í gær en starfsmönnum var kynnt um tíðindin á fundi síðdegis sama dag.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365, segir spennandi tíma fram undan, bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk sameinaðs félags. Hann segir að í kjölfar sameiningarinnar verði unnt að bjóða skemmtilegar nýjungar, sem ekki hafi sést áður á fjarskiptamarkaðnum, neytendum til hagsbóta.

„Miklar breytingar eru að verða á afþreyingar- og fjarskiptamarkaði og sameinuð munu félögin geta boðið viðskiptavinum sínum upp á spennandi lausnir. Til að mynda eru miklar breytingar fram undan á dreifingu sjónvarpsefnis þar sem snjalltæki eru í auknum mæli að taka við hlutverki hinna hefðbundnu myndlykla,“ segir Sævar.

Eina áþreifanlega breytingin fyrir viðskiptavini félaganna fyrst í stað er sú að Tal mun flytja með skrifstofu og verslun úr Grímsbæ í höfuðstöðvar 365 í Skaftahlíð. Þar með verður stigið fyrsta skrefið í að samþætta þjónustu beggja fyrirtækjanna.

Í tilkynningu 365 segir að nýjar áherslur sameinaðs félags verði kynntar strax á nýju ári. Sameiningarviðræður fyrirtækjanna hófust í sumar. - ktd / hg



**FORSTJÓRI 365** Sævar Freyr Þráinsson segir spennandi tíma fram undan hjá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tekur til starfa í janúar:

## Bjarni ráðinn til SASS


**BJARNI GUÐMUNDSSON**

**ATVINNUMÁL** Bjarni Guðmundsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) en gengið var frá ráðningu hans á stjórnarfundi samtakanna í gær.

Alls sóttu 45 um starfið en fjórir drógu umsókn sína til baka. Bjarni gegndi stöðu framkvæmdastjóra þróunar hjá RÚV frá árinu 2007 til 2014 en lét af þeim störfum sl. vor. Bjarni hefur áralanga stjórnunarreynslu.

Áætlað er að Bjarni taki til starfa hjá SASS í janúar 2015. - mhh

Fór fram á miskabætur:

## Voru sýknuð í héraðsdómi

**DÓMSMÁL** Óðinn Jónsson, fyrrverandi fréttastjóri RÚV, og Malín Brand fréttamaður voru í gær sýknuð fyrir héraðsdómi í meiðyrðamáli sem fyrrverandi slökkviliðsmaður höfðaði á hendur þeim.


**ÓÐINN JÓNSSON**

Maðurinn fór fram á miskabætur og að tiltekin ummæli yrðu dæmd ómerk. Umfjöllun RÚV sem stefnt var fyrir snerist um að maðurinn, sem starfaði þá hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, hefði verið dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn barni. Honum var í kjölfarið vikið úr starfi. Maðurinn var árið 2003 dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir blygðunarsemisbrot og kynferðislega áreitni gagnvart stúlku. - ak

# Ná ekki að loka sprungunni

Enn hefur ekki tekist að loka heitavatnssprungunni sem opnaðist í Vaðlaheiðargöngum í febrúar. Verktakinn hefur gert þrjár tilraunir og náð að minnka flæðið talsvert. Vatnið verður leitt út úr göngunum í rörum.


**VAÐLAHEIÐARGÖNG** Þessa dagana streyma um 140 lítrar af heitu vatni út úr göngunum á hverri sekúndu. MYND/VALGEIR

**FRAMKVÆMDIR** Ekki verður gerð önnur tilraun til að loka heitavatnssprungunni sem opnaðist í Vaðlaheiðargöngum í febrúar. Vatnið verður leitt út úr göngunum í rörum en einnig streymir talsvert af heitu vatni úr minni sprungum innar í göngunum.

Stóra sprungan dælir enn um 65 lítrum af 46 gráðu heitu vatni inn í göngin Eyjafjarðarmegin á hverri sekúndu. Þrjár tilraunir hafa verið gerðar til að loka henni með sérútbúinni efnablöndu. Síðustu tilrauninni lauk í lok nóvember en þá tókst að minnka strauminn um 30 lítra á sekúndu.

„Þá var dælt ofan í sprungusvæðið í nokkra daga og þá lokaðist á einum stað en opnaðist á öðrum. Allar þessar aðgerðir hafa skilað einhverjum árangri en við teljum ekki forsvaranlegt að eyða meiri tíma í að reyna að þétta svæðið betur,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri verkkaupans Vaðlaheiðarganga hf.

Alls streyma nú um 140 lítrar af heitu vatni úr göngunum á hverri sekúndu. Um 50 lítrar af allt að 59 gráðu heitu vatni koma úr minni sprungum innar í göngunum. Lofthitinn er í kringum 30 gráður og vonast er til að hann lækki þegar vatnið úr stóru sprungunni verður komið í rör.

„Það lekur mest við stafn ganganna en það stendur til að loka fyrir það með efnaþéttingu. Pípurnar verða svo til bráðabirgða til að minnka uppgufun og hitann,“ segir Valgeir.

Framkvæmdir við að loka sprungunni hafa verið kostnaðarsamar. Efnablandan er dýr og erlendir sérfræðingar hafa komið að framkvæmdunum. Gangagerðin hefur einnig tafist vegna heita vatnsins og verkið er nú á eftir áætlun. Valgeir segir ekki búið að taka saman hversu mikið efnablandan hefur kostað.

„Þetta er kostnaður sem má alltaf búast við í svona verki en efnagrauturinn er dýr og þetta hleypur á tugum milljóna króna. Samt sem áður erum við bara búin að nota einungis brot af því magni sem fór í gerð Héðinsfjarðarganga.“

Valgeir segir ekki ljóst hvenær gangagerð í Eyjafirði getur hafist aftur.

„Það verður ekki fyrr en aðstæður batna og vatnið þeim megin minnkar. Vonandi getum við byrjað þar aftur á fyrstu mánuðum næsta árs.“

Hitinn og rakinn í göngunum urðu til þess að tæki og tól verktakans Ósafls voru færð yfir í Fnjóskadal í september. Þar hefur tekist að bora og sprengja 760 metra og eru göngin því nú alls 3.450 metra löng.

„Þar gengur ágætlega en þó erum við búin að vera í leiðindabergi inn á milli en það er ekki hægt að segja að það sé að tefja verkið þeim megin. Þar að auki er lítið sem ekkert vatn þar.“

haraldur@frettabladid.is



**„Allar þessar aðgerðir hafa skilað einhverjum árangri en við teljum ekki forsvaranlegt að eyða meiri tíma í að reyna að þétta svæðið betur.**

*Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri verkkaupans Vaðlaheiðarganga hf.*





TAX
FREE
DAGAR
AFNEMUM
VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM
HERRA- OG
BARNAFATNAÐI
11.-14. DESEMBER
*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Svipt fjárræði yfir syni sínum

Hulda Ragnheiður Árnadóttir, móðir 17 ára pilts, hætti að vera skráð fyrir reikningum í nafni sonar síns eftir að hún hóf sambúð að nýju. „Sem sjálfstæð kona þykir mér þetta ákveðin niðurlæging,“ segir Hulda Ragnheiður.

**Sveinn Arnarsson**
sveinn@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta er réttlætismál. Völdin voru tekin af mér og ég var svipt völdum yfir 17 ára syni mínum, dreng sem ég ber alla ábyrgð á. Þjóðskrá yppir bara öxlum og telur sig ekkert geta gert,“ segir Hulda Ragnheiður Árnadóttir, móðir 17 ára drengs.

Eftir að Hulda Ragnheiður skráði sig í sambúð svipti Þjóðskrá hana fjárhagslegu forræði yfir syninum, þrátt fyrir að hún væri með fullt forræði og forsjá yfir honum.

Hulda Ragnheiður og sambýlismaður hennar skráðu sig í sambúð fyrir skömmu. Hulda Ragnheiður hafði í áratug haft ein fullt og óskorað forræði yfir syni sínum og var hann í hennar forsjá. Við það að Hulda og sambýlismaður hennar skráðu sig í sambúð hætti hún að fá senda reikninga stílaða á son hennar. „Ég fæ þau svör frá Þjóðskrá að það sé vegna þess að sambýlismaður minn er eldri en ég. Reglurnar hjá stofnuninni eru einfaldar og eru á þá leið að sá sem elstur er á heimilinu hafi þá höfuðábyrgð að taka við öllum reikningum ófjárráða barna sem skráð eru á sama heimilisfangi. Nú hefur þessu verið breytt, gegn vilja mínum, eftir áratugalangt sjálfstæði. Sem sjálfstæð kona þykir mér þetta ákveðin niðurlæging.“

Hulda taldi í fyrstu að um smávægileg mistök hefði verið að ræða þegar reikningur frá heilsugæslu kom inn um lúguna, stílaður á sambýlismann hennar. „Við hlógum yfir þessu og héldum að einhver á heilsugæslustöðinni hefði ákveðið þetta sisona sjálfur. Við eftirgrennslan kom allt annað í ljós. Þetta er komið út um allt kerfi. Bankarnir kaupa gagnagrunna af Þjóðskrá. Reikningar koma því ekki á heimabankann minn, ekki heimabanka sonar míns, heldur sambýlismanns míns,“ segir Hulda Ragnheiður.



> **Þetta er réttlætismál. Völdin voru tekin af mér og ég var svipt völdum yfir 17 ára syni mínum, dreng sem ég ber alla ábyrgð á.**
>
> *Hulda Ragnheiður Árnadóttir*

Ingveldur Hafdís Karlsdóttir, deildarstjóri almannaskráningar Þjóðskrár, segir kröfur samfélagsins kalla á breytingar. „Þjóðskrá hvorki skráir forræði barna né tengsl þeirra. Börn undir lögaldri eru hins vegar tengd fjölskyldunúmeri þess sem er elstur á lögheimili barnsins. Það segir ekkert um forsjá barnsins né hverjir eru foreldrar þess. Rétt er að vekja athygli á því að Þjóðskrá Íslands er fullkunnugt um nauðsyn þess að börn séu vensluð við foreldra í Þjóðskrá óháð því hvar lögheimili þeirra eru skráð. Skráning slíkra upplýsinga er nauðsynleg fyrir hinar ýmsu stofnanir, fyrirtæki og ekki síst foreldra barna. Mikill vilji er hjá Þjóðskrá Íslands til þess að skrá og fanga vensl barna við foreldra í Þjóðskrá og miðla þeim upplýsingum áfram. Hins vegar hefur ekkert fjármagn fengist til þess að þróa þjóðskrárkerfið og því lítið áunnist í að koma til móts við þarfir hagsmunaaðila þótt viljinn sé sannarlega fyrir hendi. Hulda Ragnheiður segir þetta kannski ekki hafa mikil áhrif á daglegt líf sitt en geta kannski skipt höfuðmáli fyrir aðra sem búa við sömu aðstæður,“ segir Ingveldur Hafdís.

„Þjóðskrá segir þetta vera þær reglur sem hún vinni eftir. Nú er fjölskyldan ein heild á einu fjölskyldunúmeri og ekkert hægt að breyta því. Horft er blint á fjölskyldunúmerið í gagnagrunninum án þess að horft sé á fjölskyldumynstrið. Það er enginn vandi að breyta þessum reglum og færa þær í átt að nútímanum.“

Hulda Ragnheiður og sambýlismaður hennar eru með aðskilinn fjárhag og stefna þau ekki á að breyta því. „Hver stofnunin bendir á aðra til að lagfæra skráninguna; Þjóðskrá bendir á bankann, bankinn á sýslumannsembættið sem aftur bendir mér á Þjóðskrá.“

sveinn@frettabladid.is



**RÉTTLÆTISMÁL** Þjóðskrá svipti móður 17 ára drengs fjárhagslegu forræði yfir syninum þegar hún skráði sig í sambúð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## „Tölvan segir nei“



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, er einn þeirra sem hafa sett fram gagnrýni á gagnagrunna Þjóðskrár og flutt þingmál sem taka á skráningu barna og ólíkum fjölskyldugerðum.

„Tölvan er allt of mikið að segja nei hjá Þjóðskrá. Við í Bjartri framtíð höfum verið með þingmál sem taka á þessu og verið samþykkt. Til dæmis að það þurfi að uppfæra skráningu á ólíkum fjölskyldumynstrum, að börn búa til dæmis á tveimur heimilum og umgengnisforeldrar eru líka foreldrar sem þarf að skrá sérstaklega. Þetta snýst fyrst og fremst um að veruleiki barna er miklu flóknari en endurspeglast í tölvu Þjóðskrár. Það er greinilegt að það þarf að gera meira og gagnagrunnur Þjóðskrár verður að endurspegla veruleikann. Ég efast ekki um að starfsmenn Þjóðskrár séu allir af vilja gerðir til að laga þetta. Tölvan verður að fara að segja meira já,“ segir Guðmundur.



**VILJA REGLUR** Sjálfstæðismenn vilja reglur um byggingarétt. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Tillaga sjálfstæðismanna:

## Vilja móta reglur um greiðslur

**STJÓRNMÁL** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu á borgarráðsfundi á fimmtudag um að mótaðar yrðu reglur um greiðslur fyrir aukinn byggingarrétt á þegar byggðum eða úthlutuðum lóðum.

Lögðu þeir til að mótuð yrði gjaldskrá fyrir aukinn byggingarrétt sem fenginn sé með breyttu deiluskipulagi hvort sem um er að ræða óbyggðar lóðir eða þar sem byggingarmagn er aukið verulega í eldri hverfum.

Tóku þeir fram að í nýrri gjaldskrá þyrfti að taka tillit til þess að slíkt gjald hefði ekki áhrif á einstaklinga sem hyggjast ráðast í eðlilegar endurbætur. Afgreiðslu tillögunnar var frestað. - vh

Faroe Petroleum hættir við:

## Skilar sérleyfi á Drekasvæðið

**ORKUMÁL** Einn þriggja sérleyfishafa á Drekasvæðinu, hópur undir forystu Faroe Petroleum, hefur fallið frá olíuleitinni. Orkustofnun barst í gær erindi frá Faroe Petroleum þar sem tilkynnt er að félagið ásamt samstarfsaðilum þess, Petoro Iceland og Íslensku kolvetni, skili sérleyfi sínu, sem útgefið var 4. janúar 2013.

Í tilkynningu frá Íslensku kolvetni segir að niðurstöður frumrannsókna bendi til þess að næsti áfangi muni ekki skila tilætluðum árangri. - kmu




*Farþegar sem ferðast á sömu bókun. Verð byggt á 742 lausum sætum fyrir €48,99 eða lægra þann 21. nóvember 2014. Fyrir ferðir á tímabilinu 21. nóvember 2014 – 30. júní 2015. Við fljúgum frá Keflavíkurflugvelli (KEF). Við hefjum flug til Belfast (BFS) 12. desember 2014. Viðbótargjöld fyrir kreditkortagreiðslur og farangur. Sjá easyJet.com

# Framúrskarandi hönnun og tæknileg fullkomnun

Mercedes-Benz GLK er ríkulega búinn og einstaklega öflugur sportjeppi. Hann er búinn hinu háþróaða 4MATIC aldrifskerfi þar sem hönnuðir og tæknimenn Mercedes-Benz hafa stigið enn eitt skrefið í átt til fullkomnunar. 4MATIC aldrifskerfið tryggir framúrskarandi aksturseiginleika og aukinn stöðugleika. Kerfið er ávallt virkt og bregst strax við breyttum akstursaðstæðum, t.d. mikilli úrkomu, ísingu eða snjó.

Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur GLK til sýnis og reynsluaksturs.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-2422

**GLK 220 CDI BlueEFFICIENCY, 4MATIC aldrifsbúnaður, 7 þrepa sjálfskipting, 170 hö., dráttargeta 2.400 kg. Eyðsla frá 6,1 l/100 km í blönduðum akstri.**

**Verð frá 6.990.000 kr.**

Mercedes-Benz

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland" á Facebook

Rithöfundar mættu á palla:

# Mótmæltu bókaskattinum

**STJÓRNMÁL** Rithöfundar mættu á þingpalla Alþingis í gær og gripu þar fyrir augu og eyru þegar atkvæðagreiðsla um hækkun virðisaukaskatts á bækur fór fram. Áður en atkvæðagreiðslan um breytingarnar hófst höfðu rithöfundar með táknrænum hætti raðað eintökum af ljóðabók á tröppur við þinghúsið.

Fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokka mótmæltu fyrirætlunum stjórnvalda um að hækka neðra þrep virðisaukaskattsins. **- hmp**

Samband við GPS-stöðina í öskju Bárðarbungu liggur niðri og veður leyfir ekki frekari aðgerðir:

# Hraunið rennur aðallega í lokuðum rásum

**NÁTTÚRA** Merki eru um að hraunið frá eldstöðinni í Holuhrauni flæði nú einkum í lokuðum rásum sem opnast nærri jöðrum þess, en að undanförnu hefur það aðallega breitt úr sér til norðurs.

Flatarmál hraunsins er nú um 78,6 ferkílómetrar.

Þetta kom fram á fundi vísindamannaráðs í gærmorgun þar sem vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og Sóttvarnalækni funduðu. Eldgosið heldur annars áfram með líkum hætti og verið hefur síðustu vikur.

Jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu er enn öflug. Stærsti skjálftinn frá hádegi á miðvikudag mældist 4,6, en alls mældust rúmlega 130 skjálftar á tímabilinu. Lítil jarðskjálftavirkni mældist við bergganginn og gosstöðvarnar sjálfar.

Enn hefur ekki tekist að koma á sambandi við GPS-stöðina í öskju Bárðarbungu, og vegna veðurs verður það ekki hægt næstu daga.

Þá er Umhverfisstofnun að skipuleggja dreifingu handmæla úti um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu gasmengunarinnar. **- shá**



**NORNAHRAUN** Þekur nú um 78,6 ferkílómetra lands norðan Vatnajökuls. MYND/MORTENRIISHUUS

Ísland í 10. sæti yfir loftslagsvænstu ríki veraldar:

# Ísland minnir á ógnir við lífríki hafsins

**UMHVERFISMÁL** Ísland styður gerð hnattræns framtíðarsamkomulags í loftslagsmálum. Þetta kom fram á 20. aðildarríkjaþingi Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í Líma í Perú. Fulltrúar Íslands á þinginu vöktu athygli á þeirri ógn sem höfunum og lífríki þeirra stafar af loftslagsbreytingum og súrnun sjávar, sem væri sérstakt áhyggjuefni fyrir ríki sem byggðu afkomu sína á auðlindum hafsins.



**BRIM** Ísland minnti á ógnir við lífríki hafsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Danmörk telst vera loftslagsvænsta ríki heims þriðja árið í röð, ef marka má mat félagasamtakanna Germanwatch og Climate Action Network. Ísland er í tíunda sæti á listanum sem er líka óbreytt staða frá því í fyrra.

Samtökin leggja til grundvallar magn losunar gróðurhúsalofttegunda, þróun losunar, hlut og þróun endurnýjanlegrar orku, orkusparnað og stefnumótun í loftslagsmálum.

Önnur ríki á topp tíu í þessari röð eru Svíþjóð, Bretland, Portúgal, Kýpur, Marokkó, Írland, Sviss og Frakkland. Noregur er í 24. sæti, Finnland í 29., Bandaríkin í 41., Kína í 42. og Ástralía og Sádi-Arabía lenda svo í tveimur neðstu sætunum. **- shá**


**Ný verðskrá fyrir áskriftarþjónustu 365 miðla**

Reykjavík, 13. desember 2014

Þann 1. janúar næstkomandi mun taka í gildi ný verðskrá fyrir áskriftarstöðvar 365 miðla vegna stjórnvaldsbreytinga á virðisaukaskatti.

Viðskiptavinir 365 eru hvattir til þess að kynna sér nýja verðskrá á **365.is/tilkynningar**.

365.IS




**SUNDLAUG KÓPAVOGS** Gym heilsa hefur áfram aðstöðu í sundlaugum Kópavogs fram á mitt ár 2016 eftir að hætt var við útboðsferli á leigunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hafna 659 milljóna kröfu World Class

Kópavogsbær segist verja hagsmuni með framlengingu samnings við Gym heilsu um leigu á líkamsræktaraðstöðu í sundlaugum Kópavogs og hafnar 659 milljóna króna kröfu Lauga sem tóku þátt í útboði um leiguna og segja ekki farið að lögum.

**STJÓRNSÝSLA** Kópavogsbær hafnar fullyrðingum forsvarsmanna Lauga ehf. um að bærinn sé skaðabótaskyldur gagnvart félaginu með því að framlengja samning við Gym heilsu ehf. um leigu á líkamsræktaraðstöðu við sundlaugar Kópavogs.

Laugar, sem reka World Class-stöðvarnar, tóku þátt í útboði á leigu líkamsræktaraðstöðunnar við sundlaugar Kópavogs. Eftir að útboðið hafði farið fram var að sögn bæjaryfirvalda ákveðið að fresta útboðinu þar til bærinn hefði markað sér lýðheilsustefnu.

„Líkt og fram kemur í bréfi Kópavogsbæjar til þín, dags. 7. október 2014, tók Kópavogsbær ákvörðun um að ganga ekki til samninga við Laugar ehf. í kjölfar útboðsins þar sem talið var að tilboð félagsins uppfyllti ekki kröfur útboðsgagna,“ segir í bréfi bæjarráðs Kópavogs þar sem kröfu Lauga um efndabætur er svarað.

Í kröfubréfi Lauga kemur fram að tilboð félagsins hafi verið hagstæðast en því hafi verið hafnað þar sem endurskoðaðan ársreikning hafi vantað. Þó hefði bærinn ekki gert neinar efnislegar athugasemdir við innihald hans. Ákvörðun bæjarins um að hafna tilboðinu sé ólögmæt og valdi Laugum gríðarlegu tjóni. Krafist sé 659 milljóna króna í bætur.

Bæjarráðið segir að í ljósi ýmissa álitaefna sem upp hafi komið við útboðið hafi bærinn talið að hagsmunir bæjarbúa yrðu best tryggðir ef fyrir lægi skýr stefna um markmið útleigu húsnæðisins áður en ráðist yrði í nýtt útboð. Framlenging uppsagnarfrests leigusamnings við núverandi leigutaka, Gym heilsu ehf., sé aðeins tímabundið úrræði til að tryggja fjárhagslega hagsmuni bæjarins og bæjarbúa þar til húsnæðið verði boðið út á ný. Gym hefur nú samning fram til 1. júní 2016.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON** Bæjarstjórinn tjáir sig ekki um bótakröfu Lauga ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Tilboð félagsins uppfyllti ekki kröfur útboðsgagna.**
>
> *Úr bréfi Kópavogsbæjar til Lauga.*

„Þar sem ekki náðist að semja um útleigu húsnæðisins í kjölfar útboðsins hefur töluverð óvissa ríkt í viðskiptum núverandi leigutaka [Gym heilsu]. Þar sem leigutekjur Kópavogsbæjar af útleigu húsnæðisins eru tengdar veltu leigutaka hefur slík óvissa töluverð áhrif á tekjur Kópavogsbæjar af húsnæðinu,“ segir bæjarráðið.

Ákvörðun um þessa „skammtímaráðstöfun“ hafi því verið tekin til að forða Kópavogsbæ frá tjóni á meðan unnið sé að því að bjóða húsnæðið fram að nýju í samræmi við lýðheilsustefnu. „Og verður Laugum ehf. líkt og öðrum þá frjálst að bjóða í húsnæðið,“ segir bæjarráðið sem kveður framgöngu sína í málinu vera lögmæta og að „bærinn hafi ekki valdið Laugum tjóni með saknæmum hætti“.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri kveðst ekki vilja tjá sig um málið. **gar@frettabladid.is**


**Jólagjöfin í ár fæst í Múrbúðinni!**



**Lavor háþrýstidæla STM 160**

Made by Lavor

- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Slanga fyrir stíflulosun
- Þvottabursti

**28.990**

Klettháls Reykjavík

Reykjanesbæ

Meiri gæði · Lægra verð · MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


FRÁBÆR TILBOÐ!
SKOÐAÐU OPNUNARTÍMANN Á WWW.RFL.IS
NÝTT KORTATÍMABIL VISA
JÓLASVEINNINN KEMUR Í ALLAR VERSLANIR OKKAR MILLI KL. 14 - 16 LAUGARDAGINN 13. DESEMBER.
TAKTU ÞÁTT Í LJÓSMYNDAKEPPNI OG TAKTU MYND AF ÞÉR MEÐ JÓLASVEININUM. VERÐLAUN FYRIR 3 EFSTU SÆTIN.
ÞÚ GETUR UNNIÐ 100.000 KR. GJAFABRÉF
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÚNSÆNGUM
35-65% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLATRJÁM
2 FYRIR 1
NÚ 2 STK. 499
JÓLABOLLAR
2 fyrir 1.
Vnr. 6029002
4 STK. FULLT VERÐ: 995
499
4 STK.
4 STK. 50% AFSLÁTTUR
JÓLAGLÖS
4 stk. í pakka. Vnr. 5668300
ALLAR JÓLASTJÖRNUR 40-50% AFSLÁTTUR
JÓLASTJARNA NÚ FRÁ: 399
JÓLASTJÖRNUR
Fallegar jólastjörnur. Einnig fæst peru-
stæði með rofa fyrir jólastjörnur 995
Vnr. 5671300, 5671400, 5671800
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNI- OG ÚTISERÍUM
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÆNGURVERA-SETTUM
SPARIÐ 35.000
FÆTUR OG BOTN FYLGJA
120 X 200 SM.
FULLT VERÐ: 84.950
49.950
BLUE SKY DÝNA
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m². Innifalin í verði er
4 sm. þykk yfirdýna. Stærð: 120 x 200 sm. Vnr. 8880000633
VALITOR KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
TILBOÐIN GILDA TIL 14.12.14









**ÍSLAND NÝTT Í MILLILENDINGAR** Forsætisráðherra segir málið alvarlegt og kannað verði hvort aðstaða á Íslandi hafi verið misnotuð. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Rannsaka þátt Íslands

Utanríkisráðuneytið rannsakar nýjar upplýsingar í skýrslu Bandaríkjaþings um fangaflug. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir málið mjög alvarlegt.

**STJÓRNMÁL** Utanríkisráðuneytið rannsakar nú þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu Bandaríkjaþings um pyntingar á föngum. Þetta kom fram í máli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gær.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði að skýrslan lýsti forkastanlegri meðferð bandarísku leyniþjónustunnar á saklausu fólki.

„Af þeirri skýrslu má ráða að reiknað er með að Ísland hafi verið nýtt til millilendingar með saklaust fólk. Við vitum það að frá og með sumri 2007 var mörkuð sú stefna að leita í flugvélum sem grunaðar vorum um að vera með fanga. En það er lítið vitað um tímabilið frá 2001-2007. Mig langar þess vegna til að vita hvort þessi skýrsla kalli ekki á það að Ísland geri hreint fyrir sínum dyrum og við gröfumst fyrir um það til fulls hvað gerðist á þessum árum,“ sagði Árni Páll.

Hann vill vita hvort gefin hafi verið fyrirheit til leyniþjónustu Bandaríkjanna um að hún gæti millilent hér á Íslandi í friði, nýtt flugvelli og aðstöðu. Hafi þau fyrirheit verið gefin vill Árni Páll vita hver gaf þau. „Voru það ráðherrarnir tveir sem ákváðu stuðninginn við Íraksstríðið? Var þetta hluti af þeirri ákvarðanatöku?“ spurði Árni Páll, en ráðherrarnir tveir voru Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson.

„Árið 2007 var skrifuð skýrsla um þessi mál. Nú veit ég til þess að utanríkisráðuneytið er aftur að fara yfir málið og rannsaka það í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu í fyrrnefndri skýrslu.



**ERFIÐIR DAGAR** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var mæðulegur á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Af þeirri skýrslu má ráða að reiknað er með að Ísland hafi verið nýtt til millilendingar með saklaust fólk.**

*Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.*

Það er að segja vinnu Bandaríkjaþings,“ sagði Sigmundur Davíð og tók undir með Árna Páli. „Þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál og mikilvægt að kanna hvort að aðstaða á Íslandi hafi á einhvern hátt verið misnotuð í þessum aðgerðum,“ sagði Sigmundur Davíð. **jonhakon@frettabladid.is**

## Alþingi fordæmi pyndingarnar

Þingmenn stjórnarandstöðunnar vilja að Alþingi fordæmi harðlega pyndingar bandarísku leyniþjónustunnar. Þetta kemur fram í þingsályktunartillögu sem lögð var fram á Alþingi í gær. Flutningsmenn tillögunnar segjast telja afar brýnt að sú hræðilega meðferð á fólki sem lýst er í fyrrgreindri skýrslu verði fordæmd um heim allan og mælast til þess að Alþingi Íslendinga bregðist skjótt við og fordæmi þessi grimmdarverk með formlegum og opinberum hætti.

Í tillögunni er bent á að Alþingi hafi áður fordæmt mannréttindabrot og ómannúðlega meðferð á föngum í búðum Bandaríkjamanna við Guantanamoflóa á Kúbu. Með tillögunni nú sé lagt til að slík fordæming verði ítrekuð í ljósi nýrra upplýsinga sem fram hafa komið með hinni nýju skýrslu.

Síminn


# Girnilegu jólaeplin fást hjá okkur





## iPhone 6

Þú færð iPhone 6 í öllum stærðum og gerðum með myndarlegum kaupauka í verslunum Símans fyrir jólin. Nýttu tækifærið og hagstæð greiðslukjör ef þig langar í símann sem allir eru að tala um - eða ef þú vilt gefa jólagjöf sem segir sex!

### iPhone 6 16GB

Fullkomnasta jólagjöf Apple hingað til.

5.390 kr.
á mánuði í 24 mánuði*

Sveigjanlegur **Góður** og **Spotify Premium** á 0 kr. í 6 mánuði.**

Staðgreitt: 119.900 kr.

16GB · 8MP · 4,7" · 2x 1,4Ghz · 4G

**64GB** · 5.990 kr. á mánuði í 24 mán.* · Stgr.: 134.900 kr.
**128GB** · 6.790 kr. á mánuði í 24 mán.* · Stgr.: 149.900 kr.

### iPhone 6 Plus 16GB

Fullkomnasta jólagjöf Apple, bara stærri.

5.890 kr.
á mánuði í 24 mánuði*

Sveigjanlegur **Góður** í 6 mánuði.***

Staðgreitt: 129.990 kr.

16GB · 8MP · 5,5" · 2x 1,4Ghz · 4G

**64GB** · 6.790 kr. á mánuði í 24 mán.* · Stgr.: 149.900 kr.
**128GB** · 7.490 kr. á mánuði í 24 mán.* · Stgr.: 164.900 kr.

ENNEMM / NM66352

*Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og myndabrengl. Verð getur breyst án fyrirvara.

siminn.is




KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA • SÍA

ALLT FYRIR JÓLIN Á

# EINUM STAÐ

Njóttu aðventunnar með okkur í Kringlunni! Við bjóðum þér inn í hlýjuna þar sem þú getur keypt allt fyrir jólin og notið jólalegrar skemmtidagskrár sem er full af söng og fjöri. Boðið verður upp á piparkökur og ilmandi kaffi frá Kaffitári auk þess sem jólasveinar verða á ferðinni í göngugötu.





## LAUGARDAGUR

**13.30**
Einar Mikael töframaður

**14.30**
Goggi og Íþróttaálfurinn

**15.00**
Anna Sigríður Helgadóttir syngur

**16.00**
Jóladjass

**14–16**
Myndataka með jólasveininum við jólatréð

## SUNNUDAGUR

**13.30**
Siggi sæti og Íþróttaálfurinn

**14.00**
Vísinda-Villi, Sveppi, Gunnar Helga, Ævar Þór og Guðni Líndal skemmta og árita bækur sínar

**15.00**
Helgi Björns tekur lagið

**16.00**
Jónas Þórir leikur ljúfa jólatóna

**14-16**
Myndataka með jólasveininum við jólatréð



NÝTT GÓÐGERÐAR-APP

# KRINGLUJÓL

Kringlujól er bráðskemmtilegur leikur sem gefur meira en bara gleði. Allir sem spila hjálpast að við að safna pökkum. Hver leikmaður safnar stigum í sameiginlegan pott og eftir því sem stigafjöldi eykst, bæta fyrirtæki í Kringlunni við pakkasöfnunina. Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands sjá um að útdeila pökkunum. Á sama tíma getur þú unnið glæsilega vinninga í leiknum.

Náðu þér í Kringlujól á App Store eða Google Play.

App Store   Google play

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

Fá 7,5 milljónir til þróunar:

## Fá Evrópustyrk vegna toghlera

**NÝSKÖPUN** Fyrirtækið Pólar Toghlerar hefur fengið vilyrði fyrir styrk frá Evrópusambandinu til vöruþróunar á stýranlegum toghlerum. Styrkurinn er 7,5 milljónir sem notast við gerð markaðs- og áreiðanleikakönnunar sem frekara þróunarstarf mun byggja á.

Sú þróun lýtur að notkun við togveiðar og einnig fyrstu skref í þróun á stýranlegu tækninni til mun stærri hlera sem notaðir eru við rannsóknir á olíusetlögum.

- shá

Landsnet hafði frumkvæði að því að farið yrði í mat vegna áforma um háspennulínu um Sprengisand:

# Umhverfismatið gæti kostað 150 milljónir

**ORKUMÁL** Landsnet áætlar að kostnaður fyrirtækisins við umhverfismat vegna áforma um lagningu háspennulínu um Sprengisand nemi á bilinu 100 til 150 milljónum króna.

Þetta kemur fram í svari Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur, þingmanns Vinstri grænna.

Einnig kemur þar fram að Landsnet hafði frumkvæði að því að farið yrði í umhverfismat á 220 kílóvatta háspennulínu sem myndi fara um Sprengisand og ná milli Suður- og Norðurlands.

„Mat á umhverfisáhrifum Sprengisandslínu er á frumstigi og á þessu stigi ómögulegt að áætla nákvæmlega kostnað við matið,“ segir í svari iðnaðarráðherra.

Landsnet vill reisa Sprengisandslínuna vegna þess að byggðalínan, sem var tekin í notkun árið 1984, ber ekki alla þá raforku sem flytja þarf á milli landshluta.

- hg



**RAFLÍNUR** Hugmyndin um háspennulínu um Sprengisand hefur verið gagnrýnd af Náttúruverndarsamtökum Íslands og Landvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Losar 226% meira en iðnaður og samgöngur samtals

Rök fyrir stóraukinni endurheimt votlendis sem ræst hefur verið fram á Íslandi er gríðarleg losun gróðurhúsalofttegunda frá uppþurru landinu. Losun framræsts lands hér er metin 7,74 milljónir tonna $CO_2$-ígilda.

**UMHVERFISMÁL** Losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim 3.900 ferkílómetrum votlendis sem þurrkaðir hafa verið með framræslu hér á landi er miklu meiri en er frá allri brennslu jarðefnaeldsneytis og iðnaði á hverju ári.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur hátt í helmingur alls votlendis á Íslandi verið ræstur fram. Í þessum tilgangi voru grafnir um 33.000 kílómetrar af skurðum. Verulegur hluti þessa lands er ekki nýttur en þetta inngrip í náttúruna hefur víðtæk áhrif og endurheimt lands er talin aðkallandi umhverfismál. Slík endurheimt á 20 ára tímabili til ársins 2012 var sex ferkílómetrar þegar allt er talið.

Það sem vitað er núna, en ekki þegar skurðirnir voru flestir grafnir, er að framræsla votlendis veldur oxun eða bruna á lífrænum efnum í mold sem stuðlar að losun koltvísýrings ($CO_2$) út í andrúmsloftið. „Þessi losun er mjög mikil á Íslandi. Endurheimt votlendis hefur því mjög fjölþætt gildi bæði sem náttúruverndaraðgerð og til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,“ benda nefndarmenn á í fyrrnefndri skýrslu.

Í svari umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, um þetta tiltekna atriði kemur fram að losun frá framræstu votlendi hér á landi var 7,74 milljónir tonna $CO_2$-ígilda árið 2012. Losun vegna orkunotkunar var hins vegar 1,55 milljónir tonna og vegna iðnaðarferla 1,88 milljónir tonna þetta ár. Losun frá framræstu mólendi var því 226% meiri en samanlögð losun vegna orkunotkunar og iðnaðarferla hér á landi.



**GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON**

„Alþjóðasamfélagið er sífellt meira að krefjast verndar á votlendissvæðum og endurheimtar þeirra sem hefur verið raskað. Allt hefur þetta verið til skoðunar hjá stjórnvöldum en aldrei verið settir fjármunir í að gera þetta,“ segir Guðmundur Halldórsson, rannsóknarstjóri hjá Landgræðslunni, sem er þeirrar skoðunar að hefjast verði handa. Verkefnið sé tímafrekt enda inngripið í náttúru Íslands gríðarlegt. „Það tekur langan tíma fyrir landið að gróa saman aftur, eftir að það er búið að rista það í sundur með þessum hætti,“ segir Guðmundur og bætir við að það sé ekki síst vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, þótt aðrir þættir spili inn í þá mynd.

svavar@frettabladid.is



**FRAMRÆST LAND** Landið grær með tímanum en skilvirkasta aðferðin er að fylla skurðina aftur í heild sinni. MYND/JÓN GUÐMUNDSSON

## VEL GERLEGT AÐ ENDURHEIMTA LANDGÆÐIN

Hestmýri í landi Mávahlíðar við Hest í Borgarfirði var fyrsta svæðið sem endurheimt var á vegum Votlendisnefndarinnar haustið 1996. Gömlum uppgreftri með skurðbökkum var ýtt ofan í skurði og þeim lokað. Allt í allt var fyllt upp í um 2 kílómetra af framræsluskurðum. Hestmýrin er um 35 hektara hallamýri sem ræst var fram í tilraunaskyni af Rannsóknastofnun landbúnaðarins fyrir um 30 árum. Margvíslegar rannsóknir fóru fram í mýrinni áður en hún var ræst fram og einnig var fylgst með breytingum á henni eftir framræsluna.

Rannsóknir voru hafnar aftur í mýrinni þegar ákveðið var að gera þar tilraun með endurheimt. Gerðar voru mælingar á gróðurfari, jarðvatnsstöðu, fugla- og skordýralífi og losun gróðurhúsalofttegunda.

Mælingar sem gerðar voru á jarðvatnsstöðu í mýrinni sumarið 1997 sýndu að svæðið blotnaði mikið upp við aðgerðirnar. Rannsóknir á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda í mýrinni leiddu í ljós að við endurheimt færist kolefnisbúskapur mýrlendis í svipað horf og áður og geta votlendisins til að binda koltvísýring úr andrúmslofti er endurheimt.

www.volkswagen.is




Volkswagen fólksbílar

Einstakt tækifæri

Nú nálgast jólin óðfluga og Volkswagen er í sérstöku jólastuði. Í tilefni jólanna eru **sýningar- og reynsluakstursbílar á frábærum kjörum** í desember.

Kynntu þér málið hjá sölufulltrúum okkar á Laugavegi 170.

Das Auto.

Til afgreiðslu strax

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is




GERÐU GÓÐ KAUP Á ÚTIVISTARFATNAÐI
OG SKÓM FYRIR JÓLIN.

OPIÐ TIL 18 ALLA HELGINA
Laugardagur 13. des. 10–18
Sunnudagur 14. des. 12–18

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!
Gjafabréf Ellingsen
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Of mikið af eiturefni í lífrænum barnamat Holle:

# Holle-barnamatur innkallaður

**NEYTENDUR** Yggdrasill hefur í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innkallað lífrænan barnamat vegna of mikils magns atrópíns í vörunum.

Á heimasíðu Matvælastofnunar segir að atrópín sé náttúrulegt eiturefni í jurtum sem geti valdið einkennum á borð við offöndun, ringlun og óróa.

Um er að ræða vörurnar Holle Organic Millet Porridge with rice með lotunúmerunum L14103 og L13219 og Holle Organic Millet Porridge apple-pear með lotunúmerinu L13239.

Jafnframt segir á heimasíðu Matvælastofnunar að stofnunin hafi fengið tilkynningu í gegnum evrópska hraðviðvörunarkerfið RASFF um innköllunina.

Vörurnar voru innkallaðar í Þýskalandi, Austurríki og Tékklandi þann 25. nóvember síðastliðinn. Þær upplýsingar fengust hjá heilbrigðiseftirlitinu að tilkynning hefði borist til Íslands þann 11. desember. Þá hefði strax verið farið að undirbúa innköllun varanna. - ibs



**HIRSIGRAUTUR** Þetta er önnur tegund barnamatarins sem hefur verið innkallaður.

# Tölvubilun setur flug í Evrópu úr skorðum

Mikil truflun varð á flugsamgöngum víða um Evrópu vegna þess að loftrýminu yfir London var lokað í 35 mínútur síðdegis í gær. Orsök lokunarinnar var bilun í tölvukerfi. Samgönguráðherra Bretlands hefur farið fram á rannsókn á málinu.

**BRETLAND** Meiriháttar truflun varð á flugsamgöngum á Bretlandseyjum og víðar í Evrópu eftir að loftrýminu yfir London var lokað í 35 mínútur síðdegis í gær.

Bilun í tölvukerfi flugstjórnarstöðvarinnar í Swanwick, sem stýrir flugumferð yfir London, olli því að loka þurfti lofthelginni.

Búið var að fella niður 66 flug frá Heathrow-flugvellinum í London þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Búist var við því að fleiri flug yrðu felld niður eftir því sem leið á kvöldið. Þá urðu tafir á hundruðum flugferða í gær vegna lokunarinnar á flugvöllum um alla Evrópu. Flugum Wow air og Icelandair til London síðdegis í gær seinkaði um tvær klukkustundir og kvöldflugi flugfélaganna aftur til Keflavíkur seinkaði um klukkustund. Talið er að tafir á flugumferð geti áfram orðið í dag, laugardag, vegna lokunar lofthelginnar í gær.

Martin Rolfe, talsmaður NATS, félagsins sem rekur flugstjórnarstöðina í Swanwick, sagði að orsök bilunarinnar væri ókunn en rannsókn stæði yfir. Rolfe gat þó sagt að búið væri að útiloka árás hakkara á tölvukerfið.

Patrick McLoughlin, samgönguráðherra Bretlands, var afar ósáttur við stöðuna. „Truflanirnar af þessari stærðargráðu eru óásættanlegar og ég hef farið fram við NATS að atvikið sem átti sér stað í kvöld verði rannsakað til hlítar,“ hefur The Guardian eftir McLoughlin.

Bilanir í flugstjórnarstöðinni Swanwick hafa verið tíðar síðan stjórnstöðin opnaði árið 2002, sex árum á eftir áætlun. Kostnaður við byggingu stjórnstöðvarinnar fór tvöfalt fram úr áætlun. Ár er síðan að bilun kom upp í símkerfi stjórnstöðvarinnar sem olli meiriháttar truflun á flugi. ingvar@frettabladid.is


**HEATHROW** Lokun loftrýmisins hafði áhrif á flugferðir þúsunda ferðalanga á Heathrow og fleiri flugvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HARPA

**Komdu í góðan félagsskap**

Verslunar- og þjónusturými

Harpa ohf. óskar eftir útfærðum tillögum um rekstur sem fellur að starfsemi hússins og eykur fjölbreytni hennar. Reksturinn þarf að tengjast hlutverki Hörpu og vera á sviði tónlistar, menningar, ferðamennsku eða ráðstefnuhalds.

Til ráðstöfunar er tæplega 80 m² rými á 1. hæð Hörpu, þar sem áður voru 12 Tónar. Við val á rekstraraðilum verður styrkleiki vöru og þjónustu, þekking, reynsla, geta og viðskiptahugmynd lögð til grundvallar. Einungis aðilar sem hafa haldgóða reynslu af rekstri koma til greina.

Allar nánari upplýsingar veitir fasteignastjóri Hörpu, Sunna Hrönn Sigmarsdóttir, **sunna@harpa.is**.

Umsóknum ásamt tilbúinni viðskiptaáætlun skal skila til Huldu Kristínar Magnúsdóttur, **huldakristin@harpa.is**, eigi síðar en kl. 14, 23. desember 2014.

**www.harpa.is**




**SKÓGAFOSS** Mikil uppbygging er við náttúruperluna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Krafa frá Hótel Skógafossi:

## Borgi stæði eða stækki lóðina

**SKIPULAGSMÁL** Forsvarsmenn Hótels Skógafoss vilja að héraðsnefnd Rangæinga taki þátt í að greiða kostnað við malbikun bílastæða við hótelið.

Í erindi frá Eyju Þóru Einarsdóttur og Jóhanni Frímannssyni er lagt til að verði héraðsnefnd ekki við því að borga í bílastæðinu þá verði lóð Hótels Skógafoss stækkuð þannig að hún nái yfir hið malbikaða svæði. Héraðsnefndin ákvað að afla frekari gagna um málið og frestaði afgreiðslu þess. - gar



**FARSÍMI** Íslensku símafélögin eiga að vara fólk við skorti á verðþaki þegar það ferðast í útlöndum.

Meira er rukkað utan EES:

## Senda á SMS með viðvörun

**UPPLÝSINGATÆKNI** Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að láta fólk vita af hættu á hærri rukkunum fyrir gagnamagn í farsíma en gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins þegar það ferðast til landa utan svæðisins.

Í nýrri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) er áréttað að láta þurfi notendur vita þegar þeir ferðast til landa þar sem gagnaþök eru ekki í gildi. Þannig hafi Hringdu brotið gegn ákvæði um tilkynningaskyldu í reglugerð ESB um reiki, þegar notandi fékk við komu til Tyrklands bara upplýsingar um verð, en ekki að verðþak væri ekki í gildi. - óká




Herra lagerinn outlet

Troðfull verslun af merkjavöru!

# Jólagleði!

# 40-70%

nýtt kortatímabil VISA MasterCard

## afsláttur af öllum vörum

## Opið frá kl.11 til 20 alla daga til jóla

Barnafatnaður frá

**ENGLABÖRNIN**

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET hummel

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin ( við faxafen)


Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Ekki ofnæmisvaldandi
- 12 stærðir (60-500 cm)
- Íslenskar leiðbeiningar
- Eldtraust
- Engin vökvun
- 10 ára ábyrgð
- Stálfótur fylgir

Fæst einnig í Hagkaupi Smáralind, Skeifunni og Garðabæ.

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

Skátarnir
Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is

100% hreinar
Eggjahvítur

Gerilsneyddu eggjahvíturnar eru frábær valkostur í jólabaksturinn.
Hugsaðu um hollustuna, veldu eggjahvítur frá Nesbúeggjum.




Án allra aukaefna!

Íslensk framleiðsla

Nesbú
Fjölvítamín frá náttúrunnar hendi



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS





**JÓLALEGT Í FLÓRENS** Það er orðið jólalegt um að litast við Dómkirkjutorgið í Flórens á Ítalíu. MYNDIR/GETTY

# ÁSTAND HEIMSINS







**HEIMSÓTTI FLÓTTAMENN** Joachim Gauck, forseti Þýskalands, heimsótti fræðslumiðstöð flóttamanna í Magdeburg í Þýskalandi í gær. Þýskaland hefur aldrei tekið á móti jafn mörgum flóttamönnum og í ár. Vegna fjöldans hafa yfirvöld átt í erfiðleikum með að veita öllum fullnægjandi húsnæði og aðstöðu.




**HVARFIÐ RANNSAKAÐ Í FARÓ** Breskir rannsóknarlögreglumenn koma á lögreglustöðina í Faró í Portúgal vegna rannsóknar á hvarfi Madeleine McCann sem hvarf árið 2007. Ellefu manns hafa verið yfirheyrðir í vikunni í tengslum við hvarf hennar.




**ÚTFÖR DROTTNINGAR Í BELGÍU** Fabiola drottning var borin til grafar í Notre Dame-kirkjunni í Belgíu á föstudag. Fabiola lést í síðustu viku 86 ára gömul en hún var ekkja Baldvins konungs. Fjölmargir þekktir þjóðarleiðtogar voru viðstaddir útförina.



Jólin koma
með Kjörís
JÓLAPINNAR
Kjörís
Brandenburg

Ástandið ekki þolandi og lausn er aðkallandi:

# Lífshættulegt verkfall lækna

Best er að hafa viðeigandi orð um hlutina. Verkfall lækna er dauðans alvara. Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær sjúklinga vera í lífshættu vegna verkfallsins. Fréttablaðið hefur sagt margar og sárar fréttir af því ömurlega ástandi sem hefur skapast. Og það sem meira er, ástandið á sjúkrahúsinu, og víðar í heilbrigðiskerfinu, var bágt fyrir. Nú er það orðið beinlínis lífshættulegt.

Meðan sú er staðan er ekkert að gerast í samningaviðræðunum. Samninganefnd fjármálaráðherra virðist umboðslaus, hið minnsta umboðslítil. Á meðan eru samningafundir gagnslausir. Ábyrgðin á hreint ömurlegu ástandi liggur hjá læknum og ríkisstjórn Íslands, ekki síst hjá Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Þegar við skoðum afleiðingar verkfallsátakanna blasa við okkur tölur á blaði. Nú hefur rúmlega 700 aðgerðum verið frestað, 500 skurðaðgerðum og um 200 sértækum aðgerðum. Yfir tvö þúsund dag- og göngudeildarkomum hefur verið frestað og heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu fær falleinkunn í athugun á þjónustu hennar. Þetta eru tölurnar og einkunn heilsugæslunnar er aðeins 2,5 af tíu mögulegum. Þarf að hafa um það fleiri orð? Já. Þess þarf. Því að baki öllum þessum tölum er fólk, oft mikið veikt, og það þjáist vegna þess hvernig komið er. Ekki bara af viðkomandi sjúkdómum. Við þá bætist kvíði, ótti og önnur vanlíðan. Almenningur bíður lausna.

Vilhjálmur Ari Arason, læknir á heilsugæslu, sagði í viðtali við Morgunblaðið að á sama tíma og vandinn eykst deyi fólk að óþörfu, vegna ófullnægjandi læknismeðferðar. Fyrir fáum vikum var Kári Stefánsson, læknir og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, gestur þáttarins Sprengisands á Bylgjunni, og hann sagði þá nánast það sama og Vilhjálmur Ari. Þetta er dauðans alvara. Bjarni Torfason yfirlæknir hefur einnig tjáð sig mjög ákveðið um stöðuna, með þeim hætti að engum dylst hvaða alvara er á ferð.

Við Íslendingar höfum lengi vel gefið sjálfum okkur hæstu einkunnir og ekki hikað við að fullyrða að við séum öðrum þjóðum fremri á flestum sviðum. Þar á meðal er fullyrt að íslenska heilbrigðiskerfið sé það besta í heimi. Auðvitað vitum við að þetta er hin mesta vitleysa. Lengi vel höfum við haft fullboðlegt heilbrigðiskerfi, við höfum átt stöku lækna og hjúkrunarfólk sem hefur staðið sig með mestu ágætum. En að við höfum verið með fremstu þjóða, heilt yfir, er vitleysa. Kári Stefánsson sagði, í fyrrnefndum útvarpsþætti, að nokkrum árum fyrir hrun hafi mátt segja að heilbrigðiskerfið okkar hafi verið fyrsta flokks, síðan hafi sigið mikið á ógæfuhliðina og nú sé það þriðja flokks.

Vandinn er ekki bara læknaverkfall. Landspítalinn er illa þrifinn, sjúklingar eru hýstir í eldhúsum og á salernum, maurar og mýs herja á sjúkrahúsið, vinnuaðstaða starfsfólks er fullkomlega óviðunandi og annað er eftir því. Í þessari stöðu bætist við, að því er virðist, fullkomin uppgjöf þess fólks sem ber ábyrgðina. Það er komið nóg og við ætlumst til að lausn finnist áður en skaðinn verður meiri en orðinn er. Ábyrgð lækna er einnig mikil, mjög mikil.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871






## MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

## Leyfið lögmanninum að skúra

Eitt þema er áberandi í umræðunni um útlendingamál. Það er menntaði útlendingurinn í láglaunastarfinu. Eðlisfræðingur að raka lauf. Hjúkrunarfræðingur að þrífa klósett. Læknir að vinna í frystihúsi. Sálfræðingur að passa börn í frímínútum. Sem sagt: hámenntað fólk að vinna illa launuð störf sem heimamenn „nenna ekki að vinna“.

Fréttir eru auðvitað bara fréttir og ef þær eru sannar þýðir ekkert að amast við því að þær séu sagðar. En ég hef stundum áhyggjur af því hvaða ályktanir fólk getur dregið af svona sögum.



Augljósasta ályktunin er bersýnilega sú að innflytjendur séu ekki metnir að verðleikum. Það er vissulega oft tilfellið og það er fínt að menn hafi áhyggjur af því.

En það er önnur ályktun sem menn gjarnan draga af frásögnum sem þessum. Hún er: „Æi, eigum við nokkuð að vera að fá allt þetta fólk inn í landið ef við höfum ekkert að gera fyrir það?“ Fólk hugsar kannski: Ef ég væri menntaður lögfræðingur og gæti bara unnið við að skúra gólf í frystihúsi þá þætti mér það glatað. Fólk dregur þá ályktun að öllum öðrum hljóti að þykja það glatað. Fólk fær neikvæða tilfinningu fyrir flutningum annars fólks milli landa.

## Sóun á hæfileikum?

Einhverjum kann að þykja það til merkis um sóun að fólk vinni störf þar sem menntun þeirra nýtist ekki að fullu. Og það má vel vera að það sé rétt. En það er samt ekki okkar að taka ákvörðun um hvernig fólk eigi að nýta sína menntun. Sú ákvörðun er einungis ákvörðun fólksins sem um ræðir. Sá sem tekur ákvörðun um að flytjast inn á annað málsvæði veit oft að hann er að stíga út fyrir þægindarammann. En hann gerir það samt.

Í sumum störfum er góð tungumálakunnátta einfaldlega forsenda þess að fagmenntun nýtist því að fullu. Þetta á til dæmis við í heilbrigðisgeiranum eða á öðrum sviðum þar sem krafist er samskipta við almenning. Vitanlega kann það stundum að vera tilfellið að tungumálakröfur séu notaðar sem skálkaskjól til að mismuna fólki eftir uppruna. En í mörgum tilfellum geta þær átt fullan rétt á sér.

Það er eðlilegt að einhver tími geti liðið þar til menn ná það góðum tökum á málinu. Í því samhengi má til dæmis nefna að margir útlendingar hafa hafið sinn starfsferil í leikskólum eða frístundaheimilum. Það er í alvörunni engin ástæða til að amast neitt við því. Það er ekkert að því að margir útlendingar vinni á leikskólum og frístundaheimilum og það er heldur ekkert að því að margir þeirra leiti annað þegar á líður.

## Ekki okkar ákvörðun

Síðan er eitt. Það eru auðvitað ekki bara einhverjir útlendingar sem vinna við annað en það sem þeir eru menntaðir í. Ég lærði víxlna reiknialgebru og ég verð að játa að ég hef lítið nýtt þá menntun mína í skrifum mínum fyrir Fréttablaðið eða í öðrum störfum á hinum almenna vinnumarkaði.

Á mörgum vinnustöðvum er fólk með alls konar menntun að gera alls konar hluti sem oft tengjast menntun þeirra ekki neitt. Ég þekki ótal hugvísindamenn sem hafa unnið á Kleppi eða á dvalarheimilum aldraðra.

Í sumum tilfellum er ekki mikið um vinnu í viðkomandi háskólafagi. En svo gerist það einfaldlega líka að fólk breytir um áhugasvið.

Tímarit heimsins eru full af sögum af fólki sem hættir að vinna í banka til kenna börnum að syngja og dansa. Þær sögur eru settar fram sem hetjusögur, ekki sem harmsögur. Það ætti að líta eins á málin þegar um útlendinga er að ræða. Margir eru að elta draum um að búa í öðru landi. Margir líta á ástand sitt sem tímabundið. Margir eru að afla sér reynslu til að geta vaxið og haft það betra í framtíðinni.

Foreldrar mínir, sem eru bæði háskólamenntuð, unnu á fyrstu árum ýmis störf sem kannski hæfðu ekki beinlínis þeirra menntun. En ég er þeim auðvitað þakklátur fyrir að hafa látið sig hafa það og glaður yfir að engum hafi tekist að banna þeim að gera það. Það er ekkert nema gott mál að vilja búa til samfélag þar sem hæfileikar fara ekki til spillis. En áhyggjur af því að við metum útlendinga ekki að verðleikum mega ekki verða til þess að við hleypum þeim síður inn í landið. Því það er ekki okkar að taka lokaákvörðun um hamingju annarra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# DEBENHAMS

## ALLT AÐ 30% AFSL.

AF ÖLLUM FÖTUM, SKÓM & FYLGIHLUTUM FYRIR HERRA



## 30% AFSLÁTTUR AF:

- JASPER CONRAN SLOPPUM FYRIR DÖMUR OG HERRA
- ÚRVALI AF NÁTTFÖTUM FYRIR DÖMUR
- HÚFUM, VETTLINGUM OG TREFLUM FYRIR HERRA, DÖMUR OG BÖRN
- THOMAS NASH PEYSUM OG ÚLPUM FYRIR HERRA

## 50% AFSLÁTTUR AF:

- JÓLAPEYSUM FYRIR HERRA
- PINEAPPLE VÖRUM FYRIR DÖMU

**MÖRG ÖNNUR TILBOÐ Í ÖLLUM DEILDUM!**







**NÝTT KORTATÍMABIL**

GILDIR ÚT SUNNUDAGINN 14. DES.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

Opið til 22 öll kvöld til jóla

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Grafalvarlegt ástand – klínískt eða pólitískt

**Opið bréf til stjórnmálamanna**

HEILBRIGÐISMÁL



**Felix Valsson**
svæfinga- og gjörgæslulæknir og þyrlulæknir

**Kæri stjórnmálamaður**

Mig langar að biðja þig um hjálp og kannski fyrst af öllu áheyrn, því ég er gríðarlega áhyggjufullur og trúi varla að þú gerir þér grein fyrir hversu alvarlegt ástandið á vinnustaðnum mínum er orðið og í hvað stefnir. Ég gríp því til þess ráðs að skrifa þér beint. Í nokkur ár höfum við sem vinnum á „gólfinu“ á Landspítalanum valið þá leið að ræða við okkar yfirmenn um hversu alvarlegt ástandið er orðið í von um að það skili sér til yfirstjórnar spítalans og síðan til þín. Þetta er ekki að virka, því hversu hátt sem kallað hefur verið hefur ástandið farið hratt versnandi.

Þegar rætt hefur verið um í hvað stefni á Landspítalanum hefur mönnum orðið tíðrætt um myndlíkinguna að spítalinn nálgist hengiflug. Við sem áður vorum nefnd og vinnum á gólfinu höfum ekki verið í neinum vafa um að spítalinn fór fyrir löngu fram af þessu hengiflugi en svo myndlíkingunni sé haldið áfram þá blasir núna við næsta hrun niður í svarta hyldýpisgjá, sem gæti reynst ómögulegt að komast upp úr.

Þetta er hrikaleg lýsing, en því miður rétt að mínu mati og til að grípa til annarrar myndlíkingar þá sjá læknar fyrir sér heilbrigðiskerfi sem er að blæða út og ekkert er aðhafst. Svo vitnað sé í mjög umfjallað mál í fjölmiðlum þegar maður var í lífshættu vegna hnífstungu í hjartað. Þar hefði ekki dugað að setjast á rökstóla og setja plástur á sárin meðan ákveðið væri hvað ætti að gera. Nei, þá og nú þarf að bregðast skjótt við. Að líkja spítalanum við sjúkling sem hefur fengið hnífstungu í hjartað er dramatískt en alls ekki eins langt frá lagi og í fyrstu mætti halda.

Ein af mörgum yfirvofandi hættum sem styðja þessa samlíkingu er sú staðreynd að fjöldi, jafnvel mikill meirihluti, svæfinga- og gjörgæslulækna hyggst segja upp stöðum sínum við spítalann ef ekki verður samið við lækna fyrir áramót. Hvað um það, gætir þú hugsað, þetta eru varla meira en 15-25 læknar. En til að taka af allan vafa um afleiðingarnar þá yrðu þær eitthvað á þessa leið: Nánast engar skurðaðgerðir verða framkvæmdar, fæðandi konur fá ekki deyfingar, keisaraskurðir verða ekki framkvæmdir, gjörgæslumeðferð verður nánast engin. Í stórum dráttum, mesti hluti bráðaþjónustu leggst af og venjuleg starfsemi spítalans eins og við þekkjum hana lamast endanlega. Þetta er þjónusta sem núna er veitt þrátt fyrir verkfall svo það sé á hreinu. Og þó að þú vildir bjarga þessum bráðveiku sjúklingum til útlanda yrði það líka erfitt þar sem þessir sérfræðingar sjá að mestu um þann flutning. Af þessari lýsingu mætti halda að íslenskir læknar og þá sérstaklega svæfinga- og gjörgæslulæknar væru gjörsneyddir allri ábyrgðartilfinningu. Nei, því er einmitt alveg öfugt farið, við teljum okkur ekki siðferðilega né faglega fært að horfa upp á að þessu fársjúka kerfi blæði út án aðgerða.

**Fossblæðing**

Þessi svokallaða læknadeila snýst að mínu mati alls ekki um prósentutölur eða samanburð við aðrar stéttir heldur um hvort einhver vilji er til að stöðva þessa fossblæðingu og að byrjað sé að lækna heilbrigðiskerfið okkar á ný. Aðgerðir lækna snúast um það hvort læknar haldist á Íslandi og að tryggja að læknar flytjist heim til Íslands að loknu námi til að viðhalda eðlilegri nýliðun og heilbrigðu heilbrigðiskerfi. Þetta er ekki flóknara.

Titillinn á þessu bréfi er: Grafalvarlegt mál – klínískt eða pólitískt. Það er vegna þess að mér finnst við, þ.e.a.s. þú og ég, hafa mismunandi skilning á þessu hugtaki. Þú, að þetta sé fínt innlegg

**➜ Aðgerðir lækna snúast um það hvort læknar haldist á Íslandi og að tryggja að læknar flytjist heim til Íslands að loknu námi til að viðhalda eðlilegri nýliðun ...**

þegar þú vilt sýna okkur umbjóðendum þínum (kjósendum) hversu áhyggjufullur þú ert þótt þú sért þá þegar ákveðinn í að bíða af þér storminn. Í minni starfsstétt þýðir grafalvarlegt ástand að sjúklingurinn minn er í bráðri lífshættu og það verði að bregðast við strax (bara til að hafa orðið strax líka á hreinu, virðist vefjast fyrir sumum ykkar, þá þýðir það hjá okkur nú þegar!). Að vísu getur ástandið verið orðið það alvarlegt að við náum ekki að bjarga sjúklingnum en þá förum við strax til aðstandenda og tjáum þeim með algjörlega sönnum og eins nærgætnum hætti og mögulegt er um yfirvofandi dauða sjúklingsins og reynum að styðja þá og hugga.

Í hreinskilni, kæri stjórnmálamaður, þá finnst mér þú hafa tvo möguleika í stöðunni. Í fyrsta lagi að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að samið verði við lækna á þeim grunni að læknar fáist til að starfa á Íslandi. Í öðru lagi verður þú í þeirri erfiðu aðstöðu að þurfa að tilkynna aðstandendum (þjóðinni) yfirvofandi andlát (hrun) heilbrigðiskerfisins.

Með innilegu þakklæti fyrir áheyrnina og von um hjálp við fyrri kostinn.




# Dregið um barkann á þjóðarútvarpinu

RÚV



**Finnbogi Hermannsson**
fv. frétta- og dagskrárgerðarmaður og nú rithöfundur í Hnífsdal

Það var mjög samtímis að gamlir útvarpsmenn klóruðu saman fornt efni í Efstaleiti til heiðurs Margréti Indriðadóttur fréttastjóra og birtist njósnasaga Styrmis Gunnarssonar, löngum ritstjóra á Morgunblaðinu. Bæði höfðu það hlutverk að sinna fréttaflutningi og upplýsa almenning um gang mála í lýðveldinu Íslandi svo og í veröld víðri. Margrét nam fræði sín í Bandaríkjunum í lok seinna stríðs og er líklega fyrsti Norður-Íslendingurinn með blaðamannapróf úr háskóla upp á vasann. Fram til þess tíma höfðu Ameríkanar haldið sig við Monrókenninguna og voru ekki að kássast upp á annarra manna jússur.

Blaðakonan Margrét Indriðadóttir kom uppfull af almannaútvarpi að vestan og fór brátt að starfa á fréttastofu Útvarps niðri á Klapparstíg. Endaði með því að hún setti rækilega bæjarbraginn á fréttastofunni með gott veganesti frá heiðarlegum Könum.

Gerðist nú allt í skjótri svipan eftir stríðið að ameríski herinn dró lappirnar að fara og lét síðan Íslendinga kalla yfir sig enn meiri her. Þá er Margrét Indriðadóttir að segja fréttir af Klapparstígnum ásamt fleira fólki sem hélt það ætti að bera sannleikanum vitni. Auk þess að skila starfi sínu á fréttastofunni ól Margrét brátt önn fyrir eiginmanni sínum Thor Vilhjálmssyni og tveimur sonum. Vildi til að þau fengu íbúðarkytru yfir fréttastofunni þarna á Klapparstígnum svo hægt var að skreppa upp til að bía börnunum þegar við lá eða skáldið fékk hríðir.

Þegar fram liðu stundir í köldu stríði, sem Íslendingar flestir stóðu utan við, var ekki tekið út með sældinni að reka almannaútvarp. Skuggabaldrar bögguðu fréttamenn ár og síð og alla tíð. Beittu hótunum um starfsmissi og verri kárínum. Slíkt hefur áhrif þegar til lengdar lætur og hverjum manni næst að verja hreiður sitt. Svona gekk þetta lengi lengi en einhvern veginn tókst fréttastofunni að klappa steininn og ekki varð þaggað niður í henni. Datt fáum í hug á þeirri tíð að kæfa útvarpið í fæðingu þó ekki væri nema fyrir veðurfregnirnar. Rafhlöður í dreifðum byggðum voru einmitt sparaðar miðað við veðurfregnir og viðtækið á við hvert annað amboð eða heyvinnuvél á bænum.

Útvarpið dafnaði og varð líka að sjónvarpi og þjóðin fylkti sér um hvorttveggja undrið. Varð að öflugu menningartæki og hljóðminjasafni eins og hjá öðrum alvöruþjóðum í veröldinni. Enn þann dag í dag treystir þjóðin á áreiðanleika fréttastofu Útvarps og hefur ekki látið stöðugar rógsgreinar Morgunblaðsins slá sig út af laginu. Þar sem ritstjórinn heimtar að sagan verði endurskrifuð eins og í einræðisríki. Og dálítið bilað þar sem við lifum á tímum upplýsingar og gagnsæis, en hann trúir á mátt endurtekningarinnar eins og alræmdir karlar sögunnar.

Í Efstaleiti kom saman fjöldi gamalla útvarpsmanna og -kvenna að heilsa upp á Möggu Indriða og hún flutti sjálf tölu, fyndin og nastý. Fengu sumir ekki varist þeirri hugsun að kannski væri þetta æfing að útför Útvarpsins. Almannaútvarpsins sem þjóðin treystir í gleði og sorg og Margrét ásamt fleira góðu fólki lagði drög að.

**Árvakurt njósnahreiður**

Einmitt á þessum dögum skreið fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins úr skápnum og upplýsti í ritverki stoltur, að Morgunblaðið hefði verið njósnahreiður um langt skeið og var það mjög samtímis því að útvarpsfólkið var að berjast við að móta stofnun sem nauðsynleg þykir með siðuðum þjóðum. Á pari

**➜ Hér ætlar hvort tveggja að verða Íslands óhamingju að vopni. Ríkisútvarpið er komið í klefann, það verður dregið um barkann fyrir jól eins og horfir.**

við þjóðleikhús og þjóðminjasafn, tölum nú ekki um sinfóníuhljómsveit.

Styrmiskynslóðin í Sjálfstæðisflokknum hafði ýmist tögl eða hagldir í útvarpsráði og beitti þar áhrifum sínum. Lét sér það nægja og var ekki með kröfur uppi um að Ríkisútvarpið færi í dauðaklefann. Þótt penir lögfræðingar í Varðbergi þægju stöðug ferðalög Ameríkana og svæfu í lokrekkjum flugmóðurskipa í brælu, var þeim ekki efst í huga að eyðileggja þjóðarútvarp sitt. Hlutverk þeirra var að njósna um verkamannafjölskyldur þegar þeir komu í land, því æ sér gjöf til gjalda. Arftakarnir sem nú hafast við á Alþingi telja hins vegar Ríkisútvarpið, sem þjóðin stólar á, þjóðhættulega stofnun og nærtækasta verkefnið að ráðast gegn því eins og vofu kommúnismans forðum og er orðalag annars ritstjóra Morgunblaðsins og skálds í heiðurslaunaflokki.

Í Framsóknarflokknum fundust ætíð menningarmenn forðum daga sem áttuðu sig á nauðsyn þjóðarútvarps og hljóðminjasafns og slíkt væri einn af hornsteinum sjálfstæðs lýðveldis. Ekkert annað orð en plebbi kemur hins vegar upp í hugann þegar litið er yfir framsóknarhjörðina á Alþingi að undanskildu sæmilega meinandi fólki sem maular jólakökuna sína í kaffistofunni og þiggur kaupið sitt um mánaðamót. En þegar plebbaliðið í framsókn og styrkjadrengirnir í Sjálfstæðisflokknum ná saman er voðinn vís. Hér ætlar hvort tveggja að verða Íslands óhamingju að vopni. Ríkisútvarpið er komið í klefann, það verður dregið um barkann fyrir jól eins og horfir.



# ÞÚ FINNUR BÓKINA Á FISKISLÓÐ

**AFGREIÐSLUTÍMAR Í DESEMBER**

| | | |
|---|---|---|
| Föstudagur | 5. des. | 10–18 |
| Laugardagur | 6. des. | 11–17 |
| Sunnudagur | 7. des. | 11–17 |
| Mánudagur | 8. des. | 10–18 |
| Þriðjudagur | 9. des. | 10–18 |
| Miðvikudagur | 10. des. | 10–18 |
| Fimmtudagur | 11. des. | 10–18 |
| Föstudagur | 12. des. | 10–18 |
| Laugardagur | 13. des. | 11–17 |
| Sunnudagur | 14. des. | 11–17 |
| Mánudagur | 15. des. | 10–18 |
| Þriðjudagur | 16. des. | 10–18 |
| Miðvikudagur | 17. des. | 10–19 |
| Fimmtudagur | 18. des. | 10–19 |
| Föstudagur | 19. des. | 10–19 |
| Laugardagur | 20. des. | 11–19 |
| Sunnudagur | 21. des. | 11–19 |
| Mánudagur | 22. des. | 10–19 |
| Þriðjudagur | 23. des. | 10–19 |

## JÓLADAGATAL:
EINN HEPPINN VIÐSKIPTAVINUR Á DAG FÆR GJÖF

LEIKHORN FYRIR BÖRNIN

NÆG BÍLASTÆÐI OG HEITT Á KÖNNUNNI

ÓKEYPIS MERKIMIÐI FYLGIR HVERRI BÓK

INNPÖKKUNARBORÐ




Allar nýjustu bækurnar

## ÞÚSUNDIR TITLA FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS – Á FORLAGSVERÐI

FORLAGIÐ Bókabúð

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

# HELGIN



**Sigurður Hlöðversson, útvarpsmaður og plötusnúður**

### Stemning og gleði

Ég ætla að fara út með fjölskyldunni að borða um helgina og stýra eins og einum útvarpsþætti. Svo verð ég að skemmta á Hótel Sögu jólahlaðborðum, það verður sko stemmari þar. Svo ætla ég mér að springa úr gleði yfir Manchester United-Liverpool leiknum á sunnudag. Annars verður bara rólegt.



**Ingvar Smári Birgisson, formaður Heimdallar**

### Lærir með hálfum hug

LÆRA. Ætli tíminn sem fer í lærdóm fari ekki aðallega í að hugsa um allt það skemmtilega sem ég muni gera um næstu helgi AÐ LOKNU PRÓFI. Þá verður próflokum svo sannarlega fagnað!



**Sigríður Arnardóttir, fjölmiðlakona**

### Fjölskylda og vinna

Ég byrja alltaf helgina á því að rífa í lóðin með Önnu Borg í Heilsuborg. Í dag málum við herbergi og á morgun tökum við á móti syni okkar sem kemur heim í jólafrí úr háskóla í Bandaríkjunum. Svo sendi ég út þátt á Rás 2 á morgun.



**Helga Möller, söngkona**

### Jólatónleikar á Akureyri

Ég syng á þrennum jólatónleikum í Hofi á Akureyri um helgina sem heita Norðurljósin. Svo þarf ég bara að koma mér í bæinn áður en illviðrið skellur á af því ég er með fjórar framkomur í jólahlaðborði á sunnudaginn.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á OPNUN JÓLABÆJARINS** á Ingólfstorgi klukkan 16 í dag. Þar munu feðgarnir Giljagaur og Leppalúði ásamt geithafri hins síðarnefnda taka höndum og fótum saman við Hornaflokk vættanna, Jólakórinn Graduale Futurae og fjölmarga góða gesti.



**Á THE ULTIMATE CHRISTMAS COLLECTION** með Elvis Presley. Ekkert kemur manni eins fljótt og vel í jólaskapið og Elvis. Það er garanterað.

**BÓKINA SIGURSVEINN** – Baráttuglaður brautryðjandi, eftir Árna Björnsson. Ævisaga Sigursveins D. Kristinssonar er merkileg heimild um stórmerka ævi frumkvöðuls sem lét ekkert stöðva sig.



**Á THE HUNGER GAMES: CATCHING FIRE** á Stöð 2 klukkan 22.20 í kvöld. Mynd sem enginn má missa af og jafnvel þótt þú hafir séð hana áður þá er þetta mynd sem er vel virði annars áhorfs.





**RAÐAÐ UPP Á MARKAÐ** Guðný Hefna Sverrisdóttir raðar upp vörum fyrir markaðinn en hún rekur vefverslunina Minimal decor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fá jólaandann beint í æð

Hönnuðir og eigendur vefverslana starfa allt árið um kring bak við tjöldin en stíga fram á markaði.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is

Markaður hönnuða og vefverslana verður haldinn í dag á Kexi hosteli. Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir, eigandi vefverslunar, segir nauðsynlegt að komast í samband við viðskiptavininn. „Ég og Guðný Hrefna Sverrisdóttir erum eigendur vefverslana og ákváðum að fara af stað með markað fyrir jólin. Svo fór boltinn að rúlla og tengslanetið styrktist. Núna erum við orðin þrettán.“

Sigríður segir vefverslanir vera faldar að því leyti að þær starfa á netinu og allt er afgreitt í gegnum tölvuna. „Maður fær jólaandann í æð með því að hitta viðskiptavininn sem er að skoða vöruna manns. Í raun er tölvan búðin þín allt árið um kring þannig að þetta verður mikil hátíð – að hitta viðskiptavininn. Svo er ekkert jafn jólalegt og að starfa bak við búðarborðið í jólaösinni.“

Sigríður byrjaði með verslun sína, kolka.is, fyrir ári og þá voru ekki margar vefverslanir sem buðu upp á lífsstílsvörur. Á þessu ári hafa aftur á móti sprottið upp vefverslanir og einyrkjarnir í hönnun eru gríðarlega margir. „Fólk hefur líka aukinn áhuga á að sækja markaði og styrkja íslenska hönnun. Við erum svolítið litlu kaupmennirnir á horninu og það er náttúrulega ekkert eins fallegt og íslensk hönnun.“

Markaðurinn verður haldinn í dag frá klukkan tíu til fimm á Kexi hosteli.

# Notaleg piparkökustund

Á aðventunni getur verið huggulegt að hnoða saman í deig, skera út og skreyta piparkökur í faðmi fjölskyldunnar. Hér er uppskrift sem hentar vel fyrir óþolinmóða því deigið þarf ekki að kæla.

**Piparkökur**

- 500 gr hveiti
- 250 gr sykur
- 250 gr smjörlíki
- 375 gr síróp
- 6 tsk. lyftiduft
- 2 tsk. matarsódi
- 1 tsk. negull
- 1 tsk. kanill
- 1 tsk. kakó
- 1 tsk. engifer
- 1 tsk. pipar (hvítur)
- 1 egg

**Aðferð**

Hnoðið í hrærivél eða leyfið börnunum að hnoða með höndunum og setjið þá þurrefnin fyrst. Myljið síðan smjörlíkið saman við, bætið sírópinu við og hnoðið við þurrefnin. Bætið við hveiti ef deigið er of blautt.

Fletjið deigið þunnt út og skerið út. Setjið á bökunarklædda ofnplötu og bakið við 175 gráður í 10 til 12 mínútur. Þetta deig má baka strax og þarf ekki að láta standa í kæli í marga tíma.

**Glassúr**

Hægt er að kaupa tilbúna liti í túpum. Annars hræra flórsykri og vatni saman og skipta í nokkrar skálar. Blanda svo matarlit saman við.





**JÓLASKRAUT** Sumir fá útrás fyrir listræna hæfileika og nota piparkökurnar sem fallegt jólaskraut.


Gjafakort Miðborgarinnar okkar
Fáanlegt í bókaverslunum miðborgarinnar
BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG
Úrvalið er í miðborginni!
LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI YFIR JÓLIN
Opið til kl. 22:00 alla daga til jóla nema næstkomandi sunnudag til kl. 18:00.
Syngjandi Leppalúði og Hurðaskellir á vappi í dag, laugardag, og sunnudag á milli kl. 14 og 17.
Ratleikur jólavættanna fáanlegur endurgjaldslaust í fjölmörgum verslunum miðborgarinnar. Veglegir vinningar. Leikur fyrir alla fjölskylduna!
Jólaalmanak Miðborgarinnar okkar er daglega á :
facebook.com/midborgin
Þú finnur jólagjafirnar hjá okkur!
BÍLASTÆÐASJÓÐUR
LEIGUFÉLAG ÍSLANDS
VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM JÓLAHJARTAÐ SLÆR!
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN — JOLABORGIN.IS
MIÐBORGIN OKKAR




IT'S ABOUT ROMI Prague ljós
23.992 kr.



BROSTE luktir
5.490 / 4.290 kr.






IT'S ABOUT ROMI kerti
könglar 2.392 / 3.192 kr.



IVV kertastjaki 30 cm.
JÓLATILBOÐ 9.990 KR.



VIDIVI skálasett 2 hjörtu
JÓLATILBOÐ 4.490 KR.



IT'S ABOUT ROMI kerta-
stjaki, snjókorn 1.592 kr.



IT'S ABOUT ROMI smádýr sett 3.192 kr.



ALESSI skál 34.990 kr.



COPENHAGEN CANDLE
COMPANY ilmkerti 3.990 / 2.390 kr.




IT'S ABOUT ROMI Minsk ljós
29.592 kr.



Úrval af IITTALA
Maribowl skálum




IT'S ABOUT ROMI stór
ljósapera 3.192 kr.




IT'S ABOUT ROMI
kökustandur 3.512 kr.



BROSTE luktir í úrvali





IITTALA Kivi kertastjakar, sett
verð frá 4.990 kr.



VIDIVI Stella stjörnuskálasett
JÓLATILBOÐ 4.990 KR.

VIDIVI skálsett (1+6)
5.990 kr.





ALESSI skál 21.990 kr.

IITTALA Ultima Thule
vörur í úrvali





POUL PAVA
jólakanna
2.995 kr. stk.

POUL PAVA
vasi 4.990 kr.



AU MAISON vasar,
13.990 kr. stk




**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík **OG** Dalsbraut 1 • Akureyri • **OPIÐ**

TAXFREE TILBOÐIÐ GILDIR BARA Á LA-Z-BOY OG JAFNGILDIR 20,32% AFSLÆTTI.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

LÝKUR Á SUNNUD.

# TAXFREE

## Á ÖLLUM STÓLUM OG SÓFUM FRÁ LA-Z-BOY



LA-Z-BOY

GLÆSILEGUR

300 FM

SÝNINGARSALUR Í HÚSGAGNAHÖLLINNI REYKJAVÍK

## Á ANNAÐ HUNDRAÐ GERÐIR OG ÚTFÆRSLUR Í BOÐI – VERÐDÆMI



**63.737**

FULLT VERÐ: 79.990

**EMPIRE** La-z-boy stóll.
Áklæði fjóri litir.
B:80 D:70 H:102 cm.



**87.641**

FULLT VERÐ: 109.990

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart,
grátt, brúnt, grænt eða ljóst áklæði.
B:80 D:85 H:102 cm.



**114.733**

FULLT VERÐ: 149.990

**EMPIRE** La-z-boy stóll.
Svart leður.
B:80 D:70 H:102 cm.



**143.418**

FULLT VERÐ: 179.990

**PINNACLE** La-z-boy stóll.
Leður fimm litir.
B:80 D:85 H:104 cm.



**143.418**

FULLT VERÐ: 179.990

**DREAMTIME** La-z-boy stóll.
Svart, brúnt og vínrautt leður.
B:94 D:95 H:100 cm.



**PINNACLE** LZB rafknúinn stóll.
Svart, hvítt og brúnt leður
B:80 D:85 H:102 cm.

**191.227**

FULLT VERÐ: 239.990

LA-Z-BOY

*líklega besta sæti í heimi!*

**RIALTO** LZB lyftistóll.
Svart og brúnt áklæði.
B:80 D:90 H:105 cm.

**143.418**

FULLT VERÐ: 179.990



*Hafðu það notalegt um jólin!*

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI

Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 • **EITT SÍMANÚMER** 558 1100



**ÁSTRÍÐUFULLUR BRANSI** Tómas, Guðrún og Jóhann Páll eru sammála um að til að tolla í bókabransanum þurfi maður að hafa logandi ástríðu fyrir bókaútgáfu og hafa taugarnar í lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Barátta útgefenda í jólabókaflóði

Bókaútgefendurnir **Jóhann Páll Valdimarsson, Guðrún Vilmundardóttir** og **Tómas Hermannsson** eiga jólabókaflóðinu lífibrauð sitt að þakka. Þau spjalla um sérstöðu íslensks bókamarkaðar, samkeppnina og ansi þandar taugar í desember.



Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Jóhann Páll er fyrstur til að berjast í gegnum snjóstorminn og hitta mig á Kaffivagninum. Hann er útgefandi hjá Forlaginu, stærsta útgáfufyrirtæki landsins, og gefur út bækur undir merkjum JPV, Máls og menningar, Vöku-Helgafells og Iðunnar. Skömmu síðar birtast Guðrún, útgáfustjóri Bjarts, og Tómas Hermannsson, útgefandi hjá Sögum. Þegar þau ganga að borðinu segir Jóhann að hann hafi vonast til að þau myndu fjúka í burtu og ekki mæta í viðtalið. Svona er stemningin í desember hjá útgefendum á Íslandi enda standa þeir í blóðugri samkeppni á jólamarkaðnum. Hjá flestum útgefendum gefur jólamarkaðurinn 70-80 prósent af árstekjunum. Afkoman er því háð metsölubókunum í jólapakkanum hjá landanum. Þau þekkjast öll og að sjálfsögðu er allt í gamni sagt. Það breytir því þó ekki að taugarnar eru þandar á þessum tíma ársins.

**Jóhann:** „Maður telur dagana til jóla. Auðvitað er þetta svakalegt kikk og maður verður fíkinn í þetta en svo spyr maður sjálfan sig á þessum árstíma hvern djöfulinn maður er að gera í þessu og bíður eftir að þessu ljúki. Svo er maður eins og aumingi á aðfangadag. Ég sting af úr landi í janúar til að jafna mig eftir þetta.“

**Guðrún:** „Þetta er bara okkar jólaundirbúningur. Maður fer með síðustu sendingarnar í bókabúðir á Þorláksmessu og hefur aðfangadagsmorgun til að undirbúa jólin. Maður er svo til í slaginn, uppápússaður og fínn klukkan sex.“

**Jóhann:** „Þetta er bara svo mikið spennufall og eftir jólamatinn er ég horfinn í rúmið. Börnin kvörtuðu yfir því þegar þau voru lítil og gera það enn. Ég er bara búinn á því og gæti alveg hugsað mér að loka mig af í nokkra mánuði eins og faðir minn var vanur að gera.“

**Tómas:** „Maður er mjög víraður en orðinn góður um áramótin. Þá fer maður að spá í næstu jól og byrjar allt upp á nýtt. En það tekur svona viku að hrista þetta af sér.“

**Jóhann:** „Þú ert svo ungur enn.“

**Guðrún:** „Þetta eru nokkrar vikur sem eru skelfilega taugatrekkjandi. Skelfilega. Þegar maður er að sjá hvernig þetta leggst. Restina af árinu er þetta skemmtilegasti bransi sem maður kemst í.“

**Jóhann:** „Ég er ekki að segja að þessi spenna sé ekki skemmtileg. Annars væri ég ekki í þessu en ég finn að þetta gengur nærri mér og þetta er alls ekki fyrir alla. Fyrir allmörgum árum kom til okkar útgefandi sem gekk prýðilega sem vildi selja fyrirtækið. Hann hafði komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri alltof hættuleg grein, spennan og álagið. Þetta er auðvitað svakalegur þrældómur og allir sem eru í bókaútgáfu þurfa að gefa af sjálfum sér með logandi ástríðu.“

**Guðrún:** „Já, annars væri þetta fullkomlega ómögulegt.“

**Tómas:** „Maður fer ekki út í þetta af excel-ástríðu.“

### Dramatískur bransi

*Er bókaútgáfa sem sagt sérlega tilfinningasöm kaupmennska?*

Þau játa því öll.

**Jóhann:** „Ég held því fram að bókaútgáfa sé lífshættulegt starf.“

**Guðrún:** „Jói minn, mér finnst þú bara vera á brún hengiflugsins.“

**Tómas:** „Bókaútgáfa er lífsstíll.“

**Jóhann:** „Svo sannarlega. Starfið tekur brjálæðislega á því við erum ekki að framleiða sömu vöruna ár eftir ár, eins og Ora-baunir með fullri virðingu fyrir þeim, heldur búa til og selja nýja vöru á hverju einasta ári og þurfum alltaf að byrja frá grunni. Það skapar þessa spennu.“

### Íslenska jólabókaflóðið einstakt

Samkeppnin í desember er mikil og starf útgefandans fer að snúast í meiri mæli um sölumennsku. Útgefendur keppa þó ekki eingöngu innbyrðis heldur einnig við aðrar jólagjafir en það verður æ erfiðara að keppa um tíma fólks vegna úrvals afþreyingar á markaðnum. Verkefnin snúast því um markaðssetningu og kynningarstarfsemi sem og að fylgjast með gagnrýni og metsölulistum sem getur tekið verulega á taugarnar.

**Guðrún:** „Á ákveðnum tímapunkti í desember töpum við fyrir kjötinu, þá verðum við að vera búin að koma okkar til skila.“

**Jóhann:** „Ég hef metið það svo að til að ná eyrum þjóðarinnar verður það að gerast fyrir desember. En ef bók er slátrað í Kiljunni þá er þetta oft bara búið.“

**Guðrún:** „Ég er ekki sammála. Kiljan nær ekki til allra hópa og þá virðist slæm gagnrýni ekki bíta á þá. Stundum fljúga bækur áfram á orðsporinu. Meðbyr frá Kiljunni hjálpar samt alltaf.“

**Jóhann:** „Áhrif Kiljunnar eru gríðarlega mikil og miklu meiri en nemur áhorfstölum. Ef bók er slátrað í Kiljunni þá er eins og sagan breiðist enn hraðar út og það sé talað um það yfir kaffibollanum í vinnunni daginn eftir. Annars gerist þetta svolítið með fyrsta metsölulistanum í desember. Þá sér maður hvernig línurnar ætla að leggjast.“

Fyrir þessi jól eru 114 útgefendur að gefa út bækur og eru 642 prentaðir titlar á boðstólum. Er það séríslenskt að bækur séu svona mikil jólavara?

**Tómas:** „Algjörlega. Ég gef líka út í Svíþjóð og var þar um jólin í fyrra og ætlaði að ná sænskum jólamarkaði en hann er bara ekki til.“

**Jóhann:** „Jólabókaflóðið má rekja til stríðsáranna vegna vöruskorts. Þannig skapaðist sú hefð að gefa bækur í jólagjöf því það var í raun ekkert annað á boðstólum. Þið heyrið á tali fólks að það eru engin jól án bóka og allir spyrja: Hvaða bók fékkstu í jólagjöf?“

**Guðrún:** „Þetta er dásamleg hefð og skapar umræðu í jólaboðunum. Mjög þægilegt hjá fjölskyldum sem eru í ólíkum stjórnmálaflokkum því allir geta sameinast um að tala um jólabækurnar.“

### Bækur halda í okkur lífinu

*Hafið þið áhyggjur af bókinni?*

**Guðrún:** „Nei, en það er ástæða til að hlúa að henni. Virðisaukaskatturinn sem stjórnvöld hafa hækkað er grafalvarlegt mál.“

**Tómas:** „Yfirvöld vita ekkert hvað þau eru að gera. Bókabransinn veltir svona þremur til fjórum milljörðum á ári sem er um eitt prósent af veltu í álinu, í ferðamennsku og sjávarútvegi. En þetta heldur lífinu í þjóðinni og svo á að hækka skattinn. Ég sel bæði bækur til Noregs og Danmerkur og það er 25% virðisaukaskattur í Danmörku en enginn í Noregi. Þeim gengur ekkert að selja í Danmörku. Án bóka og tónlistar væri Ísland bara risastór verstöð en það er einmitt kannski það sem stjórnvöld vilja? Því ef þeim tekst að drepa bækur og tónlist þá erum við bara vinnudýr, eins og starfsmenn við færibandið.“

**Guðrún:** „Í Frakklandi er til dæmis mikil mál- og menningarstefna rekin til varnar tungumálinu. Svo erum við á okkar litla málsvæði og hækkum skattinn. Franskir eru með skýra menningarstefnu, styrkja til dæmis bókaverslanir og því eru þær margar fallegar og á besta stað í verslunargötum en ekki arðbærari fyrirbæri einsog McDonalds búin að taka allt yfir.“

**Jóhann:** „Stjórnvöld horfa allt af í peninga og umræða um menningarlegt gildi eða menningarslys nær ekki eyrum þeirra. Talandi um beinharða peninga, þá er ég algjörlega sannfærður um að hækkun virðisaukaskatts á bækur muni á endanum skila miklu minni peningum í ríkiskassann. Bókaútgáfa er óhemju viðkvæm grein og nægir að skoða hvaða stóru bókaútgefendur eru eftir sem voru að fyrir tíu, tuttugu og þrjátíu árum. Það hafa allir lent í verulegum erfiðleikum og margir farið á hausinn.“

### Allir geta gefið út bók

Tómas er nýjastur í bransanum og stofnaði Sögur fyrir níu árum. *Hvernig datt honum í hug að fara út í þetta vitandi af þessari samkeppni?*

**Tómas:** „Þetta er bara sjúkdómur. Ég bara fæddist svona og langaði alltaf að gefa út bækur.“

**Jóhann:** „Ég er með þetta í genunum og alinn upp við þetta.“

*En eru ekki alltof margar bækur?*

**Guðrún:** „Stundum segjum við það en getum alls ekki bent á hvaða bókum er ofaukið.“

**Tómas:** „Eigum við ekki bara að leyfa fólkinu að ráða því? Það sem ▶


Sumarblær- íslensk hönnun
ASA HÁLSMEN
19.300 kr.
ASA HRINGUR
13.400 kr.
ASA LOKKAR
7.800 kr.
DAISY HÁLSMEN
18.900 kr.
DAISY LOKKAR
21.900 kr.
DAISY HRINGUR
29.900 kr.
GEORG JENSEN
Glæsilegar jólagjafir
ARMANI
39.900 kr.
ARMANI
61.400 kr.
FOSSIL
26.700 kr.
FOSSIL
21.100 kr.
FOSSIL
29.700 kr.
KENNETH COLE
24.900 kr.
KENNETH COLE
24.900 kr.
MICHAEL KORS
48.900 kr.
MICHAEL KORS
53.200 kr.
MICHAEL KORS
54.100 kr.
SKAGEN
21.000 kr.
SKAGEN
24.800 kr.
TISSOT
45.000 kr.
MOVADO
89.300 kr.
CASIO
5.700 kr.
DANIEL WELLINGTON
24.500 kr.
DANIEL WELLINGTON
29.800 kr.
ROSENDAHL
24.900 kr.
Kíktu á úrvalið í vefverslunni okkar á michelsen.is
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

## ÍSLENSKUR BÓKAMARKAÐUR

**40**
**BÓKAÚTGEFENDUR**
eru í Félagi íslenskra bókaútgefenda. Til þess að geta gengið í félagið þarf útgefandi að hafa gefið út fjóra bókatitla á undangengnu útgáfuári.

**114**
**ÚTGEFENDUR**
standa að baki þeim bókum sem kynntar eru í Bókatíðindum 2014.

**642**
**PRENTAÐIR TITLAR**
eru kynntir í Bókatíðindum í ár. Einnig eru 57 rafbækur og 22 hljóðbækur, eða samtals 721 ný útgáfa.

**Bóksala hefur dregist saman um**
**19%**
frá árinu 2008 ef miðað er við vísitölu.

**Hlutfall Íslendinga sem fengu bók í jólagjöf**
**ÁRIÐ 2013** **67%**
**ÁRIÐ 2007** **60%**

**10%**
**ÞJÓÐARINNAR**
lásu enga bók á síðasta ári.







**Það eru allar þessar bækur sem gera okkur kleift að búa hérna. Bækurnar og sundlaugarnar. En það er ekkert hlaupið að því að koma bók á framfæri.**
*Guðrún Vilmundardóttir útgáfustjóri Bjarts*

**Án bóka og tónlistar væri Ísland bara risastór verstöð en það er einmitt kannski það sem stjórnvöld vilja? Því ef þeim tekst að drepa bækur og tónlist þá erum við bara vinnudýr.**
*Tómas Hermannsson útgefandi hjá Sögum*

**Við þurfum að vinna hylli lesenda með hverja einstaka bók. Segjum að ég vildi reyna að spilla fyrir þeim í samkeppni, getið þið bent mér á hvernig ég get gert það?**
*Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi hjá Forlaginu*

▶ gerir þennan bransa svo dásamlegan er að það eru engin höft.“

**Jóhann:** „Á Íslandi getur hver sem er gefið út bók og komið henni í dreifingu. Erlendis er oft mun erfiðara og oft ómögulegt að komast inn á sölustaðina.“

**Guðrún:** „Það er svo mikil fegurð fólgin í því. Það eru allar þessar bækur sem gera okkur kleift að búa hérna. Bækurnar og sundlaugarnar. En það er ekkert hlaupið að því að koma bók á framfæri.“

*Er erfitt að keppa við risann?* spyr ég og gjóa augunum til Jóhanns Páls. Guðrún og Tómas kinka kolli.

**Jóhann:** „Ég er algjörlega ósammála því vegna þess sem ég var að segja áðan, við erum alltaf með nýja vöru. Af hverju ætti mér að ganga betur þótt Forlagið sé stærra? Við þurfum að vinna hylli lesenda með hverja einstaka bók. Segjum að ég vildi reyna að spilla fyrir þeim í samkeppni, getið þið bent mér á hvernig ég get gert það?“

**Tómas:** „Já, ég get það. Þið eruð risastór með starfsmenn allt árið í dreifingu og getið dreift á alla staði. Hafið fleiri í markaðsmálum og svo framvegis. Það segir sig sjálft.“

### Vont að veðja vitlaust

Hér spinnast heitar umræður um einstaka höfunda sem líkt er við grænar baunir vegna fjöldaframleiðslu, rætt er um hve mikið hver og einn auglýsir og mjög nákvæm dæmi tekin svo greinilegt er að þau fylgjast vel hvert með öðru. Til að ná athygli þeirra aftur blanda ég mér í umræðuna.

*En var Gísli í Uppsölum, bók sem þú gafst út, Tómas, ekki söluhæsta bókin fyrir tveimur árum?*

**Jóhann:** „Einmitt! Þetta snýst um að vera með réttu bókina. Þetta er ekki flóknara.“

**Guðrún:** „Já, vera með réttu bókina og koma því til skila.“

*Er þessi bransi þá eins og spilavíti þar sem veðjað er á bækur og allt lagt undir?*

**Tómas:** „Já, maður er hardcore spilafíkill.“

**Jóhann:** „Og auðvitað getur maður veðjað vitlaust. Eitthvað sem maður taldi að yrði pottþétt sölubók næst aldrei á flug en svo er önnur bók sem maður hefur takmarkaða trú á sem selst í þúsundum eintaka eftir margar endurprentanir. Starf okkar felst mikið í að átta sig á hvernig landið er að leggjast og bregðast við.“

**Guðrún:** „Já, hlusta á hvíslið.“

### Bráðsmitandi baktería

Þau eru sammála um að enginn fari í þennan bransa til að verða ríkur og Jóhann Páll segir að þá sé nú gáfulegra að selja grænar baunir. En þrátt fyrir það og álagið sem fylgir starfinu fá þau öll blik í augun þegar þau tala um bókaútgáfu, sérstaklega þá sérstöðu sem bókamarkaður á Íslandi hefur.

**Guðrún:** „Við erum spíttbátar og getum gert hluti hratt. Það hefur sína kosti og galla. Það sem hefur þó breyst er að það er orðin aðeins meiri fyrirhyggja og langtímahugsun í bransanum.“

Tómas hristir hausinn og segist ekki kannast við það.

**Tómas:** „Þetta er bara heillandi heimur. Það ættu allir að fara í þetta – nema börnin mín.“

Okkur verður litið á Jóhann Pál, sem er sonur útgefanda og á konu og börn sem öll starfa í bransanum, en hann svarar augnatillitinu með: „Þetta er bara smitandi! Þetta er vírus!“

Ég ákveð að ljúka viðtalinu á þessum vinsamlegu nótum. Á meðan við bíðum eftir ljósmyndara er svo metsölulisti vikunnar birtur. Þessi listi er afar mikilvægur þar sem bóksalan mun ná hámarki á næstu dögum. Samkeppnisaðilarnir grúfa sig saman yfir símann hans Tómasar og renna yfir listann. Það kemur nokkurra sekúndu þrúgandi þögn og ég býst við miklum sprengingum. En þau eru ótrúlega róleg enda nokkuð sátt við sitt og engin skelfileg áföll. „Ég er glaður,“ segir Tómas og bætir við: „Forlagið getur verið mjög glatt.“ Jóhann getur ekki neitað því en í kjölfarið hefst enn á ný umræðan um risann, auglýsingakostnað og grænar baunir.


VISTHÆFIR BÍLAR




Tilkynning frá Reykjavíkurborg vegna breytinga á skilgreiningum á visthæfum bifreiðum.



**Bifreiðar sem uppfylla neðangreindar kröfur teljast visthæfar:**

a) bifreiðar með brunahreyfil sem gefa frá sér minna en 50 g af koldíoxíði pr. km í blönduðum akstri og með skráða eigin þyngd minni en 1800 kg.
b) bifreiðar með brunahreyfil sem gefa frá sér minna en 100 g af koldíoxíði pr. km í blönduðum akstri og með skráða eigin þyngd minni en 1600 kg.
c) bifreiðar með brunahreyfil sem ganga fyrir metani og skráð eigin þyngd er minni en 1600 kg.
d) bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni, rafgeymabílar og skráð lengd minni en 5 m.
e) bifreiðar sem ganga fyrir vetni og skráð lengd minni en 5 m.

**Ef bifreið er á nagladekkjum telst hún ekki visthæf.**

Visthæfum bifreiðum má leggja án endurgjalds í 90 mínútur í gjaldskyld bílastæði borgarinnar og gildir einungis með klukkuskífum útgefnum af Reykjavíkurborg. Ekki er heimilt að framlengja tíma í sama stæði umfram 90 mínútur.

P BÍLASTÆÐASJÓÐUR

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2015 og gilda til 31. desember 2016.

**Fegurðin býr í bókum**
www.crymogea.is

Barónsstígur 27/101 Reykjavík
(354) 511 0910

**Crymogea**

**Fyrsta sæti á Bóksölu-listanum yfir söluhæstu matreiðslubækur**
1. — 7. desember 2014

# Fræðandi, flott og fyndin




★★★★½

**„Höfundarnir hafa haft einstaklega gaman af að skrifa þessa bók. Það má greina skríkjandi kátínuna. Og teikningarnar eftir Rán Flygenring sem prýða bókina eru rétt eins og annað í þessari vönduðu bók fræðandi, flottar og fyndnar í senn.“**
Malín Brand, Morgunblaðið

**„Falleg og eiguleg bók. Fjörlega skrifuð og stútfull af næringarríku staðreyndasmælki um allt milli himins og jarðar. Og bjór.“**
Þorgeir Tryggvason, Kjarninn







Stefán Pálsson og
Höskuldur Sæmundsson
Teiknað af Rán Flygenring

**Bjór**
Umhverfis jörðina
á 120 tegundum

# VÖLD OG TITLAR VERÐA EFTIR ÚTI

**Gunný Ísis Magnúsdóttir** ræðir um fíknina, andlegt anarkí, trúarbrögð og tilraunir til sjálfheilunar. Hún leggur nú lokahönd á heimildarmynd um svitahof, oftar kallað svett, sem hún er sérstök áhugamanneskja um og stundar af kappi.




Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is


Fólk sem fer óhefðbundnar leiðir í lífinu hefur alltaf vakið áhuga minn. Það er langskemmtilegasta fólkið," segir Gunný Ísis Magnúsdóttir, mastersnemi í þjóðfræði. Gunný hefur lagt áherslu í námi sínu á að rannsaka jaðarmenningu, með tilliti til valds og menningar í grasrótarmenningu. Hún hefur samhliða náminu rekið gallerí ásamt eiginmanni sínum, Tolla Morthens, að Hólmaslóð 2 og eytt síðastliðnum þremur árum í að útbúa heimildarmynd um svitahofsmenningu á Íslandi, oftar kallað svett, ásamt tökumanninum Jóni Má Gunnarssyni. Nú í mánuðinum stendur til að frumsýna myndina, sem er hluti af útskriftarverkefni Gunnýjar.

### Andlegt anarkí sem heillar

„Það ríkir ákveðið andlegt anarkí í svitahofinu sem ég finn að á svo vel við mig," útskýrir Gunný og heldur áfram. „Svitahofið hefur verið stundað hér á landi í um það bil þrjátíu ár og hópurinn sem stundar svett, eins og það er gjarnan kallað, fer vaxandi og verður sífellt fjölbreyttari. Í upphafi var þetta eingöngu fólk sem tengdist nýaldarviðhorfum, en nú velja sífellt fleiri sér þessa leið til andlegrar iðkunar. Það er svo miklu skemmtilegra að stútfylla hausinn af boðefnum og samskiptum við fólk sem fer óhefðbundnar leiðir í lífinu, en öðrum efnum," útskýrir Gunný og hlær.

Hefðbundið svett gengur þannig fyrir sig að farnar eru fjórar umferðir inn og út úr tjaldi, þar sem er mikill hiti. Við hverja umferð eru sungnir söngvar sem leiða athöfnina áfram í tjaldinu, en söngvarnir falla allir að hreinsun anda og líkama. Athöfnin getur tekið hátt í þrjá klukkutíma hverju sinni.

### Notaði efni til sjálfheilunar

Gunný segir fólk af öllum stigum samfélagsins sækja svett, en vissulega sé mikið um að fyrrverandi fíklar sæki sér þessa leið til heilunar.

„Ég held að það sé engin tilviljun. Þetta er hópur fólks sem leitar eftir leiðum til að bæta líf sitt. Allflestir sem leiða svitahofin hér á landi eru fyrrverandi fíklar og það hefur auðvitað áhrif líka. Þessi hópur kýs oft að fara óhefðbundnar leiðir og er heillaður af þessari andlegu leið," útskýrir hún og segist sjálf hafa tekið ákvörðun um að lifa andlegu lífi áður en hún fór að stunda svitahofið.

„Ég held líka almennt séð að margir sem upplifa sársauka eða ofbeldi á ævinni leiti í andleg málefni og í sjálfsvinnu. Sú var raunin með mig. Ég hef nefnilega alltaf verið leitandi, síðan ég man eftir mér. Leitandi eftir einhverju sem gæti leyst úr flækjum í mér, sem ég veit núna að eru tengdar áföllum úr æsku minni. Þegar ég var yngri fór ég að nota hugbreytandi efni í tilraun til sjálfsheilunar. Það virkaði reyndar ágætlega til að byrja með, að fá tímabundna útgönguleið út úr sjálfri mér, en síðan fóru afleiðingarnar að verða of miklar og kvölin varð alltaf meiri og meiri," segir Gunný sem sótti sér meðferð árið 1995 og hefur verið edrú allar götur síðan.

„Eftir að ég varð edrú fór ég að skoða ýmislegt sem tengist andlegum málum og meðal annars leitaði ég í svitahofið. En ég hef aldrei getað tilheyrt neinum andlegum söfnuði. Ætli ég sé ekki of mikill anarkisti til þess," segir Gunný og hlær. „Reyndar vil ég tilheyra 12 spora söfnuði. Hann er líka í eðli sínu anarkí þó svo að fólk vilji oft setja einhvern trúarsafnaðarstimpil á 12 spora samtök. Þau hreinsa sig sjálf af því jafnóðum."

### Aldrei dauð stund

Gunný er gift Þorláki Hilmari Morthens, sem landsmenn þekkja sem myndlistarmanninn Tolla Morthens. „Við kynntumst 1996 og giftum okkur árið eftir. Við höfum allar götur síðan verið saman í þessari andlegu leit – en ekki endilega verið að gera það sama í þeim efnum. Hann er mjög skemmtilegur ferðafélagi í gegnum lífið. Ætli fyrrverandi svilkona mín hafi ekki hitt naglann á höfuðið þegar hún sagði um Tolla að hann væri bara þannig gerður að það væri aldrei dauð stund þegar hann væri annars vegar. Það reyndist rétt hjá henni, meira að segja eftir öll þessi ár. Það er alltaf stuð."

### Sjálfskoðuninni lýkur aldrei

En aftur að svettinu, þessari ótrúlega framandi athöfn sem blaðamaður verður sífellt áhugasamari um. Gunný lýsir því þannig að svitahofið líki einna helst eftir móðurkviði. „Þátttakendur þurfa að beygja sig og skríða á fjórum fótum inn í tjaldið. Inni í tjaldinu er svo mikill raki og myrkur. Í svett-athöfninni segja þátttakendur skilið við fortíðina hverju sinni og endurfæðast, þó ekki bókstaflega og ekki til þess að verða eitthvað annað eða nýtt, heldur frekar til að tengjast upprunalegum kjarna sínum. Á þann hátt kveðja þátttakendur það „gamla" og öðlast nýtt upphaf á táknrænan hátt í þökk og virðingu við forfeðurna og móður jörð," útskýrir hún, hæfilega alvarleg. „Svitahofið er bara algjörlega einstakt andlegt ferðalag. Það er staður ákveðinnar manndómsraunar. Fólk fær tækifæri til að finna hjá sér nýtt úthald, hugrekki og styrk. Þetta er ótrúlega öflugur vettvangur til sjálfskoðunar."

Gunný segir engar tvær upplifanir úr svitahofinu eins. „Í hverju svetti kemur ný reynsla – það eru engin tvö svett eins, en hvert og eitt þeirra færir mann einhvern veginn nær þekkingunni um sjálfan sig. Aftur á móti er hægt að líkja þekkingunni um sig sjálfan við endamörk alheimsins – sjálfskoðun lýkur í rauninni aldrei – en í hvert skipti kemst maður aðeins nær því að vita hver maður er," útskýrir hún og bætir við. „Ég hef heldur aldrei farið í svitahof þar sem ekki hefur myndast falleg orka á milli þeirra sem taka þátt. Það fallegasta við svettið er hversu ólíkur hópur fólks getur tengst í gegnum þessa athöfn, stjórnmálamenn, meðlimir í mótorhjólasamtökum og grunnskólakennarar hugleiða og syngja saman í svetti, í algjörri einingu, þar sem allt þetta sem skiptir máli fyrir utan hofið á ekki við. Allir titlar og öll völd eru skilin eftir fyrir utan hofið," heldur Gunný áfram og bætir við að það sé óhætt að segja að svettið sé eitt mesta áhugamál þeirra hjóna og vina þeirra.

*En ertu þá trúuð í hefðbundnum skilningi eða ertu andlega þenkjandi? Og hver er munurinn þar á?* „Í dag trúi ég, já. En trú hefur oft verið tengd við trúarbrögð og sumt fólk er viðkvæmt fyrir því. Það vill þá kannski frekar tala um sig sem andlega þenkjandi. Ég skil það því ég var þannig líka, en ekki lengur. Mér er alveg sama núna. En ég hef alveg pælt í þessu með trúarbrögðin og andúðina gagnvart þeim. Ég held að fyrir suma búi trúarbrögð og til að mynda kirkjur eða aðrar trúarlegar byggingar yfir svo miklu valdi. Þegar þú hefur verið beittur valdi þá hefur það áreiðanlega fælingaráhrif. Það er allavega ein hlið á málinu, en auðvitað eru fleiri ástæður sem hægt er að tíunda fyrir andúð gagnvart trúarbrögðum. Í mínu tilfelli var þetta ástæðan. Mér leið alltaf illa í kirkjum, til dæmis. En það var í þessari eilífu andlegu leit minni sem ég fór að skoða sögu mína í tengslum við ofbeldi og neyslu með þerapista. Það var þá sem ég komst einhvern veginn í betri tengsl við sjálfa mig og fór að trúa," útskýrir Gunný. „Á endanum get ég svo vonandi sagt: Ég veit hver ég er, en það er klárlega lokamarkmiðið."

### Útilokar ekki fleiri heimildarmyndir

Heimildarmyndin um svett er sú fyrsta úr smiðju Gunnýjar sem getur vel hugsað sér að búa til fleiri heimildarmyndir. „Það var mjög áhugavert fyrir mig, sem hef fram að þessu verið þátttakandi í svitahofinu, að standa utan við það og horfa á athöfnina í gegnum linsuna. Þá helst að sjá hvað fólkið, athöfnin, náttúran og öll umgjörðin er falleg þegar maður rammar það inn í mynd. Svo hefur öll rannsóknarvinnan í tengslum við svitahofið dýpkað skilning minn og aukið virðingu mína fyrir því hvað þetta stendur fyrir. En ég hugsa að ég klári að sýna þessa áður en ég fer að vinna að þeirri næstu," svarar hún þegar blaðamaður spyr hvort fleiri myndir séu í pípunum. „Ef af henni verður væri áhugavert að skoða betur ákveðin málefni í tengslum við fíkn og ofbeldi," segir Gunný að lokum, sem vill greinilega ekki gefa of mikið upp að sinni.



**ALLTAF VERIÐ LEITANDI** Gunný Ísis hefur aldrei getað tilheyrt andlegum söfnuði, en segir svett eiga mjög vel við sig.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég held líka almennt séð að margir sem upplifa sársauka eða ofbeldi á ævinni leiti í andleg málefni og í sjálfsvinnu. Sú var raunin með mig.

# Allar jólavörur með 20% afslætti um helgina













Opið:
Laugardag 11-17

**Z brautir**
& gluggatjöld
Faxafeni 14 - s. 525 8200 - www.z.is

## 20% afsláttur af öllum fatnaði um helgina




Opið: Laugardag 11-17 | Sunnudag 13-17

# LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | Sími 5516646

**nettó**

Í JÓLASKAPI

# JÓLABÆKLINGUR NETTÓ KOMINN ÚT!

Bæklingurinn í heild sinni er aðgengilegur á **netto.is**




**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




# TÖFRAR JÓLANNA ..BYRJA HJÁ NETTÓ

**Tilboðin gilda 11. - 17. des 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Veiðir villt dýr og byggir sér hús í Kalahari-eyðimörkinni

**Ásgeir Guðmundsson** flugstjóri er með þekktari og ævintýralegustu veiðimönnum landsins. Hann stundar veiðar í Namibíu og þar byggir hann sér lúxushús í miðri Kalahari-eyðimörkinni. Hann tekur unga syni sína oft með í veiðiferðir.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is





**EKKERT VENJULEGT HEIMILI** Ævintýramaðurinn Ásgeir Guðmundsson býr á 12.hæð í blokk en heimili hans er engin venjuleg blokkaríbúð. Hér á myndinni má sjá eðluna Illuga sem hann stoppaði upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann Ásgeir býr á 12. og efstu hæð í blokk í Kópavogi. „Það er kalt á toppnum,“ gantast hann í dyrasímann við blaðamann. Hann býr nánast í flughæð og hefur gluggasýn yfir fjöllin. Hann er með forláta staf úr sverðantilópuhorni og skeftið er úr tönn af vörtusvíni úr einni af veiðiferðum hans í Namibíu og í glannalegri jólapeysu, með plastvasa framan á. Í plastvasanum geymir hann iPad og á skjánum snarkar arineldur. „Þetta er orðin algjör árátta hjá mér, þessar jólapeysur,“ segir hann og býður blaðamanni inn í íbúð sína sem óhætt er að segja að sé engin venjuleg blokkaríbúð. Hann stingur við. Árið 2009 lenti Ásgeir í alvarlegu flugslysi sem hann hefur ekki jafnað sig á.

Heimili hans ber því glöggt vitni að þar býr veiðimaður og af allra ævintýralegustu gerð. Einn stofuvegginn hefur hann þakið með rauðleitum sandi úr Kalahari-eyðimörkinni. Í eldhúsinu hangir uppi rass af vörtusvíni. Hinum megin við eldhúsvegginn er höfuð svínsins.

Um alla veggi eru hausar af dýrum. Þrjár fínlegar antilópur horfa yfir stofuna, virðulegur og stór sebrahestur er í höfuðsæti. Í eldhúsinu risastór grár gnýr. Auk þess eru ótal myndir og munir úr veiðiferðum Ásgeirs. Ljós úr hornum og útskornum strútseggjum, spjót, skildir og fagurlega útskorin viðarhúsgögn.

### Skipuleggur veiðiferðir til Namibíu

Þær eru heldur óhefðbundnar veitingarnar sem hann býður upp á. Þurrkað antilópukjöt sem hann hefur fengið að gjöf og hefðbundin íslensk jólakaka sem hann býður blaðamanni að skola niður með jólaöli. Í einu horni eldhússins er risavaxin kynlífsdúkka sem hann segir hafa verið keypta í gríni. „Ég tek hana með í veiðiferðir fyrir veiðifélagana,“ segir hann og réttir blaðamanni þurrkað kjötið. „Þetta er kjarnafæði, þurrkuð antilópa. Sonur minn vill fá þetta með sér í nesti í skólann.“

Ásgeir stendur í stórræðum. Hann byggir sér risastórt hús í miðri Kalahari-eyðimörkinni með útisundlaug. Í Namibíu líður honum vel, þar hefur hann bundist fólki tryggðaböndum og unir sér við veiðar á villidýrum. Þótt hann byggi húsið fyrir fjölskylduna ætlar hann að skipuleggja nokkrar veiðiferðir fyrir fólk, fáa í einu. „Pálmi Gunnarsson tónlistarmaður ætlar að fara með mér og veiða tígurfisk á næstunni. Ég vil að fólk njóti þess að ferðast með mér og skjóta, hvort sem það er með myndavél eða byssu. Kalahari-eyðimörkin er ægifögur og mikil upplifun að ferðast þangað.“

### Fögur og villt náttúra

Ásgeir kynntist Namibíu í flugferðum sínum. Hann hóf störf við Cargolux árið 1995 og flaug með félaginu víða um heim. „Ég er enn skráður til heimilis í Lúxemborg, þar leigi ég íbúð hjá vini mínum. Heimili mitt á Íslandi er aðeins eitt af mörgum heimilum. Ég er mikill flökkumaður. Ég flaug með Cargolux allt þar til ég lenti í flugslysi 2009. Oft var flogið til Afríku og stoppað í nokkra daga. Þá vildi ég nota tímann og í stað þess að hanga á hóteli og horfa á sjónvarpið fór ég á veiðar.“

Sveinbjörn Bjarnason flugstjóri kynnti hann fyrir Oujan Van Wyk, bónda í ferðaþjónustu, og nú byggir hann lúxushús sitt á landi hans. „Þetta er bara eins og að eiga sumarhús fyrir austan,“ segir Ásgeir og segir tilkostnaðinn ekki meiri. Byggingarkostnaður sé ekki hár í Namibíu. „Það er bæði gott og öruggt að dvelja þarna, þeir sem koma þarna með mér verða undrandi á því hversu mikil líkindi eru með Evrópu og Namibíu. Glæpir eru fátíðir og fólkið gott. Og náttúran, hún er engu lík. Fögur og villt.“

Hann sýnir blaðamanni ljósmyndir af byggingu hússins og hugmyndir sínar um frekari innanhússhönnun. Hann hefur fest kaup á dýrindis ljósakrónu úr hornum sem verður skreytt með strútseggjum. Úti verður sundlaug sem hægt verður að kæla sig niður í eftir veiðar dagsins.

### Eins og Jurassic Park

Í stofunni er hattastandur með þremur vígalegum veiðihöttum úr antilópuskinni. Á standinum er uppstoppuð grænkemba (iguanaeðla). Ansi vígaleg. „Íbúðin mín var einu sinni eins og Jurassic Park. Þetta er hann Illugi. Ég lét stoppa hann upp. Konan var ofsalega hrædd við hana,“ segir hann frá og nefnir atvik þar sem eðlan slapp út og gekk berserksgang. Hún komst upp í gluggasyllu og þar óx henni ásmegin og ruddi niður vösum. „Bitið í þessu er svo öflugt. Ef hann hefði verið kvenkyns þá hefði ég nefnt hann Bergljótu,“ segir hann og glottir við.

Hann mátar einn hattinn fyrir ljósmyndara og býðst svo til að sýna þau vopn sem eru á heimilinu. Sýnir boga sem hann er byrjaður að prófa að veiða með. Vopnin geymir hann í læstum skáp í þvottahúsinu. Hann opnar bogatöskuna í svefnherberginu, þar eru líka ótal uppstoppaðir fuglar, uglur og hrafnar. Hann spennir bogann og sýnir handtökin. Hann tekur líka upp hreindýrabyssuna sem er vígaleg. „Því miður er aðalbyssan mín úti, ég hefði viljað sýna ykkur hana.“

### Tekur synina með

Allir veggir heimilis hans virðast skreyttir framandi dýrum. Ásgeir segir veiðarnar fjölbreyttar. Hann veiðir helst antilópur, sebrahesta og vörtusvín í Afríku. Hér heima fer hann í lax og silung, hreindýr og fuglaveiðar. Hver er erfiðasta veiðin? „Ég veit það ekki, ekkert kemur upp í hugann. Það er íslenska rjúpan sem er erfiðast að veiða,“ segir hann og skellir upp úr. En mest framandi? ▶

## Margir Íslendingar hafa starfað í Namibíu




Namibía er stórt land. **Um 825.000 $m^2$**

Íbúarnir eru **um 2,1 milljón**

7% þjóðarinnar **eru hvítir**

Árið 1990 varð Namibía **sjálfstætt ríki**

Landamærin liggja að **Angóla, Sambíu, Botsvana** og **Suður-Afríku.**

**Fiskveiðar** og **vinnsla á fiski** er vaxandi iðngrein í Namibíu og hafa margir Íslendingar starfað í landinu að þróun iðnaðarins.

> Íbúðin mín var einu sinni eins og Jurassic Park. Þetta er hann Illugi. Ég lét stoppa hann upp. Konan var ofsalega hrædd við hana.

> Þetta er kjarnafæði, þurrkuð antilópa. Sonur minn vill fá þetta með sér í nesti í skólann.

> Það er bæði gott og öruggt að dvelja þarna, þeir sem koma þarna með mér verða undrandi á því hversu mikil líkindi eru með Evrópu og Namibíu. Glæpir eru fátíðir og fólkið gott. Og náttúran, hún er engu lík. Fögur og villt.

# LEGGÐU GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI!






## NÆTURFRIÐUR

„Allt sem við þurfum til að verða hamingjusöm
býr nú þegar innra með okkur“ Tolli

Bókin ÁST OG FRIÐUR eftir Tolla fylgir 50 fyrstu sængurverasettum á laugardag.
Tolli verður hjá okkur og áritar bókina frá kl. 14.30 á laugardaginn.

Sængurfötin eru með fjórum mismunandi listaverkum. Framleidd af Elegante
úr Maco Satin bómull. Sængurver 140x200 cm. og koddaver 50x70 cm.

Fullt verð: 34.900 – **JÓLATILBOÐ 29.665**



elegante
bed-linen fashion

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18,
lau. frá kl. 11-16 og sun. kl. 13-17.

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

ERTU AÐ SKRIFA?

Forlagið og Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir börn og unglinga, að lágmarki 50 ritvinnslusíður að lengd, til að keppa um **Íslensku barnabóka-verðlaunin 2015.** Skilafrestur er til 15. febrúar n.k. Verðlaunin nema 500.000 krónum auk höfundarlauna.

Handritum skal skila í fjórum eintökum til:

**Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka**
**Forlagið**
**Bræðraborgarstíg 7**
**101 Reykjavík**

**Handrit á að merkja með dulnefni en rétt nafn höfundar fylgi með í lokuðu umslagi. Nánari upplýsingar á www.forlagid.is**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is






**SEBRAHESTUR** Ásgeir er hér við sebrahest sem hann felldi.



**FEÐGAR VIÐ BRÁÐ** Ásgeir með Alfreð Loga syni sínum eftir að hafa fellt Kudu-antilópu.

„Ætli það sé ekki páfugl sem ég skaut á Nýja–Sjálandi. Ég hef ekki skotið tígrisdýr eða ljón en lenti einu sinni í því að þurfa að aflífa gíraffa. Það fannst mér ömurlegt og svo sannarlega upplifði ég ekki veiðimanninn í mér. Mér fannst það erfitt verk. Ég gaf síðan lim gíraffans á Reðursafn Íslands, ég er svokallaður heiðurslimur safnsins en gíraffalimurinn er sá þriðji stærsti þar.“

Synir Ásgeirs hafa farið með föður sínum til veiða. Á vegg er ljósmynd af honum að skipta um kúkableyju á árbakka. „Þetta var þriggja punda kúkableyja,“ segir hann og hlær. Mér finnst gott að hafa strákana mína með mér. Ég neyði þá ekki með, þeir hafa gaman af þessu. Ég vonast til að fara með alla strákana næsta sumar. Sá yngsti var tveggja ára þegar hann kom með mér en man því miður ekki eftir því.“



**TEIKNINGAR** Húsið verður hið glæsilegasta, sundlaug við húsið og falleg umgjörð.

### Sárin gróa aldrei

Ásgeir missti félaga sinn í flugslysi 2009. Sárin gróa aldrei.

„Ég á aldrei eftir að jafna mig. Ég er með mænuskaða, þess vegna geng ég eins og gangster. Ég þurfti aðeins að taka til í eigin lífi eftir slysið. Það er mikið áfall að missa besta félaga sinn og ekkert sem maður kemst yfir á ævinni. Ég þarf að reyna að lifa með þessu.“

Hluti af því að takast á við áfallið hefur falið í sér að finna nýjan takt í lífinu. Í hans tilfelli að ferðast í Afríku. „Eftir að ég hætti að fljúga hef ég haft nóg að gera. Ég er búinn að fara fjórum sinnum til Afríku á þessu ári. Maður verður að reyna að gera eitthvað. Ég ákvað að halda áfram að ferðast og ævintýrin, þau eru alltaf á næsta leiti.“







# FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN

## Hamborgarhryggur og hangikjöt í 1. sæti!

Síðastliðin ár hafa hamborgarhryggir og hangikjöt frá Norðlenska skarað fram úr í bragðkönnunum DV. Ár eftir ár hafa neytendur sett traust sitt á Norðlenska þegar kemur að jólamatnum. Fyrir það erum við þakklát og ætlum að halda áfram að uppfylla kröfur um indæla jólasteik.

**BRAGÐKÖNNUN MATGÆÐINGA DV**

**2014 – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti**
**2014 – KEA-hangikjöt í 1. sæti**
**2013** – Nóatúns-hamborgarhryggur í 1. sæti
**2013** – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
**2012** – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
**2011** – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
**2011** – Sambandshangikjöt í 1. sæti
**2011** – Húsavíkur- og KEA-hangikjöt í 3.-5. sæti
**2010** – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
**2009** – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti

NORÐLENSKA

KEA GOÐI BAUTA BÚRIÐ Fjalla HANGIKJÖT Sambands Hangikjöt

ENNEMM / SÍA / NM66347



**Í SÓFANUM** „Ég er aldrei að gera ekki neitt,“ segir Halldóra og grípur prjónana meðan myndin er tekin. Sófamálverkið er eftir Geir Pálsson, frænda hennar á Stöðvarfirði.



**HLERI** Fyrir ofan tvennar dyr uppi eru málverk af degi og nótt. Hér brosir sólin sjálf.



**EFRI HÆÐIN** Orkusúlan er áberandi í miðju húsinu, öll herbergin umhverfis eru stór og björt.

# ÞAÐ Á ENGINN ANNAR SVONA HÚS

Skammt innan við þorpið á Djúpavogi er stjörnulaga hús sem heitir því kúnstuga nafni Kápugil og stendur þar sem þrjár orkulínur eru taldar mætast. Þar búa hjónin **Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir** og **Albert Jensson** með þremur börnum sínum.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Það er verst hvað dimmviðrið er mikið í dag. Við erum með Búlandstind í bakgarðinum en nú grillir ekki í hann,“ segir Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir brosandi þegar bankað er upp á hjá henni í Kápugili við Berufjörð. Hún býr með fjölskyldu sinni í stjörnulaga húsi inn á milli kletta og erindið er að fá að kíkja inn og komast í nánd við einstaka orkustrauma sem um húsið liggja.

### Ræður öllu

Halldóra er hvorki meira né minna en leikskóla-, grunnskóla og tónskólastjóri á Djúpavogi. „Ég ræð öllu, segi ég stundum við krakkana,“ segir hún hlæjandi. En það er ekki um starfið hennar heldur húsið sem við erum sérstaklega forvitin. „Já, þetta er skrítið hús og það er ofboðslega góður andi í því. Öllum sem koma hingað finnst koma friður og ró yfir þá,“ segir Halldóra. „Sá sem byggði húsið heitir Emil Björnsson, hann er ættaður frá Teigarhorni og er mikill útivistarmaður. Hann teiknaði húsið fyrst sem píramída, ætlaði að hafa það í laginu eins og Búlandstind. En svo sá hann að efri hæðin yrði alltof þröng og togaði hornin út. Þegar horft er á húsið ofan frá er það eins og stjarna og öll herbergin í því eru stór og björt. Eitt er víst, það á enginn annar svona hús.“

Halldóra hefur það eftir húsbyggjandanum, fyrrnefndum Emil, að þrjár orkulínur mætist í súlu sem gengur upp í gegnum húsið. Þær komi frá nálægum stöðum sem kraftur streymi frá, meðal annars Búlandstindi. „Hér er mikill orkupunktur,“ segir hún og styður hendi á súlu á neðri hæðinni sem hún segir enn greinilegri á þeirri efri – og það passar.

### Ætluðu að vera eitt sumar

Halldóra Dröfn og eiginmaður hennar, Albert Jensson, eru Stöðfirðingar sem komu á Djúpavog 1995. „Við ætluðum að vera hér eitt sumar. Albert fór að þjálfa fótbolta en ég var nýútskrifaður kennari og ætlaði að fara heim á Stöðvarfjörð að kenna um haustið. Svo voru allar kennarastöður dekkaðar þar en hér vantaði kennara svo ég hugsaði, ah, jæja, ég verð þá einn vetur hér. En svo ílengdumst við. Bjuggum fyrst þrjú ár úti í þorpi en langaði alltaf að eiga hús aðeins utan við bæinn, svo frétti ég einn daginn á kennarastofunni að Kápugil væri til sölu. Við fengum að kíkja á það sama dag og ekki varð aftur snúið. Við fluttum hér inn 4. maí 1998 og erum mjög hamingjusöm, enda í dásemdarumhverfi.“

### Margir reka upp stór eyru

Eftir skoðunarferð um þetta skrítna hús kíkjum við á garðinn. Tilkomumikill klettur setur svip sinn á hann, þar búa hollvættir heimilisins, að sögn Halldóru. Hreindýrin hafa eyðilagt sum trén enda virða þau engar hindranir eins og girðingar. Rjúpa kurrar í grenndinni og uppi í hlíðinni blasir við gil, Kápugil. „Margir reka upp stór eyru þegar þeir heyra bæjarnafnið Kápugil,“ segir Halldóra. „Venjulega sagan er mjög einföld, að það hafi verið kind sem hét Kápa sem hafi haldið til í gilinu. En sagan sem við höldum á lofti er að Kápa hafi verið tröllskessa. Það er drangur hér rétt fyrir ofan og þar segjum við að hún hafi orðið að steini, þessi elska. Ekki varað sig einn morguninn þegar sólin kom upp.“



**KÁPA** „Við teljum að Kápa hafi verið tröllskessa sem hafi orðið að steini þegar sólin kom upp einn morguninn,“ segir Halldóra Dröfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KÁPUGIL** Upphaflega var húsið teiknað eins og píramídi en var svo breytt í stjörnu.


„BREGST EKKI AÐDÁENDUM SÍNUM“
2. sæti
BÓKSÖLULISTINN - ALLAR BÆKUR
1.-7. DESEMBER
„Yrsa bregst ekki aðdáendum sínum í því að koma þeim **gjörsamlega í opna skjöldu.**“
Friðrika Benónýs, Fréttablaðinu
„[Yrsa] á fínu flugi og þegar líður á lesturinn er **erfitt að leggja bókina frá sér** og fara að gera eitthvað annað, til dæmis að fara að sofa.“
Yngvi Þór Kormáksson, bokmenntir.is
YRSA
DNA
„Verk Yrsu standast samanburð við það sem best gerist í glæpasögum samtímans, hvar sem er í heiminum.“
TIMES LITERARY SUPPLEMENT
„Yrsa kann það sem mestu máli skiptir, að **fylla lesandann spennu og óvissu,** gróðursetja í honum hrylling og skelfingu.“
ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR, FRÉTTATÍMANUM
VERÖLD
DYNAMO REYKJAVÍK



GUCCI

GUCCI

TOM FORD

BALENCIAGA

CHANEL

**Adda Soffía Ingvarsdóttir**
adda@frettabladid.is

# SLAUFUR, SAMFESTINGAR OG STUTT PILS

Nú þegar jólahátíðin nálgast er ekki seinna að vænna að byrja að huga að jóladressinu. Þá er tilvalið að næla sér í innblástur úr haust- og vetrartískunni sem sýnd var fyrr á árinu. Áhrif frá tísku sjöunda áratugarins sést í styttri pilsum og kjólum með A-sniði. Há stígvél sem fara einstaklega vel við stuttu pilsin eru einnig vinsæl. Fallegur samfestingur er eitthvað sem allir ættu að eiga, en auðvelt er að klæða þá upp eða niður eftir þörf. Litapallettan er einföld en hátíðleg, djúprauður og gylltur í bland við klassíkina, svart og hvítt.



SAINT LAURENT



SAINT LAURENT



MICHAEL KORS



SAINT LAURENT



VICTORIA BECKHAM

nettó
Í JÓLASKAPI

# FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN




KJÖTSEL HAMBORGARHRYGGUR




KEA HAMBORGARHRYGGUR

Nettó er eina verslunarkeðjan sem býður upp á bæði Kjötsels- og Kea hryggina sem skipuðu 2 efstu sætin í bragðkönnun DV.




**SUNNUDAGUR Í SUNNUBÚÐINNI Í MÁVAHLÍÐ** Myndin er tekin snemma á áttunda áratugnum þegar kvöld- og sunnudagssalan fór fram um gluggaop.



**Í LOK VINNUDAGS** Elsa Friðriksdóttir, eiginkona Óskars, og Rósa dóttir þeirra en öll fjölskyldan tók mikinn þátt í búðarrekstrinum.



**ÓSKAR Í SUNNUBÚÐINNI Í UPPHAFI ÁRS 1971** Eins og sjá má voru innkaupakerrurnar ekki gerðar fyrir stórinnkaup á fyrstu árum kjörbúðanna og nælonsloppar voru komnir í stað gömlu léreftssloppanna.



**GAMLIR SENDISVEINAR Í SUNNUBÚÐINNI** Pétur Sveinbjarnarson framkvæmdastjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, síðar borgarstjóri, Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, og Friðrik Sophusson, þáverandi fjármálaráðherra, komu saman með Óskari, fyrrum húsbónda sínum, snemma á tíunda áratug 20. aldar.

# Mannlegu samskiptin ber hæst

**Jakob F. Ásgeirsson** hefur skráð sögu **Óskars í Sunnubúðinni** í bókinni Kaupmaðurinn á horninu. Þar lýsir Óskar Jóhannsson yfir fjörutíu ára ferli í matvöruverslun. Hér er gripið niður á tveimur stöðum í bókinni, sem fjalla um hlátur og verkfall.

**Kaupmaðurinn á horninu — Óskar í Sunnubúðinni segir frá**
Höfundur **Jakob F. Ásgeirsson**
Útgáfa **Ugla**
Fjöldi síðna **288**

Í daglegum innkaupaferðum sínum í mjólkurbúðina, fiskbúðina eða bakaríið hittust nágrannakonurnar í búðinni „sinni“. Þar voru málin rædd á léttu nótunum þeirra á milli og við afgreiðslufólkið og kaupmanninn. Oft var mikið hlegið í þessum félagsmiðstöðvum hverfanna. Mér fannst ummæli einnar konunnar lýsa vel heilsulindinni, sem þessar stundir voru, þegar hún mætti í hópinn eftir að hafa legið í inflúensu í viku:

„Það tafði fyrir batanum að ég komst ekki út í Sunnubúð til að hlæja með ykkur.“

Í þessum félagsskap þróaðist einlæg vinátta og samkennd — og orðið „viðskiptavinur“ öðlaðist meiri og dýpri merkingu. /…/

Þegar ég læt hugann reika um það tímabil ævi minnar sem ég var einn af kaupmönnunum á horninu minnist ég auðvitað langra vinnudaga, en það eru mannlegu samskiptin sem hæst ber og bjartast er yfir. Ég verð ævinlega þakklátur fyrir vináttu og hlýhug alls þess fólks sem ég átti samskipti við í Sunnubúðinni.

•

Eftir því sem verkfallið [1955] dróst á langinn jókst harkan í aðgerðum verkfallsmanna. Allar flutningaleiðir til borgarinnar voru lokaðar. Vesturlandsveginum var lokað við brúna yfir Úlfarsá. Þar voru tveir hópar manna. Annar hópurinn skoðaði í bílana sem voru á leið í bæinn. Hinn hópurinn lokaði veginum með símastaur en tók hann frá þegar gefið var merki um að enginn varningur væri í bílunum og þeir mættu fara í gegn.

/…/ Margar vörutegundir voru ófáanlegar. Mjólkinni var hellt niður í sveitunum, þar eð hún komst ekki til neytenda. Borgin var orðin kjötlaus og við höfðum lítið sem ekkert að selja í kjötbúðunum.

Ég lagði á ráðin um að fá kjöt frá Borgarnesi, því að þar átti ég góða að. Fimmtíu dilkaskrokkar voru pantaðir hjá kaupfélaginu. Rútubílstjórinn gat komið þeim fyrir aftast í rútunni með því að taka nokkrar sætaraðir úr henni. En hann sagðist ekki vilja standa í illindum við verkfallsverði og því yrði ég að mæla mér mót við hann uppi á Kjalarnesi og taka kjötið þar úr bílnum. Ég tók allt nema bílstjórasætið úr stationjeppa Sunnubúðarinnar, sem var ómerktur, og fékk ungan pilt á Dodge Weapon-jeppa frá Sendibílastöðinni til að koma með mér. Við biðum eftir rútunni á tilteknum stað, fórum inn í malargryfju og vorum fljótir að stafla 20 skrokkum í minn bíl og 30 í sendibílinn.

Rútan fór nokkru á undan, svo fór ég á jeppanum með teppi breidd yfir skrokkana. Ég bað sendibílstjórann að koma u.þ.b. 10 mínútum á eftir mér, ef tafir skyldu verða við hliðið sem verkfallsverðirnir höfðu komið fyrir við brúna og ég myndi þá mæta honum ef mér yrði snúið við.

Við Álafoss stóð eldri kona við veginn og bað um far í bæinn sem var algengt þá. Ég sagði henni að sætið væri kalt. „Það gerir ekkert til,“ sagði hún og settist á teppið.

Þegar við komum að hliðinu var bíll á undan mér sem búið var að skoða og gefið var merki um að hann mætti fara í gegn. Gamla konan hefur væntanlega virst svo sakleysisleg eða kannski var það eymdarsvipurinn af kuldanum sem gerði það að verkum að einn úr verkfallshópnum rétti upp höndina til merkis um að við mættum fara líka.

Um leið og bíllinn var kominn fram hjá verkfallshópnum sá einn vörðurinn skankana sem stóðu undan teppunum og öskraði:

„Bíllinn er fullur af kjöti!“

Ég steig bensínið í botn og skaust fram hjá þeim sem voru með staurinn, en það munaði aðeins sekúndubrotum að þeim tækist að leggja hann í veg fyrir mig.

Ég hélt áfram eins hratt og bíllinn komst þar til ég setti konuna út innarlega við Laugaveg.

Fljótt flaug fiskisagan um Hlíðarnar að það fengist kjöt í Sunnubúðinni og var ös út úr dyrum þar til allt var uppselt. Stuttu eftir að ég kom í búðina hringdi sendibílstjórinn frá kaupfélagsbúðinni í Mosfellssveit. Honum var snúið við með kjötið. Verkfallsvörður, sem hann þekkti, sagði honum að jeppinn, sem þeir hefðu til afnota, væri að elta þrjót sem hefði ruðst í gegn. Verkfallsvörðurinn bætti við:

„Og rétt áðan slapp annar djöfull með fullan bíl af kjöti fyrir bölvaðan klaufaskap og þá var enginn bíll til reiðu til að elta hann á!“



25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NORTH FACE FATNAÐI
SJÓNAUKI
SILVA POCKET 8
7.990 KR.
DÚNÚLPUR Í ÚRVALI
NORTH FACE
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
VINSÆLU
SCARPA MOJITO
LITAGLÖÐU SKÓRNIR
23.990 KR.
SKÍÐAHJÁLMAR
FULLORÐINS FRÁ 11.990 KR.
BARNA FRÁ 8.990 KR.
SKÍÐAGLERAUGU
FULLORÐINS FRÁ 7.990 KR.
BARNA FRÁ 4.290 KR.
20%
JÓLAAFSLÁTTUR
AF MEINDL GÖNGUSKÓM
20%
PAKKAAFSLÁTTUR
EF KEYPT ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÓR
Skíðin eru í Glæsibæ og Smáralind
BAKPOKAR
DEUTER FUTURA
DAGPOKAR
FRÁ 19.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

**Nikon S32**
Frábær vél fyrir krakkana, vatnsheld og höggheld og
**bakpoki fylgir!**
VERÐ
19.995
FRÁBÆRT VERÐ

42" 47"
ambi light 2
PHILIPS
3D SMART LED FULL HD

**Philips 42/47PFT6309**
3D Smart LED TV snjallsjónvarp með Full HD og Pixel Plus HD og Ambilight 2 bakljósum. 200Hz Perfect Motion Rate, Skype. Wi-Fi. Apple / Android síma- og spjaldtölvuapp og fleira.

42" Philips 42PFT6309
JÓLATILBOÐ
139.995
FULLT VERÐ 169.995

47" Philips 47PFT6309
JÓLATILBOÐ
179.995
FULLT VERÐ 239.995

Bluetooth
PHILIPS FIDELIO

**Philips P9X Fidelio**
Vandaður Bluetooth hátalari með innbyggðri lithium rafhlöðu sem endist allt að 8 klst. 20w RMS magnari, wOOx hljómtækni, NFC og aptX.
JÓLATILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 49.995

PHILIPS
Bluetooth

**Philips BT5500B**
3W hátalari með þráðlausri NFC aptX Bluetooth tengingu. 10W RMS magnari. USB. Innbyggður hljóðnemi. Hleðslurafhlaða.
JÓLATILBOÐ
19.995
FULLT VERÐ 24.995

Bluetooth
Panasonic

**Panasonic SCPM250**
20W samstæða með geislaspilara og Bluetooth. Panasonic Streaming App. D.Bass. FM útvarp með RDS. Tónjafnari. USB. Klukka með vekjara og svefnrofa.
JÓLATILBOÐ
27.995
FULLT VERÐ 34.995

NUDDSÆTI, HITATEPPI OG BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLAR OG HEILSUVÖRUR Í ÚRVALI
MEDISANA®
made for Life
3ja ára ábyrgð!

50"
PHILIPS

**Philips 50PFT4309**
50" LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 100Hz perfect motion rate. Digital Crystal Clear. 2 HDMI og USB tengi.
JÓLATILBOÐ
129.995
FULLT VERÐ 149.995

CASIO

**Casio CTK1200**
Hljómborð með 5 áttundir og 61 nótu. 100 hljóð og 100 rýþmar. 12 nótna pólifónía. 100 æfingalög. LCD skjár. Notar 6x AA rafhlöður. Tengi fyrir heyrnatól.
VERÐ
24.995
FRÁBÆRT VERÐ

DēLonghi
Dolce Gusto
GREAT COFFEE
YFIR 30 TEGUNDIR AF KAFFI

## FLOTTUR KAUPAUKI

Macintosh, box undir kaffikylki og 4 kaffikrúsir samtals **að verðmæti 8.480 fylgja Dolce Gusto** meðan birgðir endast.

## HLJÓMTÆKI OG HÁTALARAR 20% JÓLAAFSLÁTTUR

NAD
psb SPEAKERS
DALI
DENON

HREIN SNILLD!
iRobot

**iRobot Braavia 380**
Sjálfvirk hljóðlát skúringarmoppa, bæði fyrir blautt og þurrt.
JÓLATILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ 54.995

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

tl.is

TÖLVU LISTINN

# TÖLVUGJAFIR Í JÓLAPAKKANN !



## TOSHIBA

### KOMIN AFTUR !

Þessi vinsæla Intel Pentium vél var uppseld en við vorum að fá aukaskammt í hús fyrir jólin. Intel Pentium örgjörvi og ótrúlegt jólaverð.

TOS-C50B133

**69.990**

## nextbook

### 8" SPJALDTÖLVA Á 14.990 !

Spjaldtölva sem rýkur út fyrir jólin á frábæru verði. Mjög hentug stærð fyrir börn. Aðgangur að þúsundum ókeypis leikja í gegnum Google Play.




**14.990**

NEX-NX008HD8G

### 27" HÁSKERPUSKJÁR Á 34.990 !



AOC

AOC-E2770SHE

**34.990**

### RAZER GOLIATHUS SPEED MÚSARMOTTA



RAZER

RAZ-GOLIATHUS SPEEDM

**5.990**

### CORSAIR GAMING RGB LEIKJAMÚS



CORSAIR

COR-M65RGBBK

**16.990**

### TOPPURINN Í LEIKJAHEYRNARTÓLUM



RAZER

RAZ-KRAKENPRO

**23.990**

### INTEL i3 OG SSD



TOSHIBA

TOS-L50B1T2

**109.990**

### 24" 144Hz FULL HD LEIKJASKJÁR



PHILIPS

PHS-242G5DJEB

**54.990**

### BETRA NETSAMBAND FYRIR JÓLIN



ZyXEL

ZYX-WRE2205V2

**5.990**

### SMÁVAXIN BORÐTÖLVA FYRIR HEIMILIÐ



ASUS

ASU-VIVOPCVM40BS036K

**59.990**

Með fyrirvara um prentvillur.




Netgíró

14 daga vaxtalaus greiðslufrestur eða raðgreiðslur.

## 8 VERSLANIR UM ALLT LAND


OPIÐ ALLA HELGINA TIL KL. 18
Á SUÐURLANDSBRAUT 26
ASUS
7" SPJALDTÖLVA MEÐ INTEL ATOM ÖRGJÖRVA!
Hágæða Asus MemoPad spjaldtölva sem vegur aðeins 275 grömm og er með allt að 8 tíma rafhlöðuendingu. Sterkbyggð og glæsilega hönnuð.
24.990
ASU-ME70C1B014A
acer
FJÓRIR KJARNAR OG 8GB MINNI
Sérstaklega vel búin fartölva miðað við verð. Intel Quad Core örgjörvi, 8GB vinnsluminni og stór 1TB harður diskur. Rafhlöðuending í allt að 7,5 klst og 15,6" HD LED skjár.
89.990
ACE-NXMRWED016
HAGKVÆM MEÐ INTEL FRÁ ASUS
ASUS
54.990
ASU-F551MAVBINGSX426
MEKANÍSKT MEÐ MARGLITA LED
steelseries
18.990
STE-APEX
KRÖFTUGT 30W RMS HÁTALARASETT
PHILIPS
9.990
PHS-SPA4355
FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA MEÐ KRISTALTÆRUM IPS SKJÁ
acer
69.990
ACE-NTL4TED008
SKJÁTÖLVA FYRIR HEIMILIÐ EÐA BÖRNIN
acer
79.990
ACE-DQSUREQ001
TRAUSTUR 3TB INTENSO FLAKKARI
INTENSO
17.990
INT-MEMORYBOX3TB
FRÁBÆRT VERÐ FYRIR ÞRÁÐLAUSAN PRENTARA!
EPSON
14.990
EPS-XP322
LÍTIL OG NETT MEÐ SSD Í TVEIMUR LITUM
acer
109.990
ACE-NXMPHED011
ACE-NXMPJED005
PROMENNT
ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!
AÐEINS BROT AF JÓLATILBOÐUNUM!
REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730
HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600
EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735
KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740
SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745
AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333
HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



**FARIÐ YFIR ÁRIÐ** Atli Fannar og Salka Sól fagna aukinni virkni landans á samfélagsmiðlum en eru sammála um að Virkir í athugasemdum sé hópur sem þau eigi erfitt með að skilja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ár rassa og samfélagsmiðla

Söngkonan **Salka Sól Eyfeld** sem tengdist ófáum dægurmálafréttum á árinu og ritstjóri Nútímans **Atli Fannar Bjarkason** fara yfir það minnisstæðasta í dægurmálum á árinu. Stelpurapp, edrúmennska, Beyoncé og hársnúðar koma við sögu.

**Á RÖKSTÓLUM**
**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is



Salka Sól og Atli Fannar þekkjast frá því á hljómsveitarárum Atla Fannars á Selfossi.

**Atli:** „Salka var þá í áhorfendaskaranum að horfa á mig spila, en í dag horfi ég á hana á tónleikum.“

**Salka:** „Já, ég var svakaleg grúppía.“

**Atli:** „Annars fékk ég sjokk þegar ég fékk að vita að Salka Sól yrði hinn viðmælandinn þar sem vaninn er að hafa einn ungan og einn eldri. Þetta þýðir að ég er þessi eldri!“

*Hvað stendur upp úr í dægurmálum þegar þið lítið yfir árið?*

**Salka:** „Reykjavíkurdætur byrjuðu fyrir akkúrat ári og er óhætt að segja að þær séu búnar að vekja athygli á þessu ári.“

**Atli:** „Þetta er ár stelpurapps. Það var ekki óþekkt hugtak áður en maður gat talið stelpurappara á fingrum annarrar handar.“

**Salka:** „Þetta er líka klárlega ár rassanna. Hljómsveitt kom til dæmis með sterka rassaumræðu en kannski í öðrum tilgangi.“

**Atli:** „Já, vá. Amabadama sagði okkur að hrista bossa. Úti hristu Jennifer Lopez, Nicky Minaj og Beyoncé rassana. Myndin af Kardashian var rassahápunktur ársins – hún súmmeraði árið upp. Ef það er til rassasólkerfi þá er Kim Kardashian sólin, sú stærsta og svo eru aðeins minni rassar í kring. Hvað ætli verði næst? Kálfavöðvar? Hver ákveður þetta?“

**Salka:** „Femínismi hefur líka verið mikið í umræðunni og poppstjörnur að tjá sig og svo stimplaði hugtakið „slut shaming“ sig rækilega inn.“

**Atli:** „Konurnar eru að gera kynþokkafull myndbönd en það er eins og það sé verið að færa þetta á forsendur þeirra, að þær séu með völdin. Það segir mér enginn að einhver feitur kall sé að baki Jennifer Lopez, sem er 45 ára og hefur marga fjöruna sopið, og segi henni hvað hún eigi að gera.“

### Hjálpar til við að afbæla okkur

**Salka:** „Annars finnst mér þetta hafa verið ár samfélagsmiðla. Þótt þeir hafi verið lengi til þá náðu þeir einhverju hámarki á þessu ári. Fyrir tveimur árum setti einhver mynd af nýfæddu barni sínu og fékk kannski sjö læk. Nú fengi viðkomandi 700 læk og þarf ekki einu sinni að vera frægur.“

**Atli:** „Nákvæmlega. Fólk varð miklu virkara og miðlarnir eru orðnir svo stór hluti af lífi okkar. Þetta sást líka vel í febrúar þegar Vine-strákarnir komu í Smáralind og krakkarnir fylltu húsnæðið. Allir eldri en 20 ára vissu ekkert hvað væri í gangi. Annaðhvort fussaði fólk og sveiaði eða bað bara um fræðslu. Hvað er Vine? Hver er Jerome Jarre? Og hvað var að gerast þarna? Unga fólkið var að nota samfélagsmiðla sem við eldri vissum ekki einu sinni af. Svo fóru krakkarnir yfir á Snapchat sem er að verða megadæmi.“

**Salka:** „Bjútítips og Sjomlatipsvæðingin er eitthvað sem ég hef vandræðalega mikinn áhuga á. Svo er Twitter að sækja í sig veðrið.“

**Atli:** „Ég sagði í fyrra að þetta yrði ár Twitter. Það var það næstum því en ég held að næsta ár verði málið. Ég finn bara á síðustu vikum hvað þetta hefur aukist, fleiri eru að nota miðilinn og nota á þann hátt sem hann á að vera notaður sem er hömlulaus samfélagsmiðlun þar sem maður tjáir sig allan daginn um allt. Ég held að þetta sé frábært. Allt að verða tengdara og skemmtilegra. Hlutir fréttast hraðar og þetta hjálpar okkur að afbæla samfélagið.“

**Salka:** „Eldri kynslóðin er hræddari. Segir að enginn eigi lengur samskipti, bendir á Tinder og segir unga fólkið ekki þora að bjóða á stefnumót lengur. Mér finnst þetta jákvæð þróun en við þurfum að læra á þetta, þurfum að kunna okkur og þá er þetta gott.“

**Atli:** „Allt þarf alltaf að hlaupa af sér hornin. Fyrst var til dæmis talað um Tinder sem kynlífsapp. En fólk er að kynnast og fara á stefnumót. Það er búið að eyða erfiðasta skrefinu við að kynnast manneskju svo fólk hittir fleira fólk og það útilokar fleira fólk með hjálp upplýsinga. Þetta mun bjarga fólki frá ömurlegum samböndum.“

### Nýjar áskoranir í tónlist

*Við færum okkur úr samfélagsmiðlunum yfir í fræga fólkið og fréttir af þeim.*

**Salka:** Þegar ég hugsa dægurmál þá hugsa ég bara um Beyoncé.

**Atli:** Það var rosalega afhjúpandi dæmi þegar Beyonce og Jay Z komu. Fréttir af þeim vöktu svo fyndin viðbrögð hjá hluta fólks á netinu. Það voru svo margir reiðir, sem er svo skrýtið. Hvert sem þetta frægasta par í heimi fer þá sýna fjölmiðlar því áhuga.

**Salka:** Markmið mitt í lífinu er að vera ekki virk í athugasemdum. Þetta með „er þetta frétt?“ er orðið svo fyndið.

**Atli:** „Í öðrum löndum er mun meiri aðgangsharka, svo sendir Vísir ljósmyndara sem tekur mynd af þyrlu fyrir utan bústaðinn og það verður allt brjálað. Öryggisvörðurinn biður hann um að fara og hann fer. Það myndi franski papparazzinn aldrei gera. Ég er einmitt viss um að þau hafi bara hugsað: „Hvað? Veit enginn af okkur hérna?““

**Salka:** „Mér finnst það samt mjög fallegt.“

*Árið 2014 var stórt kvikmyndaár á Íslandi. Á tímabili voru sex íslenskar kvikmyndir í sýningu í bíóhúsunum á sama tíma sem er nýtt met. Er nýr tónn í íslenskum kvikmyndum?*

**Atli:** „Mér fannst Baldvin Z slá nýjan tón í Vonarstræti. Mér finnst hann fara skref upp á við á gæðastandard. Maður veit að það er rosalega erfitt að framleiða kvikmyndir fyrir fjármunina sem eru í boði og fólk fær ekki þann tíma sem þarf. Þetta er virðingarvert.“

**Salka:** „Já, svo fékk myndin verðlaun sem kvikmyndir frá allri Evrópu voru að keppa um.“

**Atli:** „Ég vil alls ekki vera þjóðremba. Mér finnst að við eigum að slaka á innflutningshöftum varðandi margt en ég hugsa líka hvað það er ótrúlega mikil gróska hérna. Eins og dæmið með Of Monsters and Men. Hversu margar hljómsveitir frá öðru litlu landi, til dæmis Lúxemborg, eru að meika það í Bandaríkjunum eða hve margar kvikmyndir þaðan ferðast um allan heim? Þetta er magnað.“

**Salka:** „Ég var spurð af erlendum gestum á Airwaves af hverju væri svona mikið af íslenskri tónlist og allir í hljómsveitum. Ég held að málið sé að við ritskoðum okkur ekki. Við vitum að hluta til að við séum ekki að fara að vinna sem tónlistarmenn á svona litlum markaði, eða maður byrjar með þá hugsun. Þannig að við gerum það sem okkur langar til, þess vegna er svona mismunandi og tilraunakennd tónlist á Íslandi. Við erum einfaldlega að gera tónlist því okkur finnst það svo gaman en erum ekki að framleiða fyrir vinsældir. Útlendingar eru hreinlega gapandi yfir flórunni hérna.“

**Atli:** „Þetta leiðir hugann að Spotify. Nú notar fólk löglegan vettvang til að ná sér í tónlist fyrir lítinn pening. Ég held að verkefni tónlistarbransans á næsta ári verði að finna leið til að snúa þessu sér í hag því það er fullt af peningum þarna úti í umferð og áhuginn er til staðar. Í stað þess að leggja árar í bát þarf að finna nýjar leiðir.“

**Salka:** „Mér finnst samt frábært að fólk sé að hlusta á plötuna okkar á Spotify því við erum með boðskap sem við viljum að berist. Svo höldum við tónleika og þeir fyllast því fólk er að hlusta og vill koma og sjá okkur, þannig fáum við eitthvað til baka – bara á öðrum vettvangi.“

**Atli:** „Það sama á við um Netflix. Framleiðendur sjónvarpsefnis þurfa að hugsa í takt við tímann. Þeir sem reiða sig á áskriftartekjur sérstaklega.“

**Salka:** „Mig langar oft að sjá íslenskt sjónvarpsefni en vil kannski ekki borga áskrift. Ég myndi pottþétt kaupa þættina í lausasölu ef það væri í boði. Maður sækir í íslenskt efni.“

### Kemst aftur í tísku að drekka

*Hvað með tískufyrirbæri ársins?*

**Salka:** „Skegg og hársnúðar karla.“

**Atli:** „Hvort tveggja sem ég get ekki. Mér vex ekki almennilegt skegg og er búinn með síðahárstímabilið.“

**Salka:** „Er það eitthvað sem maður gerir bara einu sinni?“

**Atli:** „Já, þegar maður á gamlar myndir af sér frá þeim tíma. Annað sem er í tísku er edrúmennska. Það er nýi kúrinn, sumir kalla þetta yfirlætislega kúrinn. Einhver hættir að drekka og segir að sér hafi aldrei liðið betur og bendir fólki á að prófa þetta. Spurning hvort næsta ár verði árið sem allir hrynja í það. Einu sinni var nefnilega mjög kúl að vera rosa fullur.“

**Salka:** „Það gæti reyndar tengst hækkandi aldri, Atli minn.“

**Atli:** „Já, reyndar. En samt, Mínus og ólifnaður var einu sinni meira í tísku. Nú líður mér aftur sem þessum „eldri“ í viðtalinu.“

**Salka:** „Allt í lagi. Á næsta ári hættum við að drekka úr krukkum en hættum að hætta að drekka.“

TOP REITER

ER GJAFABRÉF LAUSNIN?




# JÓLAGJÖFIN FÆST Í TOP REITER





**WELLENSTEYN LEUCHTFEUER**
Vandaðar og góðar vetrarúlpur fyrir dömur og herra.
49.990 kr.



**WELLENSTEYN MARVELLOUS**
Vönduð og flott dúnúlpa fyrir dömur.
79.990 kr.



**TOP REITER FOLDA**
Flott hettupeysa fyrir dömur.
19.900 kr.



**ARIAT VOLTAIRE**
Létt og hlý primaloft úlpa fyrir dömur.
23.900 kr.



**WELLENSTEYN ALPINERA**
Softshell peysur fyrir dömur.
29.990 kr.



**WELLENSTEYN MARVELLOUS**
Vönduð og flott dúnúlpa fyrir herra.
79.990 kr.

TOP REITER HESTAVÖRUVERSLUN | ÖGURHVARF 2 | 203 KÓPAVOGUR | SÍMI: 565 5151 www TOPREITER.IS



**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir**
Spilaði í bandaríska háskólagolfinu framan af ári og varð svo Íslandsmeistari í höggleik í annað sinn á ferlinum stuttu eftir heimkomuna. Ólafía Þórunn er svo komin á lokastig úrtökumótaraðarinnar fyrir Evrópumótaröðina í golfi en það fer fram í Marokkó síðar í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Jón Margeir Sverrisson**
Átti frábært ár í sundlauginni þar sem hann bætti tvö heimsmet og þrjú Evrópumet í fötlunarflokki sínum á sterku móti í Bretlandi. Hann bætti þar að auki 10 Íslandsmet í 25 m laug og sjö í 50 m laug og var útnefndur íþróttamaður ársins af Íþróttasambandi fatlaðra í fjórða sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Eygló Ósk Gústafsdóttir**
Náði einum besta árangri sem íslenskur sundmaður hefur náð á HM í 25 laug er hún hafnaði í 10. sæti í 200 m baksundi, sinni sterkustu grein. Vann ótrúleg afrek á Íslandsmótinu í 25 m laug í nóvember þar sem hún vann níu gullverðlaun, bætti sex Íslandsmet og jafnaði það sjöunda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Hafdís Sigurðardóttir**
Þessi fjölhæfa frjálsíþróttakona blómstraði á árinu. Varð í 16. sæti í langstökki á EM og bætti Íslandsmetið í greininni er landslið Íslands vann sér sæti í 2. deild EM landsliða. Hafdís bætti einnig metið í langstökki innanhúss sem og 60 m hlaupi utanhúss auk þess sem hún vann sex gull og eitt silfur á MÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Karen Knútsdóttir**
Fór fyrir íslenska landsliðinu sem vann alla sína leiki í forkeppni HM 2015 í lok ársins. Karen skoraði 34 mörk í þremur þeirra en missti af þeim fjórða vegna meiðsla. Hún hóf árið hjá SönderjyskE í Danmörku en hélt svo til Frakklands í sumar þar sem hún gerði tveggja ára samning við sterkt lið Nice. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# 12 SEM SKÖRUÐU FRAM ÚR

Að venju kenndi ýmissa grasa á íþróttaárinu sem er að líða. Fréttablaðið tók saman tólf íþróttamenn sem skarað hafa fram úr í sínum greinum árið 2014 og telur þá hér upp í engri sérstakri röð. Ljóst er að Ísland á fjölmarga íþróttamenn sem eru í fremstu röð á alþjóðavísu.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is



**Sara Björk Gunnarsdóttir**
Varð sænskur meistari í þriðja sinn á ferlinum með Rosengård sem hét áður Malmö. Liðið hafði gríðarlega yfirburði í deildinni en Sara Björk var fyrirliði þess. Hún var einnig fyrirliði landsliðsins sem náði þriðja sæti á Algarve-æfingamótinu í byrjun árs og hafnaði í öðru sæti í sínum riðli í undankeppni HM 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Helgi Sveinsson**
Afrekaði í sumar að bæta Evrópumeistaratitli í safnið sitt en Helgi varð heimsmeistari í spjótkasti fatlaðra, flokki F42, í fyrra. Hann kastaði spjótinu 50,74 m og vann greinina með talsverðum yfirburðum. Helgi hyggur á enn frekari sigra í greininni á næstu misserum og ætti að fá tækifæri til að bæta Ólympíumótsmeistaratitli fatlaðra í safnið í Ríó árið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





**Guðjón Valur Sigurðsson**
Var magnaður með íslenska landsliðinu sem varð í fimmta sæti á EM í Danmörku í upphafi ársins. Guðjón Valur var næstmarkahæsti leikmaður mótsins og var valinn í úrvalslið þess. Varð svo þýskur meistari með Kiel áður en hann samdi við stórlið Barcelona á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**Jón Arnór Stefánsson**
Fór í úrslitakeppni spænsku úrvalsdeildarinnar með liði sínu, CAI Zaragoza og samdi svo við Unicaja Malaga í haust. Í millitíðinni heimsótti hann sitt gamla félag, Dallas Mavericks, þar sem hann hélt sér í formi. Vegna óvissu í samningsmálum sínum gat hann ekki gefið kost á sér í fyrstu leikjum liðsins í undankeppni EM en stóðst ekki mátið þegar á hólminn var komið og var lykilmaður í síðustu tveimur leikjunum, er Ísland tryggði sér sæti í úrslitakeppni stórmóts í fyrsta sinn í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Gylfi Þór Sigurðsson**
Besti maður íslenska landsliðsins í fræknum sigrum liðsins á bæði Hollandi og Tyrklandi en uppgangur þess á árinu var ævintýri líkastur. Sigrar þess í undankeppni EM 2016 í vor komu liðinu ofar á styrkleikalista FIFA en nokkru sinni fyrr. Gylfi var í aukahlutverki á fyrri hluta ársins hjá Tottenham en hefur blómstrað hjá Swansea eftir að hann fór aftur til síns gamla félags í sumar. Þar hefur hann byrjað alla leiki liðsins í ensku úrvalsdeildinni og gefið næstflestar stoðsendingar allra leikmanna, á eftir Cesc Fabregas hjá Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Gunnar Nelson**
Kom til baka á árinu eftir nokkurra mánaða frí og fjarveru vegna meiðsla. Hóf árið á því að vinna Omari Akhmedov afar sannfærandi í London. Mætti svo hinum bandaríska Zak Cummings í Dublin sem Gunnar hengdi í annarri lotu. Í bæði skipti var frammistaða hans valin sú besta á kvöldinu. Eftir sigurinn komst hann upp í 12. sæti styrkleikalista UFC í veltivigt og mætti Rick Story í aðalbardaga kvöldsins en tapaði á stigum eftir fimm lotu maraþonbardaga. Það var hans fyrsta tap á atvinnumannaferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Helena Sverrisdóttir**
Varð deildarmeistari með liði sínu, Miskolc, í Ungverjalandi í vor og samdi svo við pólska liðið CCC Polkowice. Helena er lykilmaður í íslenska landsliðinu sem hlaut silfur í Evrópukeppni smáþjóða í Austurríki í sumar, þar sem Helena var valin besti leikmaður mótsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

**FÓSTBRÆÐUR Í HÖRPU**

**Karlakórinn Fóstbræður heldur jólatónleika klukkan 17 í dag í Norðurljósasal Hörpu. Kórinn syngur íslensk og erlend jólalög en Auður Gunnarsdóttir sópran syngur með kórnum.**




KOMIN Í VERSLANIR
KÓKOSOLÍA Í FLJÓTANDI FORMI
natures aid LIQUID COCONUT PREMIUM OIL
Fæst í Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Melabúðinni, Apóteki Garðabæjar, Þinni verslun Seljabraut, Fjarðarkaup og Heilsutorgi Blómavals
www.gengurvel.is

Öll börn eiga rétt á
Gleðilegum Jólum
www.hvitjol.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... börn eiga rétt að leita sér

NÚ ENNÞÁ ÖFLUGRA D-VÍTAMÍN
NÝTT
• Spreyjað undir tungu
• Gott bragð
• Vörn gegn flensu
1 sprey á dag, 3ja mánaða skammtur
DLUX 3000
www.gengurvel.is
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


# GEISLANDI HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

**BALSAM KYNNIR** *GOJI-BER – Nýtt frá Natural Health Labs. Stuðlar að hreysti og langlífi ásamt því að gefa húð, hári og nöglum fallegan ljóma. Tilvalið fyrir þá sem vilja neyta goji-berja á auðveldan og þægilegan máta.*

Rósa Þorvaldsdóttir, meistari í snyrtifræðum, kennari og fótaaðgerðafræðingur, er eigandi Snyrtimiðstöðvarinnar Lancôme. Hún hefur rekið eigin stofu samfellt í 35 ár.

„Við tökum á móti fólki á öllum aldri, konum og körlum, í slakandi andlits- og líkamsmeðferðir og leggjum mikið upp úr þægilegu andrúmslofti. Ég fæ fólk til mín í alls konar ástandi og okkar markmið er alltaf að hjálpa fólki að líða betur í líkama og sál.“

**MÆLIR MEÐ GOJI-BERJUM**

Hverri meðferð fylgir húðgreining og ráðleggingar um umhirðu húðar, segir Rósa. „Ég er með mismunandi ráðleggingar fyrir hvern og einn en bendi öllum á að borða hollt og fara vel með líkamann. Goji-ber eru ein næringarríkasta fæða sem ég veit um og algjört töfraefni fyrir húðina, neglurnar og hárið. Ég bendi mörgum á að ef þeir vilja fallegt og heilbrigt útlit séu goji-ber frábær lausn. Ég tek sjálf goji-fæðubótarefni daglega því mér finnst það minnka sykurþörf og gefa mér nauðsynlega viðbótarorku. Einfalt og þægilegt,“ segir Rósa og brosir.

Goji-ber eru af mörgum talin næringarríkasta fæða sem finnst í náttúrunni og eru því flokkuð sem svokölluð ofurfæða eða superfoods. Berin vaxa í Kína, Mongólíu og Himalajafjöllunum og eru oft kölluð hamingjuberin vegna vellíðunar sem þeim fylgir og ótrúlegra áhrifa þeirra á heilsu og heilbrigði.

Innfæddir hafa notað þau í þúsundir ára í lækningaskyni vegna einstakra yngingaráhrifa þeirra og margvíslegra næringarefna. Þau eru stútfull af próteini, amínósýrum, vítamínum og steinefnum og einstaklega rík af andoxunarefnum sem vinna gegn öldrun og gefa húð, hári og nöglum fallegan ljóma. Einnig bæta þau sjónina, skerpa hugsun, auka lífsorku og styrkja ónæmiskerfið.



**MÆLIR MEÐ GOJI** „Goji-ber eru ein næringarríkasta fæða sem ég veit um og algjört töfraefni fyrir húðina, neglurnar og hárið,“ segir Rósa.




## HENTUG LAUSN FYRIR ALLA

Goji-ber hafa notið mikilla vinsælda um allan heim. Goji-fæðubótarefni er frábær lausn fyrir þá sem vilja neyta berjanna á auðveldan og þægilegan máta. Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu, Blómaval, Sportlífi, Fjarðarkaupum og Heimkaup.

## RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu eitt til þrjú hylki með vatnsglasi yfir daginn.

**GOJI-BER**

Goji-ber innihalda 500 sinnum meira magn C-vítamíns en appelsínur, margfalt meira járn en spínat og tífalt meiri andoxunarefni en bláber.




WEST LAKE®
KORNADEKK
"AF ÞVÍ ÞAU ERU GÓÐ"

# MALT OG APPELSÍN ÓMISSANDI

**HALDIÐ FAST Í HEFÐIR** *Jólahald fjölskyldu landsliðsfyrirliðans Hlyns Bæringssonar í Svíþjóð einkennist af íslenskum hefðum. Matur að heiman spilar þar stórt hlutverk og fjölskyldan byrjar snemma að skreyta. Á næsta ári etur íslenska körfuboltalandsliðið kappi við bestu landslið Evrópu á lokamóti Evrópukeppninnar þar sem flestar skærustu stjörnur álfunnar mæta til leiks.*

Landsliðsfyrirliðinn Hlynur Bæringsson hefur undanfarin ár spilað með sænska körfuknattleiksfélaginu Sundsvall Dragons í sænsku úrvalsdeildinni. Árangur liðsins það sem af er tímabilinu er góður en liðið hefur unnið átta leiki í röð. Lífið snýst þó ekki bara um körfubolta, sérstaklega þegar maður á þrjú ung börn sem hlakka mikið til jólanna. Fjölskyldan byrjaði snemma að skreyta í ár enda er það að sögn Hlyns kærkomin tilbreyting frá kuldanum og myrkrinu. „Áður fyrr fór þannig stúss í taugarnar á mér, ef byrjað var of snemma. Núna gerum við þetta fyrir börnin og í raunar líka fyrir okkur foreldrana. Við búum í norðurhluta landsins og hér er kalt og snjóþungt yfir veturinn. Jólaskrautið og ljósin henta því vel til að ná fram jólastemningunni.“ Fjölskyldan byrjaði á að taka fram aðventukransinum og ljósin en svo bætist í hægt og rólega eftir því sem líður á mánuðinn. „Við bökum mikið í desember þó ég geti nú ekki eignað mér mikið heiðurinn af því. Núna um helgina fer svo jólatréð upp og þá ætti jólastemningin endanlega að vera komin í hús.“

Hlynur er trúlofaður Unni Eddu Davíðsdóttur og eiga þau þrjú börn, Heiðrúnu Björgu, 7 ára, og tvíburarana Berglindi Kötlu og Baltasar Torfa sem eru fjögurra ára. Þau hafa búið í Sundsvall í rúmlega fjögur ár og segir hann að fjölskyldunni líði vel þar, borgin sé hæfilega stór og bjóði upp á flesta nauðsynlega þjónustu og afþreyingu.



SKREYTT TÍMANLEGA Hlynur Bæringsson og Unnur Edda Davíðsdóttir eiga þrjú börn sem sjá til þess að jólaundirbúningur hefjist tímanlega. MYND/ÚR EINKASAFNI







**NÓG AF BAUNUM**
Fjölskyldan hefur haldið jólin í Svíþjóð undanfarin ár enda lítill tími gefist til að fara heim til Íslands. „Við höfum fengið mikið af heimsóknum frá ættingjum yfir jólin, yfirleitt með troðfullar töskur af kjöti, harðfiski, malti og appelsíni og svo það sem er kannski furðulegast, Ora-baunum! En þær skrifast kannski frekar á sérvisku sumra fjölskyldumeðlima.“

Þau halda fast í íslenskar hefðir og segir Hlynur hamborgarhrygginn skipta þar miklu máli. „Mikilvægast finnst mér þó að fá malt og appelsín. Það er ómissandi blanda yfir jólin og ekkert sambærilegt að finna hér í Svíþjóð. Þeir eiga sinn jóladrykk sem þeir elska meira en góðu hófi gegnir, Julmust heitir hann, en okkur finnst það skelfilegur drykkur.“

Fyrr á árinu náði íslenska landsliðið þeim ótrúlega áfanga að komast í fyrsta sinn á lokamót Evrópukeppninnar sem haldið verður í Þýskalandi á næsta ári. Mótherjar liðsins verða engar dvergþjóðir; stjörnum prýdd lið Spánverja, Serba, Ítala og Tyrkja auk liðs heimamanna með sjálfan Dirk Nowitzki í fararbroddi. „Evrópumótið verður upplifun. Enginn leikur er tapaður fyrirfram og við munum leggja okkur alla fram um að ná góðum úrslitum. Fyrsti leikurinn verður á móti Þjóðverjum og mun sá leikur örugglega fara ofarlega á listann yfir eftirminnilega leiki á ferlinum. Dirk Nowitzki er að spila á heimavelli í fyrsta skipti í langan tíma og væntanlega verður þetta síðasta mót hans með landsliðinu. Stemningin ætti því að vera mjög góð.“




**JÓLABLANDA**
„Mikilvægast finnst mér þó að fá malt og appelsín. Það er ómissandi blanda yfir jólin og ekkert sambærilegt að finna hér í Svíþjóð.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447



# Í BETRA JAFNVÆGI OG SEFUR VEL

**ICECARE KYNNIR** *Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið föl og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

**EKKERT HEFUR REYNST EINS VEL**

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma, segir Elsa Ásgeirsdóttir. „Ég starfa sem klæðskeri og hönnuður og starfinu fylgir oft mikið álag. Stundum er ég nánast ofvirk og hausinn oft fullur af hugmyndum sem ég þarf að framkvæma," segir hún og brosir.

„Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina, var oft vöknuð um klukkan fjögur á næturnar og átti erfitt með að sofna aftur. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til, en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn."

Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist líka vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það betur. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!

Mér líður svo miklu betur eftir að ég næ fullum svefni, er í betra jafnvægi allan daginn og þá verður allt annað líka í betra jafnvægi. Til dæmis um það þá fer ég einu sinni á ári til læknis í eftirlit og mælingar. Eftir síðustu heimsókn fékk ég bestu niðurstöður sem ég hef hingað til fengið, það sannaðist hvað svefninn er mikilvægur fyrir heilsuna og alla líðan."



**EINA SEM HJÁLPAR** Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA



**FLJÓT AÐ SOFNA** Sigríður slakar vel á og sefur betur þegar hún tekur Melissa Dream enda laus við fótaóeirð þegar hún tekur töflurnar. MYND/STEFÁN

**LAUS VIÐ FÓTAÓEIRÐ**

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Ég fór að leita mér ráða, þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream. Ég fór að lesa mér til um vöruna og ákvað að prófa, því það sakaði ekki að reyna."

Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og svo finn ég ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við þessar töflur er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég þarf ekki að taka þær á hverju kvöldi en mér finnst ég ná að slaka svo vel á þegar ég tek þær.

Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og ég mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn."




**SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN**

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann. Það er ekki óalgengt að vinir og samstarfsmenn hafi áhyggjur af þér. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifarík pyntingaraðferð. Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prófa Melissa Dream-töflurnar. Sítrónumelis-töflurnar viðhalda góðum og endurnærandi svefni.

**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), Melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalegu samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif. Sítrónumelis-taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíumi, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Melissa Dream-töflurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

IceCare
Þín heilsa





Iða skálda í Zimsen
Upplestrarkvöld kl. 20 laugardaginn 13. desember
Soffía Bjarnadóttir - Segulskekkja
Sigurður Pálsson - Táningabók
Bjarni Harðarson - Mörður
Heiðrún Ólafsdóttir - Leið
Óskar Árni Óskarsson - Músin sem gelti á alheiminn
IÐA bókakaffi Vesturgata 2a 101 Reykjavík. Opið alla daga til 22

OptiBac probiotics

One week flat
Minnkar þembu og losar vind úr meltingunni á viku!






„Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra"
Marta Eiríksdóttir jógakennari

@OptiBac www.facebook.com/optibaciceland

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT



**NÁTTÚRULEGT** Mikið er notað af náttúrulegu efni í innréttingar Feldar Verkstæðis.



**SMEKKLEGT** Leifur Welding hönnuður og Brynhildur Guðlaugsdóttir arkitekt innréttuðu verslunina á smekklegan hátt.



**SMÁVARA** Húfur, kragar og önnur smávara frá Feldi Verkstæði er til sölu í ýmsum verslunum, svo sem í Geysi, Mýrinni, Rammagerðinni, Islandia og víðar.



**MOKKAKÁPUR** Þegar skinnvara er keypt hjá Feldi Verkstæði er öll viðhaldsvinna við flíkina innifalin. Æskilegt er að kaupa slíka vöru hjá fagmanni.



**PELSAR** Hjá Feldi Verkstæði má fá fallega og vandaða pelsa í úrvali. Reynt er að halda verði þeirra í lágmarki og allir eru velkomnir að koma og skoða.

# FALLEG SKINN Í FLOTTU UMHVERFI

**FELDUR VERKSTÆÐI KYNNIR** *Feldur er fjölskyldufyrirtæki sem er sérhæft í hönnun og framleiðslu á gæðaskinnvöru. Þangað er notalegt að koma en verslun og verkstæði eru í sameiginlegu rými sem búið er að innrétta á smekklegan hátt.*

Feldur er í eigu hjónanna Heiðars Sigurðssonar feldskera og Kristínar Birgisdóttur og er fyrirtækið nýflutt á Snorrabraut 56. „Við fluttum inn í sumar og fengum með okkur þau Leif Welding hönnuð og Brynhildi Guðlaugsdóttur arkitekt til að innrétta allt hér og erum við mjög ánægð með útkomuna," segir Kristín. „Við höfum leitast við að hafa hér hlýlegt andrúmsloft og notum náttúruleg efni í innréttingar sem henta vel við það sem við höfum að bjóða. Við erum með gott úrval af fallegri vöru, jökkum, mokkakápum, pelsum og vestum og einnig ýmsa vinsæla smávöru svo sem húfur, kraga og hanska. Við tökum einnig að okkur að sérsauma kraga og geta viðskiptavinir okkar valið sér refaskinn að eigin ósk."

Heiðar er menntaður feldskeri og býður hann upp á viðgerða- og breytingaþjónustu. Einnig er allt viðhald á vörum frá Feldi Verkstæði innifalið í kaupum. „Æskilegt er að dýrari flíkurnar, pelsar og mokkakápur, séu í þjónustu fagmanns svo hægt sé að breyta þeim og bæta. Við leggjum mikið upp úr allri þjónustu hjá okkur," segir Heiðar.



**NÝJUNG – HANSKAR SEM VIRKA Á SNJALLSÍMA** Nýjustu leðurhanskarnir frá Feldi Verkstæði, sem hægt er að nota á skjái snjalltækja, fást víða þar sem vörur fyrirtæksins eru seldar. Ákveðin áferð er í leðrinu sjálfu sem gerir fólki kleift að nota snjalltækin án þess að fara úr hönskunum.



**HJÓN Í SKINNABRANSANUM** Þau Kristín og Heiðar reka fyrirtækið Feld Verkstæði þar sem fást fallegar skinnvörur. MYNDIR/ERNIR

# Lifandi bókabúð!

## Laugardagur 13. desember

## Höfundar afgreiða




Frá klukkan 12 til 14

**Ævar Þór Benediktsson**

**Guðni Líndal Benediktsson**



Klukkan 15.00

**Upplestur & uppistand:**

**Sævar Poetrix**

**og Jón Magnús**




Frá klukkan 14 til 16

**Jónína Leósdóttir**

**Stefán Máni**

**Þórdís Gísladóttir**

## Sunnudagur 14. desember

## Ljúfmeti, handverk og betri jörð

**Kynning á bókum frá Sölku**

Frá klukkan 14 til 16

**Höfundar kynna bækur sínar, gefa smakk, koma með sýnishorn og gefa góð ráð!**




**Guðrún Veiga Guðmundsdóttir**

**Rannveig Hafsteinsdóttir**

**Úlfar Finnbjörnsson**

**Guðrún María Guðmundsdóttir**

**Rakel Garðarsdóttir og Margrét Marteinsdóttir**

**Bækur höfundanna á veglegum tilboðum!**

**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til kl. 22.00**
**facebook.com/malogmenning**

# FELUR UPPÁHALDS SÆLGÆTIÐ

**JÓLASÆLGÆTI** *Erla María Arnardóttir bakar duglega fyrir jólin og býr til sælgæti og konfekt. Hún á sér uppáhaldsjólasælgæti sem hún vill helst sitja ein að en við fengum hana þó til að deila með okkur uppskriftinni.*

Hef gert döðlukonfekt frá því ég var krakki en hnetusúkkulaðikaramellurnar í nokkur ár. Þetta tvennt er uppáhaldi og tilheyrir jólaundirbúningnum hjá mér,“ segir Erla María Arnardóttir, verkefnastjóri hjá Eimskip.

Sælgætið er þó ekki það eina sem Erla skellir í fyrir jólin.

„Ég geri þrjár gerðir af konfekti, sörur og lagköku og svo tvær til þrjár smákökusortir. Ég baka líka alltaf hrökkbrauð og geri chilli-sultu fyrir jólin, finnst það ómissandi með jólaostunum. Svo geri ég toblerone- eða rommkúluís til að hafa í eftirrétt á aðfangadag.

Mér finnst skemmtilegt að búa þetta til og ennþá skemmtilegra að borða þetta. Krökkunum finnst líka mjög gaman að snúast í kringum mig á meðan og smakka,“ segir Erla.

Hún byrjar yfirleitt í lok nóvember að baka til að geta notið kræsinganna á aðventunni.

„Mér finnst ekki að banna eigi allt smakk fram að jólum og finna svo kannski fulla kökudunka í vorhreingerningunni, heldur bjóða gestum upp á konfekt og kökur alla aðventuna.“

Er þá ekki stöðugur gestagangur?

„Mig grunar að fólk viti hverju það á von á hér,“ segir Erla sposk. „En ég fel reyndar hnetusúkkulaðikaramellurnar fyrir mig.“

Við fengum hana þó til að ljóstra upp uppskriftinni.



### HNETUSÚKKULAÐIKARAMELLUR

100-150 g heilar möndlur
100 g pekanhnetukjarnar
150 g suðusúkkulaði
275 g sykur
125 g smjör
2 msk. ljóst síróp
2 msk. vatn
Ögn af salti
1 tsk. vanilludropar
½ tsk. matarsódi
¼-½ tsk. Maldonsalt (eða eftir smekk)

Möndlurnar og hneturnar eru saxaðar mjög gróft (sumar mega alveg vera heilar). Súkkulaðið er líka saxað en smærra en hneturnar. Möndlum og hnetum er blandað saman og ca. helmingnum er stráð á bökunarpappír (flöturinn rúmlega A4 blað).

Sykur smjör, síróp, vatn og ögn af salti sett í pott, hitað að suðu og látið sjóða rösklega þar til hitinn er 150°C /302°F (hægt að nota sykur- eða kjöthitamæli) eða þar til karamellan myndar stökka þræði þegar ögn af henni er látin drjúpa úr teskeið í kalt vatn.

Þá er potturinn tekinn strax af hitanum, vanilludropum og matarsóda hrært varlega saman við karamellumassann (hann gæti freytt töluvert) og síðan er honum hellt jafnt yfir hneturnar á bökunarpappírnum. Súkkulaðinu stráð jafnt yfir karamelluna og látið bíða í fáeinar mínútur.

Að lokum er afganginum af hnetublöndunni og ögn af salti stráð yfir. Látið kólna og svo skorið eða brotið niður eftir smekk.

■ heida@365.is



**UPPÁHALDS** Erla María Arnardóttir er býður gestum upp á dýrindis smákökur og konfekt á aðventunni. Hnetusúkkulaðikaramellunum vill hún þó helst sitja ein að. MYND/GVA






## GÓMSÆT SANDKAKA

*Nú rétt fyrir jól er gott að taka sér smá hlé frá smákökuáti og bjóða upp á ljúffenga sandköku.*

Þessa sandköku er tilvalið að baka um helgina þar sem hún er einföld og ágætis tilbreyting frá súkkulaðibitakökunum og konfektinu. Gott er að bera hana fram með þeyttum rjóma og berjum eða ávöxtum til að lífga upp á hana.

1½ bolli mjúkt smjör
230 g rjómaostur
3 bollar sykur
6 egg
2 tsk. vanilludropar
1 tsk. sítrónudropar
3 bollar hveiti
½ tsk. lyftiduft
½ salt



**GIRNILEG** Sandkaka skreytt með ávöxtum rennur ljúflega niður með kaffinu.

Hrærið saman smjör, rjómaost og sykur þar til létt og ljóst.
Bætið við eggjum, einu í einu, og hrærið vel eftir hvert þeirra. Bætið vanillu- og sítrónudropunum við.
Blandið saman hveiti, lyftidufti og salti og bætið því svo við deigið og hrærið þar til allt er vel blandað saman. Hellið í smurt jólakökuform og bakið á 165°C í 75 til 90 mínútur eða þar til miðjan er bökuð í gegn.

Kælið kökuna í tíu mínútur áður en hún er tekin úr forminu.


Íslensk
kalkúnabringa
fullkomnar veisluna
ÍSFUGL
Notum eingöngu íslenskt úrvalshráefni
unnið af kjötmeistara Ísfugls
isfugl.is

**Nr. 1 Á METSÖLULISTA IÐU**




# TÓTU-BÓK

Listakonan og fagurkerinn
Þórunn Elísabet Sveinsdóttir
kynnir nýja bók um list sína og hugleiðingar um hamingjuna, lífið og listina.

Bókin er risavaxinn og marglaga konfektkassi fyrir augun og andann. Njóttu vel!

TÓTA býður upp á hjónabandssælu og eitthvað til að skola henni niður með – og auðvitað huggulegt spjall í **Máli og menningu** Laugavegi 18 frá kl. 15.30-17.30 í dag.
Í tilefni dagsins býður MM bókina á sérstöku KYNNINGARVERÐI.

Jólagjöf fyrir alla listunnendur og fagurkera.

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

*Ljóð í jólapakkann*

Ný ljóðabók eftir Kristian Guttesen



www.deus.is

DEUS

GRAM Heimilistæki



FÖNIX
fonix.is • Hátúni 6a • 105 Reykjavík • S. 552 4420

Úrval af keramiki til málunar



Allt til skartgripagerðar, glervinnslu og leirgerðar.
Námskeið í glerbræðslu, glerskurði, leirmótun, skartgripagerð og keramikmálun.

Gjafakort

GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is



**VANTAR ÖRFÁ PRÓSENTUSTIG** Samkvæmt reglum Karolina Fund þarf að safna fyrir allri upphæðinni innan tiltekins tíma.

# FYLGIST SPENNT MEÐ SÖFNUNINNI

**FYRSTA SÓLÓPLATAN** *Flautuleikarinn Melkorka Ólafsdóttir leggur um þessar mundir lokahönd á útgáfu geisladisks með einleiksfantasíum Georgs Philipps Telemann. Hún hóf söfnun fyrir útgáfu disksins í gegnum hópfjármögnunarsíðuna Karolina Fund fyrir nokkru og lýkur henni á morgun.*

Melkorka Ólafsdóttir, flautuleikari og verkefnastjóri tónlistar í Hörpu, leggur nú lokahönd á útgáfu sinnar fyrstu sólóplötu. Hún hefur síðustu vikur safnað fyrir útgáfunni á Karolina Fund og í dag vantar örfá prósentustig upp á að heildartakmarkinu verði náð. Samkvæmt reglum Karolina Fund þarf að safna allri upphæðinni sem lagt er upp með innan tiltekins tíma. Annars er ekkert dregið af þeim sem leggja söfnuninni lið og sá sem safnar fær ekkert í sinn hlut. „Það er hluti af spennunni og hvetur fólk til að taka þátt,“ segir Melkorka.

### TILBÚIN TIL DREIFINGAR

Platan var tekin upp í Langholtskirkju í vor og er tilbúin til dreifingar. „Þetta eru verk sem ég er búin að vera að vinna að lengi. Ég lagði upp í ferðalag árið 2008 og spilaði fantasíurnar í helstu kirkjum landsins. Það var um það leyti sem verið var að byggja Hörpu. Hugmyndin snerist um að spila í kirkjum sem hafa þjónað sem tónlistarhús landsmanna í gegnum aldirnar, áður en við fengjum okkar aðaltónlistarhús. Tónleikarnir fengu mjög góðar viðtökur og verkin hafa fylgt mér síðan. Þegar ég ákvað að snúa mér að verkefnastjórn í Hörpu vildi ég gera upp við þessi verk. Þetta er kannski eins konar kveðjusöngur fyrir ákveðið tímabil en framtíðin er auðvitað óráðin,“ segir Melkorka.

### Á VEL VIÐ UM JÓLIN

Þó svo Telemann hafi verið uppi á 18. öld segir Melkorka tónlistina eiga vel við í dag. „Sumir halda að tónlist frá þessum tíma sé mjög formföst og einhliða en því fer fjarri hjá Telemann eins og nafnið Fantasíur gefur til kynna. Þær eru tólf talsins og eins fjölbreyttar og hægt er að hugsa sér. Sumir kaflarnir eru mjög innilegir. Aðrir minna á götudansa. Músíkin er tímalaus og snertir marga fleti. Mér finnst hún alveg sér á parti. Hún á líka sérlega vel við um jólin.“ segir Melkorka sem undirbýr útgáfuhóf í Mengi þriðjudaginn 16. desember kl. 17. Þar mun hún taka vel á móti áhugasömum, bjóða upp á tóndæmi og annað óvænt.

Utan þess að leggja lokahönd á plötuútgáfuna eyðir Melkorka helginni í undirbúning fyrir komu London Philharmonic Orchestra sem leikur í fyrsta sinn í Hörpu 18. og 19. desember næstkomandi. „Hún er ein besta hljómsveit Bretlands og þó víðar væri leitað,“ segir Melkorka. Þar hefur verið leitað að flautuleikara um nokkurt skeið og var Melkorka ein fárra flautuleikara í heiminum sem léku með hljómsveitinni til reynslu fyrr á árinu. Enn hefur enginn fyrsti flautuleikari verið fastráðinn.

### VONGÓÐ UM AÐ TAKMARKIÐ NÁIST

„Annars mun ég auðvitað fylgjast spennt með söfnuninni,“ segir Melkorka, sem er vongóð um að takmarkið náist. En af hverju valdir þú hópfjármögnun með Karolina Fund? „Hún er ein af fáum raunhæfum leiðum til að fjármagna plötuútgáfu, enda orðið mjög erfitt að fá styrki, þeir fáir og litlir. Þetta er líka sniðugt fyrirkomulag því fólk er í raun að kaupa afurðina fyrirfram og jafnframt að leggja sitt af mörkum til að láta verkefni verða að veruleika.“

### KONUR BETRI Í HÓPFJÁRMÖGNUN

Karolina Fund var stofnað af þeim Inga Rafni Sigurðssyni, Jónmundi Gíslasyni og Arnari Sigurðssyni fyrir tveimur árum og hefur orðið mikil sprenging hjá þeim að undanförnu. Síðan er þegar orðin mikilvægur stólpi í styrkjaumhverfi landsins. Nú hafa 90 verkefni verið fjármögnuð með hjálp yfir níu þúsund einstaklinga en þeir hafa heitið hátt í hálfri milljón evra, eða 70 milljónum króna, til þessara verkefna. „Skilyrði sjóðsins er að verkefnin sem safnað er fyrir séu skapandi og skili einhverri lokaafurð,“ segir framkvæmdastjórinn Ingi Rafn. Hann bendir á að verkefnum sem fara af stað í fjáröflun sé til jafns stjórnað af körlum og konum. „Á milli 80 og 90 prósent verkefna sem klárast er hins vegar stjórnað af konum. Þær virðast því betri í hópfjármögnun. Ástæðu þess væri að mínu mati áhugavert að rannsaka frekar.“

■ vera@365.is

### ATHYGLISVERÐ STAÐREYND

„Á milli 80 og 90 prósent verkefna sem klárast hjá Karolina Fund er stjórnað af konum. Þær virðast því betri í hópfjármögnun en karlmenn. Ástæðu þess væri að mínu mati áhugavert að rannsaka frekar.“

Ingi Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Karolina Fund.



**EINS KONAR KVEÐJUSÖNGUR** Platan er tilbúin til dreifingar. Verkin hafa fylgt Melkorku lengi. Hún spilaði þau í kirkjum víðsvegar um landið árið 2008 og fékk hvarvetna góðar viðtökur.

# Hollur hátíðarmatur

# Íslenskur kalkúnn



## Heslihnetu- og sveppafylling að hætti Reykjabúsins

- 150 g smjör
- 350 g nýir sveppir, niðursneiddir
- 200 g laukur, smátt saxaður
- 1 stilkur sellerí, smátt saxaður
- 1/2 búnt steinselja, smátt söxuð eða 2 msk þurrkuð
- 3-4 msk þurrkuð salvía
- 300 g skinka, smátt söxuð
- 100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
- 150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
- 2 stór egg
- 2 dl rjómi
- 1/2 tsk salt
- 1 tsk ferskmalaður pipar

Bræðið smjör í stórum potti og látið sveppi og grænmeti ásamt steinselju, salvíu og skinku krauma í því í 10 mínútur eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega. Hrærið þá eggjum og rjóma saman við og kryddið með salti og pipar. Má laga daginn áður og geyma í ísskáp þar til fylla á fuglinn.

### Verði ykkur að góðu

*Nonni og Stína*

Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

- **Hreint kjöt án allra aukaefna**
- **Holda kalkúnn frá Reykjabúinu fæst í flestum verslunum**

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á

**kalkunn.is**

**Holda**
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

ATARNA






**HELDUR Í HEFÐIRNAR** Hulda Björk er alin upp á Akureyri og segir að þar séu ríkar jólahefðir sem hún hefur haldið í. MYND/GVA

# HÁTÍÐLEG UPPLIFUN

**JÓL** *Mörgum þykir jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar ómissandi á aðventunni. Tónleikarnir verða sífellt vinsælli hjá öllum aldurshópum og nú verða þeir fernir. Hulda Björk Garðarsdóttir syngur einsöng á tónleikunum.*

Mikið er lagt í tónleikana eins og endranær. Fram koma barnakórar, bjöllukór, dansarar og ungir hljóðfæraleikarar. Hulda Björk Garðarsdóttir óperusöngkona er annar tveggja einsöngvara á tónleikunum að þessu sinni. Þetta er í fyrsta skipti sem Hulda syngur á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar en hún hefur nokkrum sinnum sungið á tónleikum hennar við ýmis tækifæri. „Það hefur verið yndisleg upplifun að fara í gegnum æfingar fyrir þessa tónleika. Ég hef ekki áður verið viðstödd jólatónleika og skil vel núna að aðsóknin hafi aukist ár frá ári. Boðið er upp á mikla fjölbreytni og margt hæfileikaríkt fólk sem kemur fram. Fegurðin er margbreytileg á sviðinu. Þar utan er einnig sungið á táknmáli sem eru mikil mannréttindi fyrir þann hóp sem þarf á því að halda,“ segir Hulda. „Það hefur verið virkilega mikill hátíðleiki á æfingunum og ég hlakka óskaplega til þegar áhorfendur mæta í hús.“

**HELDUR Í HEFÐIR**

Þegar Hulda er spurð hvort hún sé jólabarn, svarar hún því játandi. „Ég er alin upp á Akureyri og held í hefðir. Handsker laufabrauð með stórfjölskyldunni sem við höfum lengi gert og lærðum af ömmu minni og afa. Einnig baka ég Sörur með saumaklúbbnum mínum. Mér finnst aðventan vera stór hluti af jólahátíðinni og hin síðari ár hef ég lært að njóta hennar. Það er svo mikil eftirvænting í loftinu. Ég vil hafa fáa en góða jólahluti í kringum mig,“ segir Hulda sem á tvö börn og eitt barnabarn.

Hún segist sjóða hangikjöt á Þorláksmessu og stundum hefur það verið borðað heitt þann dag og síðan aftur á jóladag. „Ég hef tekið upp þann sið frá æsku minni að hafa lambahrygg á aðfangadag. Mér finnst það dásemdarhefð og fjölskylda mín er ánægð með það.“

**GÓÐAR MINNINGAR**

Hulda segist eiga góðar minningar frá jólum þegar hún var að alast upp. Þó minnist hún þess að faðir hennar, Garðar Karlsson, barna- og tónlistarkennari, hafi oft verið þreyttur þegar jólin komu loks. „Pabbi gaf mikið í starfið sitt, enda var það honum hjartfólgið. Hann stjórnaði kórum í Eyjafjarðarsveit og lagði mikinn metnað í allt það sem hann tók sér fyrir hendur. Hann féll frá fyrir þrettán árum, langt um aldur fram,“ segir Hulda. „Margir minnast hans með hlýju,“ bætir hún við.

Hulda stundaði söngnám í Eyjafirði og hélt síðan áfram í Söngskólanum í Reykjavík. Áframhaldandi nám stundaði hún við Hochschule der Künste í Berlín og Royal Academy í London þaðan sem hún lauk einsöngvaraprófi. Hún segist alltaf hafa komið heim um jólin á meðan á námi stóð. Hulda hefur tekið þátt í mörgum óperum bæði hér á landi og erlendis. Fyrir hlutverk sitt sem Anne Trulove í The Rake's Progress hlaut hún tilnefningu til Grímuverðlaunanna árið 2007. Hulda söng hlutverk Mimìar í La Bohème hjá Íslensku óperunni síðastliðið vor.

„Fyrir fjórum árum var ég að syngja í Óperunni í Malmö í Svíþjóð og þá var sýning annan í jólum. Fjölskylda mín var með mér og við eyddum jólunum ytra. Það var mjög sérstakt. Til dæmis kom okkur mjög á óvart að verslanir voru ekki opnar lengur á Þorláksmessu en á venjulegum degi. Svíarnir eru ekkert að versla á síðustu stundu. Íslenska Þorláksmessuhefðin finnst mér þó alltaf svolítið sjarmerandi.“

**JÓLASTEMNING**

Á jólatónleikunum ætlar Hulda að syngja lögin Nóttin var sú ágæt ein og Jólastemning við texta Ómars Ragnarssonar. „Þetta er gamalt erlent lag,“ segir hún. „Loks syngja allir saman Heims um ból,“ segir Hulda en einnig syngur á tónleikunum Kolbrún Völkudóttir söngkona. „Það komast allir í hátíðarskap á þessum tónleikum. Það kostar ekki mikið á tónleikana sem gerir öllum kleift að sækja þá. Heilu fjölskyldurnar koma saman og njóta.“

Helgin hjá Huldu fer að mestu í jólatónleikana en síðan tekur við undirbúningur jólanna og kaup á jólagjöfum. „Ég hlakka mikið til helgarinnar og að njóta hátíðleikans á tónleikunum.“

■ elin@365.is

**KEMST Í HÁTÍÐARSKAP**

„Það komast allir í hátíðarskap á þessum tónleikum. Það kostar ekki mikið á tónleikana sem gerir öllum kleift að sækja þá. Heilu fjölskyldurnar koma saman og njóta.“



Aurora

# Framkvæmdastjóri þróunarverkefna

*Aurora velgerðasjóður var stofnaður 23. janúar 2007 að frumkvæði hjónanna Ingibjargar Kristjánsdóttur landslags-arkitekts og Ólafs Ólafssonar, stjórnar-formanns Samskipa.*

*Megintilgangur sjóðsins er að stuðla að og styrkja menningar- og velgerðamál á Íslandi og erlendis. Frá stofnun hefur sjóðurinn og stofnendur hans veitt yfir 600 milljónir króna að jöfnu til verkefna á Íslandi og í Afríku, einkum til Sierra Leone. Fram til þessa hefur mestur hluti þróunaraðstoðar sjóðsins verið í samstarfi við UNICEF, en yfir 66 skólar hafa verið byggðir í Sierra Leone, tæplega 300 kennarar notið aðstoðar o. fl. Í Malavi byggði Aurora sérstaka sjúkraálmu fyrir börn. Þess utan hefur sjóðurinn styrkt fjölda smærri verkefna.*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans* ***www.aurorafund.is***

Aurora velgerðasjóður hyggst ráðast í nokkur metnaðarfull verkefni í Sierra Leone á komandi misserum. Til að stýra þróunarverkefnum Aurora er leitað að framkvæmdastjóra sem sér um daglega stjórnun þessa verkefnis.

Staðan heyrir beint undir stjórnarformann sjóðsins. Stjórn sjóðsins er skipuð fjórum einstaklingum, öllum búsettum erlendis. Framkvæmdastjórinn hefur aðsetur í Lausanne í Sviss en dvelur að jafnaði um 6 mánuði á hverju ári í Sierra Leone.

**Starfssvið:**

- Dagleg stjórnun og rekstur verkefnisins
- Undirbúningur, eftirlit og eftirfylgni með framkvæmd verkefna
- Áætlanagerð
- Skýrslur og greinargerðir
- Samskipti við stjórnvöld og stofnanir á ýmsum stjórnsýslustigum í Sierra Leone
- Samvinna og samskipti við framkvæmda-aðila þróunarverkefna og hagsmunaaðila
- Samskipti og samvinna við fulltrúa annarra veitenda þróunaraðstoðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af aðferðafræði verkefnastjórnunar
- Mjög góð enskukunátta er mikilvæg
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Mjög góð samskiptahæfni
- Aðlögunarhæfni, frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af þróunarsamvinnu er til bóta

Kjörið tækifæri fyrir einstakling sem hefur náð góðum árangri í starfi og langar að takast á við nýjar áskoranir á sviði þróunarmála á erlendri grund.

*Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2015. Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.* ***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

# TENGIR ÞÚ VIÐ OKKUR?

VIÐ LEITUM AÐ

## FRAMKVÆMDASTJÓRA

Gagnaveita Reykjavíkur auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmda-stjóra fyrirtækisins. Leitað er að reyndum stjórnanda og leiðtoga sem hefur eldmóð og áhuga til að stýra Gagnaveitunni inn í nýja tíma.

Gagnaveitan er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur og á hún og rekur umfangsmikið ljósleiðarakerfi á Suðvesturlandi. Starfsmenn eru 30 talsins og ársvelta stefnir í tvo milljarða króna.

***Starfssvið framkvæmdastjóra:***

- *Stýrir daglegum rekstri fyrirtækisins og gætir jafnvægis milli samfélagslegra, fjárhagslegra og umhverfislegra sjónarmiða.*
- *Hrindir í framkvæmd stefnu fyrirtækisins og framtíðarsýn.*
- *Ber ábyrgð á áætlanagerð, eftirfylgni áætlana, gæðastjórnun, fjármálastjórnun og þekkingar- og starfsmannastjórnun.*
- *Ber ábyrgð á framkvæmdum á vegum fyrirtækisins og öryggismálum starfsmanna.*
- *Ber ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini, starfsmenn, birgja og aðra hagsmunaaðila.*

***Menntunar- og hæfniskröfur:***

- *Háskólamenntun sem nýtist í starfi.*
- *Þekking á sviði fjarskiptamála er kostur.*
- *Reynsla úr sambærilegu starfi er kostur.*
- *Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar auk færni í að móta og innleiða framtíðarsýn.*
- *Hæfni í að styðja öflugan hóp samstarfsmanna til ábyrgðar og nýta hæfileika allra starfsmanna með samráði og upplýsingaflæði.*
- *Samskipta- og tjáskiptahæfileikar, greiningarhæfni, metnaður, frumkvæði og heilindi.*



Sótt er um starfið á ráðningarsíðu Gagnaveitu Reykjavíkur, starf.or.is/gagnaveitan.
Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2015.
Umsjón með úrvinnslu umsókna hefur Sólrún Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri, sem veitir nánari upplýsingar á: starf@gagnaveita.is.

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

PIPAR\TBWA • SÍA

# Sölumaður tæknilausna

Nortek ÖRYGGISTÆKNI

**Við leitum að rafmagnsmenntuðum einstaklingi með mikinn áhuga á sölustörfum, fyrir starfstöð okkar í Reykjavík**

**Nortek leggur áherslu á:**
- Góða framkomu og stundvísi
- Frumkvæði í starfi
- Getu til að vinna sjálfstætt og skipulega undir álagi
- Hreint sakavottorð

Tekið verður við umsóknum á netfangið olafur@nortek.is. Nánari upplýsingar fást hjá Ólafi Má í síma 455 2000 á skrifstofutíma.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. desember 2014.**

**Nortek ehf var stofnað á Akureyri árið 1996 en árið 1998 var opnuð önnur skrifstofa í Reykjavík. Nortek hefur allt frá byrjun verið leiðandi fyrirtæki á sviði öryggis og tæknimála. Hjá fyrirtækinu starfa 30 vel menntaðir og sérþjálfaðir starfsmenn sem kappkosta að veita góða og skjóta þjónustu. Nortek hefur lagt sig fram um að selja einungis hágæða vörur frá viðurkenndum aðilum.**

**Nortek ehf** · Eirhöfði 13 & 18 · 110 Reykjavík · Hjalteyrargata 6 · 600 Akureyri · sími 455 2000 · nortek.is · nortek@nortek.is

# Atvinna!

Kjötafuraðstöð KS er framsækinn og afkastmikill vinnustaður sem vill bæta við sig öflugum starfsmanni í stórgripaslátrun og úrbeiningu. Bæði kemur til greina að ráða nema og eða vanan einstakling.

**Allar nánari upplýsingar veitir Edda í síma 455 4588 eða sendið inn umsókn/fyrirspurn á edda.thordardottir@ks.is**

KJÖTAFURÐASTÖÐ KS
Eyrarvegi 20 550 Sauðárkrókur Iceland

# Fjölbreytt starf í boði hjá tæknideild FARICE

## HÆFNISKRÖFUR / VERKSVIÐ

- Tæknimenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á IP tækni æskileg
- Reynsla af rekstri Internet þjónustu
- Kunnátta og reynsla af almennri fjarskiptatækni
- Vefforritunarkunnátta er kostur
- Þróun þjónustu
- Ráðgjöf vegna sölu
- Ferðalög fylgja starfi innanlands og til útlanda
- Starfsmaður þarf að sinna bakvöktum
- Góð enskukunnátta er mikilvæg

*Farice á og rekur tvo sæstrengi til útlanda og sinnir þar af leiðandi nánast allri gagnaumferð Íslands við útlönd. Viðskiptavinir Farice eru fjarskiptafélög og viðskiptavinir gagnavera sem eru sívaxandi þáttur í starfseminni. Farice býður Internet þjónustu og almenna gagnaflutningsþjónustu og rekur eigin kerfi til þess. Hjá félaginu eru rekin SDH og bylgjulengdarkerfi ásamt Cisco IP/MPLS kerfi bæði innanlands og erlendis. Hjá Farice starfa í dag 7 manns en hluta starfseminnar er úthýst.*

**Umsóknarfrestur er til 22. desember.**
**Umsóknir sendist á starf@farice.is**

Smáratorg 3, 14. hæð 201 Kópavogur **www.farice.is**

FARICE

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða leikskólastjóra við leikskólann Garðaborg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Garðaborg.**

Garðaborg er tveggja deilda leikskóli við Bústaðaveg, í næsta nágrenni við Fossvogsdalinn. Leikskólinn er Grænfánaskóli og unnið er eftir hugmyndafræði Caroline Pratt og John Dewey. Í leikskólanum er lögð áhersla á lýðræðislega stjórnun með samstarfi allra sem mynda samfélag Garðaborgar, þ.e. barna, foreldra og starfsfólks. Mikil áhersla er lögð á virkt foreldrasamstarf í leikskólanum. Aðal leikefni leikskólans er opinn efniviður í ýmsum myndum, s.s. einingakubbar. Gildi Garðaborgar er *hugrekki* og einkunnarorðin eru *lýðræði – barnasáttmáli – efniviður.*

**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að þróa og leiða uppeldis- og menntastarf í Garðaborg.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. febrúar 2015. Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2015.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu, sími 411 1111. Netfang: hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.**

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Embætti héraðsdómara laust til setningar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur til setningar frá 1. janúar 2015 til og með 15. sept. 2017, vegna leyfis skipaðs dómara. Miðað er við að sett verði í embættið hið fyrsta eftir að dómnefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið starfi sínu. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Áskilið er að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi yfirmenn/samstarfsmenn sem geta veitt bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar, 6) önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfið postur@irr.is, **eigi síðar en 5. janúar 2015.**

***Innanríkisráðuneytinu,***
***11. desember, 2014.***

heimkaup.is

## Þjónustu- og dreifingarstjóri Heimkaup.is

Við óskum eftir metnaðarfullum einstaklingi sem mun gegna veigamiklu hlutverki hjá fyrirtækinu. Viðkomandi mun sjá til þess að allt sem snýr að viðskiptavinum sé í lagi ...og ef eitthvað fer úrskeiðis sé það lagað hið snarasta!

Fyrst og síðast ber þjónustu- og dreifingarstjóri ábyrgð á því að viðskipavinir Heimkaup.is séu ánægðir.

- Hann ber ábyrgð á öllum ferlum sem snerta viðskiptavini og tryggja að ferlarnir séu þannig úr garði gerðir að þeir fyrirbyggi að mistök geti átt sér stað og að viðskiptin við Heimkaup.is fari fram úr væntingum viðskiptavina.
- Hann ber ábyrgð símsvörun og tölvupóstsamskiptum við viðskiptavini.
- Þjónustu- og dreifingarstjóri ber ábyrgð á að sendingar séu tilbúnar til útkeyrslu tímanlega og að sendlar skili öllum sendingum af sér á réttum tíma.
- Hann sér einnig um samskipti við birgja vegna bilaðra og/eða gallaðra vara.

Við leitum að einstaklingi sem er skipulagður og einstaklega góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði og geta unnið sjálfstætt sem og í hóp og hafa ríka þjónustulund. Þetta er einstaklingur sem gerir það sem þarf að gera, þegar það þarf að gera það til þess að klára málin!

Reynsla af sambærilegum störfum æskileg en ekki nauðsynleg.

Áhugasamir skili inn umsóknum til
Sævars Ríkharðssonar (saevar@heimkaup.is)
fyrir *23.12.2014*

Keyrum út 7 daga vikunnar

HEIMKAUP

# Er eðlisfræði þitt fag?

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Leikfimirimlar & óhefðbundnar jólagjafir www.oskarsson.is S. 566-6600



Borðtennisborð, fótboltaspil og fleira sniðugt í jólapakkann. www.oskarsson.is S. 566-6600













Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## til sölu





# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**LOK Á HEITA POTTA**



• Einangrunarlok
• Yfirbreiðslur
• Metum ástand og gerum við
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**Iveco**
**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

XPRENT
- hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

**Sendu jólakveðju.**
**Jólakveðjurnar 24.12.2014**
**Pantið tímanlega.**
**Sími 512 5407**
**Þjónustuauglýsingar Fréttablaðsins**

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is






**JÓLAVÖRUR**

Mikið úrval frábært verð Slár í mikklu úrvali frá 6.990,- Pallíettutoppur 5.990,- Ný sending af stretch gallabuxum stærðir 34-50 verð 7.990,- margir litir Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




**BÆTIR KYNLÍFIÐ OG KONUR FÁ MIKLU MEIRA ÚT ÚR SAMFÖRUM MEÐ WE-VIBE**

Vinsælasta unaðstæki meðal para mörg ár í röð. Allar flottustu vörurnar fáanlegar Millifærsla - greiðslukort - netgíró. www.hush.is

# HEIMILIÐ

## Antík



Antikklukkur og viðgerðir Sérhæfð viðgerðarþjónusta á gömlum klukkum og úrum. Guðmundur Hermannsson úrsmíðameistari. S. 554 7770 & 691 8327. www.ur.is ur@ur.is

## Fatnaður

Til sölu ónotaður síður minnkapels, stærð 40-42, verðmetinn á 900þ. selst á 750þ.kr. Uppl. í S.860 2740.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Dýrahald




**VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA**

www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www. voff.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM Í FLUGSKÓLA ÍSLANDS - HEFST 12. JANÚAR**

Láttu drauminn rætast! Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. Kvöldskóli - nám með vinnu. - Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Skráðu þig núna! Skráning á www. flugskoli.is.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

Óskað er eftir barngóðri manneskju til að gæta þriggja ára drengs í Þorlákshöfn af og til vegna vaktavinnu móður. Drengurinn sækir leikskóla. Leiguherbergi í laun með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottahúsi og interneti. Uppl. í s. 770 2291.

**- HEIL HÚSEIGN TIL LEIGU -**

Húseign með 10 góðum herbergjum á svæði 111 til leigu full búin. Leigist í heilu lagi. Áhugasamir vinsamlega sendi fyrirspurn á karl.ragnars@gmail. com

Rúmgóð 2ja herb. íb. í Kópavogi laus strax. Leigist með húsg. og vönduðum rafmagnstækjum. Uppl. í S. 692-8112.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Veitingastaður óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Allar frekari uppl. í s. 787 0101

## Atvinna óskast

Bílstjóri með öll meiraprófsréttindi, ADR og vinnuvélaréttindi óskar eftir vinnu. Á ferilskrá. Sími 611-2294. omarw@talnet.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




## fasteignir

**Klettás 17**
210 Garðabær
Fallegt 6 herbergja raðhús

Stærð: 188,4 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2002
Fasteignamat: 49.700.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind



Verð: 59.900.000

LÆKKAÐ VERÐ!

RE/MAX LIND KYNNIR: Mjög falleg og vel skipulagt 6 herbergja (4-5 svefnherbergi) raðhús við Klettás 17 í Ásahverfi Garðabæjar.



Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
699-3702
gv@remax.is



Hannes Steindórs
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

## sköttuveisla

# Skötuveisla

á Cafe Catalinu

*Að venju verðum við með hið margrómaða vestfirska skötuhlaðborð á Þorláksmessu.*



Stórskata • saltfiskur
plokkfiskur • rófur
kartöflur • hamsatólg
hnoðmör • smjör • rúgbrauð

**Verð: 3.800.- kr.**

**Hlaðborð í hádeginu frá kl. 11:30-14:00
og um kvöldið frá kl. 18:00-20:00
Húsið opnar kl. 11:00**

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

## skemmtanir




Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR**

**Laugardagur 13. des**
14:50 Leicester City - Man.City
14:50 Chelsea - Hull City

**Sunnudagur 14. des**
13:20 Man.United - Liverpool
15:50 Swansea City - Tottenham

**STÓRSVEITIN UPPLYFTING**



**KRISTJÁN B. SNORRAS, ARI JÓNS, SIGURÐUR DAGBJARTS, MAGNÚS STEFÁNS. SPILA UM HELGINA.**

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

# Jólagjöfin fæst í Líflandi

## Mikið úrval af útivistarvörum



44.990 kr.

Belvedere - hlý og flott dúnúlpa fyrir dömur



34.990 kr.

Conrad hlý vetrarúlpa fyrir herra



31.990 kr.

Jodie úlpa - létt og hlý fyrir dömur



44.990 kr.

Wyndham kápa með vatteruðum undirjakka



17.990 kr.

Monrose - fallegur dömu shoftshell jakki



44.990 kr.

Kylie dömuúlpa - kemur í gráu, svörtu og bláu



Lífland verslanir | Lynghálsi, Reykjavík | Lónsbakka, Akureyri

Ráðgjöf | Sími 540 1100 | lifland@lifland.is | www.lifland.is

LÍFLAND

# Vandinn aldrei verið meiri

Sameinuðu þjóðirnar sendu í vikunni frá sér áskorun til þjóða heims um að veita fé til neyðarhjálpar handa 78 milljónum manna, sem hafa orðið illa úti vegna átaka og hamfara víða um heim. Aldrei fyrr hafa svo margir þurft á hjálp að halda.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Hátt í tíu milljónir Sýrlendinga hafa flúið heimili sín frá því átökin þar hófust snemma árs 2011. Þetta eru meira en 40 prósent allra íbúa landsins. Um þrjár milljónir eru farnar til nágrannalandanna en hinir eru á vergangi innanlands.

Sameinuðu þjóðirnar segja að aldrei fyrr hafi jafn margir jarðarbúar þurft á neyðaraðstoð að halda. Mest munar þar um ástandið í Sýrlandi, Suður-Súdan, Írak og Mið-Afríkulýðveldinu.

Mikið vantar upp á að hjálparstofnanir á vegum Sameinuðu þjóðanna og annarra fái nægilega fjármuni til að standa straum af aðstoð við allt þetta fólk.

„Alls er talið að um 78 milljónir manna þurfi á aðstoð að halda og við stefnum að því að bregðast við þörfum 57 milljóna þeirra,“ sagði Valerie Amos, framkvæmdastjóri mannúðar- og neyðarstarfs Sameinuðu þjóðanna. Til þess telja Sameinuðu þjóðirnar sig þurfa 16,4 milljarða dala, eða meira en 2.000 milljarða króna.

„Ef við lítum á þetta ár, þá höfum við til þessa fengið 9,4 milljarða dala. Með því fé komum við í veg fyrir hungursneyð í Suður-Súdan, við komum mataraðstoð til milljóna Sýrlendinga í hverjum mánuði, við útveguðum milljónum Íraka lyf og við útveguðum matvæli handa 930 þúsund manns í Mið-Afríkulýðveldinu,“ sagði hún á blaðamannafundi í vikunni.

Hún sagði þjóðir heims standa frammi fyrir stærri vanda en nokkru sinni og á sama blaðamannafundi sagði Antonio Guterres, flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, að hin gríðarlega aukning vandans sýndi hve flókinn hann sé orðinn og erfiður viðureignar.

Nú hafa 28 lönd samþykkt að taka við hundrað þúsund flóttamönnum frá Sýrlandi, til viðbótar þeim hundrað þúsund flóttamönnum þaðan sem áður hafa fengið inni í öðrum löndum. Þetta er í raun lítill hluti vandans.

„Heimurinn á nágrannalöndunum mikla skuld þakklætis að gjalda, sem við munum líklega aldrei ná að endurgjalda,“ sagði Guterres í vikunni.

gudsteinn@frettabladid.is



**BJARGAÐ Á FLÓTTA** Nærri 350 flóttamönnum var í september bjargað af skipi út af ströndum Kýpur. Þessi hópur kom að mestu frá Sýrlandi. NORDICPHOTOS/AFP



**FLÓTTAMANNABÚÐIR Í TYRKLANDI** Kúrdar frá Sýrlandi í flóttamannabúðum í bænum Suruc, rétt norðan landamæra Sýrlands. NORDICPHOTOS/AFP



**ANTONIO MANUEL DE OLIVEIRA OG VALERIE AMOS** Flóttamannafluttrúi Sameinuðu þjóðanna ásamt framkvæmdastjóra mannúðar og neyðarstarfs Sameinuðu þjóðanna á blaðamannafundi í Genf í vikunni, þar sem þau kynntu ákall Sameinuðu þjóðanna til hjálpar flóttamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Áskorun Sameinuðu þjóðanna

Mannúðarskrifstofa Sameinuðu þjóðanna skorar á þjóðir heims að leggja fé til neyðaraðstoðar handa nærri 60 milljónum flóttamanna.
Á næsta ári þarf meira en 2.000 milljarða til að sinna brýnustu þörfunum.

FJÖLDI ÞEIRRA SEM EIGA AÐ FÁ MANNÚÐARAÐSTOÐ Á NÆSTA ÁRI (Í MILLJÓNUM)




Heimild: Mannúðarskrifstofa Sameinuðu þjóðanna (OCHA) © GRAPHIC NEWS



**Á LEIÐ TIL ÚRÚGVAÍ** Fjölskylda frá Sýrlandi komin til borgarinnar Trípolí í Líbanon. Þau hafa fengið hæli í Úrúgvaí ásamt rúmlega 100 öðrum sýrlenskum flóttamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Döðlur.
Jólatilboð
Boðskort fyrir tvo
í Bláa Lónið
Fram að jólum gefum við boðskort fyrir tvo í Bláa Lónið með húðvörupakkanum Einstakur Ljómi. Gjafaaskjan inniheldur þörungakrem, kornahreinsi og þörungamaska sem endurnæra húðina og færa henni aukinn ljóma.
Þetta tilboð fæst í eftirtöldum verslunum okkar:
Verslanir Blue Lagoon - Laugavegi 15 - Grindavík - Flugstöð,
Hreyfing & Blue Lagoon Spa, Sérvöruverslanir Hagkaups,
Lyfja - Smáralind - Smáratorgi - Lágmúla, Lyf og Heilsa Kringlunni,
Duty Free komuverslun - Leifsstöð
www.bluelagoon.is
Fegurðin kemur að innan

## INNPÖKKUNIN ER LEIKUR Í HÖNDUM TINNU EIKAR



1 Yfir brúnan maskínupappír límir Tinna Eik hvítan renning um miðju pakkans, ýmist á lang- eða þverveginn.



2 Mislit snúra er krossbundin um pakkann með slaufu og endum. Spotti af silfurbandi er krullaður.



3 Græn gervigrein með rauðum berjum er bundin við slaufuna. Merkisspjaldið er í stíl við pappírinn.



4 Sá sem þennan pakka hlýtur getur örugglega hrósað happi. Ef hann tímir þá að opna hann.



**SÝNISHORN** Nokkrir pakkar til reiðu enda nálgast jólin óðfluga.



**FLOTTUR** Hvíti pappírinn var á þrotum, því setti Tinna Eik örk úr bók undir.

# Reyni að hafa pakkann persónubundinn

Þegar **Tinna Eik Rakelardóttir** pakkar inn gjöfum hugsar hún til hvers viðtakanda fyrir sig. Hún fórnaði bók til að nota sem fóður.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég hef lengi reynt að vanda mig við að pakka inn mínum gjöfum en breyti svolítið til ár frá ári,“ segir Tinna Eik Rakelardóttir. „Áherslan er á að hafa pakkana smekklega og fallega. Þar sem ég þekki auðvitað þá sem fá gjafirnar hugsa ég til hvers og eins viðtakanda og reyni að hafa skreytinguna pínu persónubundna, þannig að hverjum og einum finnist sinn pakki fallegur.“

Tinna Eik kveðst geyma skreytingarefni milli ára og miða að því að nýta afganga. „Ég á alltaf eitthvað til og bæti svo inn í á milli, aðallega í IKEA, Tiger og Söstrene Grene. Hvíta pappírinn sem ég pakka inn í núna fékk ég samt í Svíþjóð, þannig að ég flutti hann inn. Hann er flottur, en svolítið þunnur. Af því að lítið er eftir af honum tímdi ég ekki að hafa tvær umferðir nú eins og ég hef alltaf gert, heldur tók bók sem er mér er ekki mikilvæg og reif úr henni blaðsíður sem ég fóðra með. Þess vegna sést smá letur í gegn. Spurð hvort hún hafi ekki getað notað Fréttablaðið svarar Tinna Eik: „Ég fann enga síðu sem var bara með texta og vildi ekki hafa myndir með!“



**JÓLABARN** „Áherslan er á að hafa pakkana smekklega,“ segir Tinna Eik.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**DÚLLAR VIÐ INNPÖKKUNINA** Ragnhildur Anna nýtur þess að gefa fallega pakka.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rauðir og hvítir pakkar í ár

**Ragnhildur Anna Jónsdóttir** leggur alúð í umbúnað jólagjafanna. Hún geymir skreytingarefni milli ára og afrakstur jólaleiðangurs í IKEA 2007 entist langt fram í kreppu.

„Mér finnst hrikalega gaman að pakka inn og reyni að vera tímanlega í því. Ég hef alltaf verið í þannig vinnu að annríkið er mikið í desember. Þess vegna byrja ég snemma að kaupa gjafir og það finnst mér líka skemmtilegt,“ segir Ragnhildur Anna Jónsdóttir sem á og rekur fyrirtækið Jónsdóttir&co. Oft kveðst hún vera með eitthvert þema í skreytingunum. „Núna eru rauðir og hvítir pakkar, svo verður kannski eitthvað annað á næsta ári,“ segir hún. „En ég kaupi ekki allt til innpökkunarinnar í einu, heldur á alltaf eitthvað sem ég get byggt á. Það er árvisst að kíkja á jólin í IKEA og þá freistast ég til að kaupa eitthvað. Við systurnar fórum þangað fyrir jólin 2007 og sá leiðangur dugði okkur í mörg ár, langt fram í kreppu. Ég hefði mátt vera aðeins skynsamari því ég valdi fjólubláan og flúraðan pappír en systir mín var aðeins skynsamari og hófstilltari í litavali.“

Ragnhildur Anna segir skreytingar ekki þurfa að kosta mikið heldur annað en hugkvæmni. Borðana með tölunni 24 kveðst hún til dæmis fá ódýra í B. Ingvarsson þar sem hún kaupi þvottaleiðbeiningar inn í fötin sem hún framleiði. „Þetta er stærðarmerking inn í föt,“ upplýsir hún „Svo ef ég gef eitthvað matarkyns finnst mér alltaf skemmtilegt að raða því í mandarínukassa, bara eins og hann kemur fyrir.“



**TILBÚNIR** Talnabandið með dagsetningunni er í raun stærðarmerking inn í föt.



KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid
LITUÐ
Fjöldi lita
Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.
FULLT VERÐ... 107.980
( Hrærivél 87.990 + bökunarsett 19.990 )
TILBOÐSVERÐ.. 87.990
FULLT VERÐ.... 104.980
( Hrærivél 84.990 + bökunarsett 19.990 )
TILBOÐSVERÐ... 84.990
HVÍT
ROSENTHAL
JÓLAKÚLUR
33%
VERÐ ÁÐUR.....5.995
TILBOÐ ...........3.995
PRESSU
KANNA
8 BOLLA
KRÓM
VERÐ ÁÐUR.....5.995
JÓLATILBOÐ ....4.995
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
20%
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
VERÐ ÁÐUR....9.995
JÓLATILBOÐ ...7.995
EVA SOLO
KARAFLA
Margir litir!
VERÐ...7.995
TRISTAR
SALT- OG
PIPARKVÖRN
2 SAMAN
Í PAKKA
20%
VERÐ ÁÐUR....5.995
JÓLATILBOÐ ...4.495
KAI PURE KOMACHI 2
Hágæða hnífalína frá KAI í Japan. KAI hefur framleitt hnífa í yfir 100 ár. Pure Komachi 2 hnífarnir eru með litaðri „non-stick" húð.
VERÐ FRÁ 2.995 TIL 4.495
Babyliss Curl Secret
Krullujárn
VEGLEGUR
KAUPAUKI
VERÐ...19.995
WEBER
KJÖTHITA
MÆLIR
20%
Þráðlaus - stafrænn
VERÐ ÁÐUR...11.995
TILBOÐ ...........9.495
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Ný lína með losanlegum plötum
Russell Hobbs
Allt að 42% minni fita
COMPACT
38sm² grillflötur
FULLT VERÐ... 13.995
TILBOÐ ......... 11.995
FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ... 16.995
TILBOÐ ......... 13.995
ENTERTAINMENT
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ...18.995
TILBOÐ .........15.995
TRISTAR
VÖFFLUJÁRN
40%
EKTA
BELGÍSKAR
VERÐ ÁÐUR....9.995
JÓLATILBOÐ ...5.995
ÍSLENSKA PÖNNNUKÖKU
PANNAN
ÞESSI
GAMLA
GÓÐA
VERÐ.....9.995
EVA SOLO
HITAKANNA
VERÐ.....9.995
Remington
SLÉTTUJÁRN SILK
5 ára ábyrgð!
VERÐ ÁÐUR...13.995
TILBOÐ .........11.995
33%
VEGLEGUR KAUPAUKI
BABYLISS
HÁRBLÁSARI
2300W
VERÐ ÁÐUR... 14.995
JÓLATILBOÐ ....9.995
LE CREUSET
FÆST NÚ
HJÁ OKKUR!
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
VERÐ...1.870
EXIDO
BLANDARI
700W
20%
ÖFLUGUR
MYLUR KLAKA
VERÐ ÁÐUR... 9.995
JÓLATILBOÐ .. 7.995
Dolce Gusto
YFIR 30 GERÐIR
AF TE, KAFFI
OG KAKÓ!
STÓR KAUPAUKI
Macintosh, box undir kaffikylki og 4 kaffikrúsir samtals að verðmæti 8.480 fylgja Dolce Gusto meðan birgðir endast.
GREAT COFFEE
DeLonghi
VERÐ FRÁ 17.995 TIL 32.995

# 8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Ósk Gunnarsdóttir
þáttar-stjórnandi á FM957



**SHAZAM**
Allir tónlistarunnendur þurfa að hafa þetta forrit í símanum sínum. Ef ég heyri gott lag og veit ekkert hvaða lag það er þá tek ég upp vin minn Shazam og hann gefur mér allar upplýsingar.

**IMDB**
Áður en maður horfir á ræmu þá er alltaf gott að sjá hvaða einkunn hún fær á IMDb.

**VIBER**
Ég á fjölskyldu og vini sem búa erlendis og með Viber þá hringi ég frítt í þau. Símreikningurinn snarlækkaði eftir að ég náði í þetta forrit.

**A REMOTE**
Apple TV-fjarstýringin er alltaf að týnast á mínu heimili enda er hún pínkulítil. Þá er gott að geta notað símann sem Apple TV-fjarstýringu.




**ENDOMONDO**
Endomondo reiknar kílómetrafjölda, tíma, kaloríur og þetta helsta sem maður þarf til að æfa sig fyrir hlaup.

**CRAZY HELIUM BOOTH**
Maður getur breytt andlitinu og rödd sinni og sent afmæliskveðjur sem feitur ljótur hamstur. Mér finnst þetta grín einhvern veginn ekki verða þreytt.

**DRIVE**
Ég gæti ekki farið í gegnum daginn án þess að skoða þetta forrit. Nota það mikið í minni vinnu sem útvarpskona. Við Sverrir hendum hugmyndum að viðtölum og umræðuefnum í þáttinn þarna inn.

**TULIPOP**
Benjamín sonur minn elskar þetta stafaforrit, mjög svo skemmtilegt og fróðlegt.



Giljagaur
ÍSLENSK HÖNNUN OG RITSNILLD
Í ÞÁGU FATLAÐRA BARNA OG UNGMENNA
Sölutímabil 5. - 19. desember
Casa - Kringlunni og Skeifunni
Epal - Skeifunni, Hörpu og Leifsstöð • Hafnarborg – Hafnarfirði
Kokka - Laugavegi • Líf og list Smáralind
Kraum - Aðalstræti og Garðatorgi • Litla jólabúðin - Laugavegi
Módern - Hlíðarsmára • Scintilla – Skipholti
Þjóðminjasafnið - Suðurgötu • Blómaval - um allt land
Húsgagnahöllin - Reykjavík og Akureyri
Blóma og gjafabúðin - Sauðárkróki
Póley - Vestmannaeyjum • Valrós – Akureyri
www.jolaoroinn.is
STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


AMAZON FIRE


TWITTER


GAGNAVER


APPLE


GÖGNIN


MICROSOFT

# ÞAÐ VERSTA Í TÆKNI 2014: ÞÚ TAPAÐIR

Í nýsköpun eru mistökin mörg. Hin vísindalega aðferð krefst mistaka og sem slík eru þau göfug. Það þýðir ekki að við getum ekki skemmt okkur yfir þessum mistökum. Hérna eru stærstu flopp ársins í tækniheiminum.

## 10 HLUTABRÉF TWITTER

Verð hlutabréfa Twitter féll um tæp 85% á þessu ári. Hjá venjulegu fyrirtæki væri þetta dauðadómur en ekki í heimi samfélagsmiðla. Notendafjöldi er dýrmætari gjaldeyrir en tekjur. Því miður hefur fjölgun notenda staðið í stað hjá Twitter. Horfurnar? Sé mið tekið af sögunni eru þær jákvæðar. Facebook gekk brösulega á hlutabréfamarkaði í upphafi en er í hæstu hæðum í dag. Hver veit?

## 9 SNJALLÚRIÐ

2014 átti að vera ár snjallúrsins. Nokkrar athyglisverðar frumgerðir litu dagsins ljós á síðasta ári – Samsung, LG og Sony kynntu formlega snjallúr til leiks og fyrirtækin héldu áfram að dæla út snjallúrum sem enginn virtist hafa áhuga á. Risarnir hafa ekki náð sér á strik og sprotinn Pebble með úrið Steel er enn vinsælastur. Mögulega getur Apple bjargað þessu með Apple Watch á næsta ári en það er lítið tilefni til bjartsýni.

## 8 MICROSOFT KINECT

Þetta hefur verið erfitt ár hjá Microsoft. Stjórnendaskipti og hræðileg byrjun á leikjatölvu-stríðinu við Sony. Hinn uppfærði Kinect-skynjari átti upphaflega að fylgja með Xbox One-leikjatölvunni og dró með sér 12.000 kr. verðmiða. Kinect, sem í raun er stórkostleg græja, var nauðsynlegur fylgihlutur Xbox 360-leikjatölvunnar. Árið 2014 varð ljóst að enginn vildi auga Microsoft í stofunni hjá sér.

## 7 IOS 8.0.1

Þetta var erfitt ár hjá Apple. Nýtt stýrikerfi iPhone beinlínis drap símana og þeir sem þustu á iTunes til að fá meina sinna bót fengu í staðinn uppfærslu sem gerði illt verra. Apple fór í neyðarham og dró uppfærsluna til baka. Birti aðra og allt féll í ljúfa löð. Fyrirtækið gerði lítið úr vandamálinu, þetta hafði víst bara áhrif á 40 þúsund manns.

## 6 TILRAUNASTARFSEMI FACEBOOK

Fyrir utan sálfræðilegar tilraunir á notendum sínum þá reyndi Facebook fyrir sér í smáforritum. Fyrirtækið kynnti þrjú öpp til leiks, Rooms, Paper og Slingshot. Ekkert af þessum smáforritum hefur notið vinsælda (Paper er reyndar ansi myndarlegt app). Í hinu stóra samhengi eru forritin smávægileg fjárfesting fyrir Facebook. Mögulega eru þau vitnisburður um listrænt og hugmyndafræðilegt gjaldþrot samfélagsmiðlarisans.

## 5 „SVONA TÖLUM VIÐ EKKI“ MEÐ FRAMKVÆMDASTJÓRA MICROSOFT

Satya Nadella, nýr framkvæmdastjóri Microsoft, hefur gert margt gott fyrir fyrirtækið. Markmið hans er að vinna gegn stöðnun Microsoft. Til að ná því markmiði er mikilvægt að sleppa því að tala niður til kvenna. Nadella sagði á árinu að konur ættu ekki að sækjast eftir launahækkunum, þetta sagði hann á ráðstefnu kvenna í tölvuiðnaðinum (ekki djók). Frekar ættu þær að treysta á kerfið til að sjá um þær (kerfi sem mismunar konum). Nadella ítrekaði síðar að honum hefði skjátlast.

## 4 AMAZON BRENNUR

Netverslunarrisinn kynnti loks snjallsíma til leiks. Hann kostaði álíka mikið og iPhone og var í alla staði frekar lélegt raftæki. Hann stóð sig þó þokkalega vel í að vera framlenging á vefverslun Amazon. Flestir eru sammála um að Amazon hafi ekki gert nóg í að undirstrika eiginleika símans. Stjórnarformaðurinn Jeff Bezos, verandi Jeff Bezos, er staðráðinn í að selja Amazon Fire-snjallsímann. „Fylgist með,“ sagði hann á dögunum.

## 3 CANDY CRUSH

Sænski tölvuleikjarisinn King, sem á heiðurinn af Candy Crush, átti hræðilegt ár. Fyrir utan það að reyna að fá einkaleyfi á orðinu Candy þá var hlutafjárútboð fyrirtækisins hörmung. Bréfin voru upphaflega seld á verðinu 22,50$ á opnunardegi og stóðu í 19$ í lok dags. Sem sagt, allir töpuðu (verðið er í kringum 17$ í dag). Eins og með Twitter og Facebook þá segir fyrsti dagur á markaði ekki alla söguna.

## 2 ICLOUD

Tekjur af sölu iPhone halda áfram að heilla en Apple þurfti engu að síður að takast á við erfið vandamál. Öryggismál iCloud vekja sérstaka athygli. Nektarmyndir af Jennifer Lawrence, Kate Upton og fleirum láku úr skýinu. Apple var harðlega gagnrýnt fyrir öryggismál en fyrirtækið sagði friðhelgi notenda örugga. Á endanum voru skilmálar og stillingar efld.

## 1 GÖGNIN PÍN

Þú áttir erfitt ár í netheimum. Þú kynntist ormum, vírusum og þjófum á borð við Regin, Heartbleed og Shellshock. Tölvurefir af öllum toga komust yfir gögn tugmilljóna einstaklinga um allan heim. Brotist var inn hjá fjölmörgum fyrirtækjum þar sem netvarnir voru af skornum skammti JP Morgan, Home Depot, Snapchat og nú síðast Sony. Það versta við þetta allt er að við neytendur berum sökina. Við framseljum persónuupplýsingar viljug, oft til fyrirtækja sem gæti ekki verið meira sama um netöryggi (lesist: Snapchat).

- khn



ENN MEIRA
JÓLA FJÖR
25-50% AFSLÁTTUR
AF JÓLAVÖRUM
Gildir 10.-14. desember
LÍNA LANGSOKKUR
HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR GETA UNNIÐ MIÐA Á LÍNU LANGSOKK!
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
25% afsláttur af glösum
25% afsláttur af pottum og pönnum
25% afsláttur af lömpum og skermum
20% afsláttur af smáraf-tækjum
JÓLASTEMNING
Ljúffengar vöfflur og kaffi verða í boði í öllum verslunum BYKO fyrir viðskiptavini á laugardaginn kl. 13 - 15.
Laugardagur 13. desember
13:00-15:00 Sirkus Íslands skemmtir í Breiddinni.
13:00-14:00 Jólasveinarnir koma í Breiddina.
14:30-15:30 Jólasveinarnir koma á Grandann.
Sunnudagur 14. desember
13:00-14:00 Jólasveinarnir koma í Breiddina.
15:30-16:30 Jólasveinarnir koma á Grandann.
Sirkus Íslands
LIFANDI JÓLATRÉ
Timbursala Breidd, Granda og Selfossi
Allt sem þarf til að gera jólin að þínum
12 DAGAR TIL JÓLA!
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð.
Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
www.vert.is - VERT markaðsstofa.

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

## Jólalæri Krónunnar




**1699** kr. kg

Hátíðarlambalæri a la orange án mjaðmabeins

**20% afsláttur**



**3998** kr. kg

Verð áður ~~4998 kr.~~ kg

Ungnautalund, frosin nýsjálensk

**15% afsláttur**




**729** kr. kg

Verð áður ~~859 kr.~~ kg

Krónu ferskur heill kjúklingur




**1398** kr. kg

Krónu hamborgarhryggur



**998** kr. stk.

Skosk rjúpa, hamflett, frosin

**25% afsláttur**




**1199** kr. kg

Verð áður ~~1598 kr.~~ kg

Esju sænsk jólaskinka

## FORRÉTTIR Í ÚRVALI






**Kokkarnir**

Cumberland- eða rauðlauksósa **599** kr.

Graflax-, gráðosta-, hunangs/estragon- eða grænpiparsósa **499** kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|



699 kr. kassinn

Klementínur, 2,3 kg



399 kr. kg

Rauð jólaepli




Ostahúsið
Ostakarfa nr. 1 2999 kr.
Ostakarfa nr. 2 3795 kr.



2999 kr. pk.

Dove gjafakassi, 5 hlutir

# Jóladagatal

Nýtt tilboð alla daga til jóla

AÐEINS Í DAG 13. DESEMBER

24% afsláttur



899 kr. stk.

Verð áður 1190 kr. stk.
Emmess ískaka
með jarðarberjafyllingu og kransakökubotni

Fylgstu með nýjum tilboðum daglega á kronan.is og sparaðu stórt alla daga til jóla

# GJAFAKORT KRÓNUNNAR

Jólagjöfin sem nýtist öllum

Þú velur upphæð að lágmarki 5.000 kr.

GJAFAKORT
KRÓNAN

Gjafakortin frá okkur eru afgreidd í fallegum umslögum og eru hagnýt gjöf fyrir alla!

Pantaðu gjafakortið á Kronan.is

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

**SÖGUR Á GÓÐRI SIGLINGU !**

**Sögur útgáfa má vel við una þessa dagana. Ljónatemjari Camillu Läckberg er í fyrsta sæti hjá Eymundsson og æviminningar Jóhönnu Kristjónsdóttur, Svarthvítir dagar, næstmest selda ævisagan það sem af er vertíðinni.**

FÆRT TIL BÓKAR

## Níu tilnefndar í Hannesarholti



Lesið verður úr þeim níu bókum sem eru tilnefndar til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna, í Hannesarholti klukkan 12 í dag. Meðal þeirra sem lesa eru **Guðrún Eva Mínervudóttir**, Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir og Elísabet Jökulsdóttir sem allar eru tilnefndar í flokki fagurbókmennta.

Allir eru velkomnir á viðburðinn.



## Ætli það séu ljóðajól?

Ljóðabækur rjúka út í bókaflóðinu og hafa bækur Þórarins Eldjárns, Tautar og raular, og Gerðar Kristnýjar, Drápa, nú verið endurprentaðar, en slíkt er ekki algengt þegar ljóðabækur eiga í hlut. Ljóðið ratar sannarlega til sinna.

## Fundu fjársjóð í geymslunni



Starfsmenn Bjarts ráku upp stór augu við tiltekt í kjallarageymslu forlagsins á dögunum. Meðal þess sem þar dúkkaði upp voru þrjú eintök af fyrstu útgáfunni af Harry Potter, en Bjartur var svo snemma á ferðinni með galdrastrákinn að í þessu fyrsta kasti var hann með sína eigin kápu og sína eigin mynd af söguhetjunni. Þegar að fyrstu endurprentun kom var JK Rowling-veldið að verða til og þá var búið að samræma útlitið á bókunum um allan heim. Safnarar vita af þessari einstæðu kápu og fær Bjartur reglulega fyrirspurnir hvaðanæva að um fyrstu útgáfuna sem var löngu uppseld. Eintökin þrjú eru nú vandlega læst inni í peningaskáp samsteypunnar og nefnd hefur verið skipuð til þess að ákvarða næstu skref. **- fsb**



**ÁRMANN JAKOBSSON** „Ég held að börn hafi gott af því að heyra að eitthvað er ekki endilega satt bara af því að einhver segir það.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Boðskapur er vandræðaorð

**Ármann Jakobsson** er tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir sína fyrstu barnabók, Síðasta galdrameistarann. Hann segist hafa haft efasemdir um hvort hann kynni að skrifa fyrir börn og er að sjálfsögðu ánægður með viðtökurnar.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Það var alveg nýtt form fyrir mér að skrifa barnabók og ég var alls ekki viss um að lesendurnir myndu fylgja með, en það hefur gengið alveg sæmilega,“ segir Ármann Jakobsson höfundur Síðasta galdrameistarans sem er ein fimm bóka sem tilnefndar eru í barna- og unglingabókaflokki Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Ármann er prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands og sækir efnivið í Síðasta galdrameistarann í þann sjóð. „Ég hef alltaf verið hrifinn af menningarlegum bókmenntum sem byggjast á langri tilvísun í eldri bókmenntir. Þar má nefna verk eins og Gunnlaðarsögu eftir Svövu Jakobsdóttur, svo við tökum íslenskt dæmi, en líka útlendar sögur um Ágústus, Tíberíus og Nóa til dæmis. Ég hef lesið talsvert af slíkum bókmenntum og finnst það oft mjög áhugavert þegar menn taka gamla sögu, snúa upp á hana og skoða út frá breyttu gildismati. Þessi saga mín er aðallega byggð á Hrólfs sögu kraka þar sem gildismatið er mjög framandlegt fyrir okkur. Þar ríkir mikið karlasamfélag og ég er í raun og veru að skrifa alveg gegn því. Hugmyndin hjá mér var alltaf sú að endurtúlka hver væri góður og hver vondur í þeim átökum sem er lýst er í sögunni, en þó vildi ég auðvitað ekki snúa því alveg við og gera það banalt. Allar persónurnar hafa einhverja kosti og einhverja galla, það er ekki alltaf tekin afgerandi afstaða í sögunni heldur bent á aðra túlkunarmöguleika.“

### Bægifótur hefndi sín

Hvers vegna ákvaðstu að beina þessari sögu að börnum? „Þetta var gamalt efni, ég átti örstutt upphaf að sögunni síðan áður en mér datt í hug að skrifa Glæsi sem ég hafði lagt til hliðar. Svo lenti ég í því að snúa á mér fótinn og lá heima með bægifót um hríð, það var meira að segja kenning í fjölskyldunni að Bægifótur hefði hefnt sín fyrir Glæsi, en ég sem sagt var heima, innilokaður uppi á fjórðu hæð, og mátti ekkert gera þegar ég fann þetta upphaf í tölvunni og ætlaði í fyrstu bara að henda því. Fór samt að lesa það sem ég hafði skrifað og fannst það í fyrsta lagi betra en ég hélt og í öðru lagi sá ég strax hvernig ég gæti lagfært það. Síðan varð ferlið ekki stöðvað og ég skrifaði alla söguna á nokkrum dögum en ég hef auðvitað snurfusað hana heilmikið síðan því maður heldur alltaf áfram að hugsa um söguna.“

Ármann segir atburðarás Síðasta galdrameistarans setta inn í miðja Hrólfs sögu kraka, rétt fyrir Skuldarbardaga og hann sé yfirvofandi í gegnum söguna. „Svo er það auðvitað gömul brella sem ýmsir barnabókahöfundar hafa notað á undan mér að taka nútímalega hugsandi persónu og setja hana í miðjuna á fornum heimi þar sem fólk hugsar öðruvísi. Sagan fjallar að miklu leyti um sannleikann, hvað sé satt og hvað logið, blekkingu og veruleika og sögurnar sem fólk segir. Því meira sem ég hugsaði um það því ánægðari varð ég með það sem efni í barnasögu. Ég held að börn hafi gott af því að heyra að eitthvað er ekki endilega satt bara af því að einhver segir það.“

Finnst þér það vera meira atriði í barnasögu en fullorðinsbók að það sé einhver boðskapur? „Nei, mér finnst þurfa að vera einhvers konar boðskapur í öllum sögum. Boðskapur er reyndar vandræðaorð, það er dálítill predikunarkeimur af því, en sögur þurfa alltaf að eiga eitthvert erindi. Auðvitað er gott að sögur séu í og með afþreying en hún getur þá verið erindi líka. Mér finnst ekki áhugavert að skrifa sögu um miðaldir nema maður hafi sjálfur ekki mjög skýra sýn á hana og viti hvað maður vill gera með hana. Ef bara væri verið að herma eftir gömlu sögunum þá held ég að það myndi ekki rata til lesendanna.“

### Ekki viss um að hitta í mark

Hvaða aldurshóp hafðirðu í huga sem lesendur sögunnar? „Ég var raunar ekki mjög viss um það á meðan ég var að skrifa en mér hefur sýnst krakkar á aldrinum tíu til ellefu ára taka mjög vel við sögunni og yngri börn sem eru vanir lesendur taka henni líka vel. Ég prófaði söguna á tveimur sex ára börnum, sem höfðu fylgst með Merlin í sjónvarpinu, til að byrja með og þau kveiktu strax á efninu. Augljóslega skilur sex ára barn söguna á allt annan hátt en tíu ára barn en það gerir bara ekkert til ef það hefur gaman af henni. Mér finnst mikilvægt að sögur geti virkað á fyrir marga lesendahópa.“

Það virðist vera mikill áhugi á miðaldasögum um þessar mundir, kanntu einhverja skýringu á því? „Sá áhugi hefur held ég aldrei dofnað. Auðvitað hefur fantasían verið sterk undanfarið enda er hún þægilegt form að skrifa inn í. Þar ríkja ákveðnar reglur, ég er til dæmis með þrjár þrautir í minni sögu sem er klassísk brella til að knýja söguna áfram. En ég held raunar að það sé líka talsverð eftirspurn eftir raunsæju efni fyrir börn og unglinga þótt ég sé ekki eins viss um að framboðið á því sé fyrir hendi. Þetta skiptir mig kannski ekki öllu máli, ég bara átti þessa sögu og fannst hún geta gengið upp þótt ég væri alls ekki viss um að hitta í mark með henni, það er alltaf svolítið óljóst.“

Síðasti galdrameistarinn virðist heldur betur hafa hitt í mark og Ármann viðurkennir að það hafi komið honum á óvart. „Ég er mjög ánægður með viðtökurnar. Mig skorti svolítið sjálfstraust til að skrifa fyrir börn og hafði á tímabili miklar efasemdir um framtakið. Þegar maður er vanur að skrifa fyrir fullorðna er það töluverð nýjung að skrifa fyrir börn, maður er óviss um hvort lesendahópurinn muni fylgja með. Rithöfundar sitja auðvitað alltaf uppi með þessar efasemdir; þeir hafa skrifað það sem þeim finnst skemmtilegt og áhugavert en finnst einhverjum öðrum það? Bókin stendur og fellur með því.“

markhönnun ehf




**ÁSTARMEISTARINN**
ODDNÝ EIR ÆVARSDÓTTIR
**3.899 KR**




**DNA**
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**3.964 KR**

# SPENNANDI BÓKAJÓL




**NÁTTBLINDA**
RAGNAR JÓNSSON
**4.549 KR**




**LUIS SUÁREZ - LÍF MITT**
LUIS SUÁREZ
**3.905 KR**




**SVEITASÆLA**
INGA ELSA BERGÞÓRSDÓTTIR /
GÍSLI EGILL HRAFNSSON
**4.969 KR**




**HALLGERÐUR**
GUÐNI ÁGÚSTSSON
**3.899 KR**




**GÆÐAKONUR**
STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
**4.224 KR**




**DRAUMARÁÐNINGAR**
FRÁ A-Ö
**4.198 KR**




**MATARGATIÐ**
THEODÓRA J. SIGURÐARD.
**3.249 KR**




**HINN LITLAUSI TSUKURU**
HARUKI MURAKAMI
**3.968 KR**

netto bækur
Kræsingar & kostakjör

**Tilboðin gilda 13. - 14. des. 2014**

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

# DRAUMURINN UM DANAVIRKI

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** Fór að kynna sér þann hluta sögu Danmerkur sem fjallað var um í sjónvarpsþáttunum 1864 og komst að því sér til undrunar að einn þráður sögunnar endaði í þéttum skógum Nýja-Sjálands.



Djúpt djúpt inni í þéttustu skógum Nýja-Sjálands, í austurhlíðum Ruahine-fjallgarðsins sem liggur upp af og meðfram austurströnd Norðureyjar, þar djúpt inni í skóginum, svo djúpt að menn þurfa nánast að klóra sig gegnum þétt gróðurþykknið og í fjarska heyrist drynjandi harðtaktur hinna hörkulega bardagamanna Maóría sem æfa sig fyrir dans og stríð í senn, og dimmt dularfullt væl vekur grun um að kannski leynist enn í myrkviðunum fáeinir hinna fjögurra metra háu en ófleygu móa-fugla sem sumir halda að éti jafnvel menn þegar þeir verða soltnir, en þarna djúpt í skóginum, þar hafa nokkrir fölleitir menn daprir á svip nú rutt svolítið rjóður og eru að reisa sér skýli og vísi að sögunarmyllu, og einn hefur komið upp skilti og málað á það nafn á þessum stað sem þeir ætla að koma sér upp: Danavirki stendur þar, og þeir tala dönsku…

### Nei nei nei

Það er löngu búið að ryðja skógana kringum Danavirki, eða Dannevirke eins og staðurinn heitir á Nýja-Sjálandi. Maóríarnir búa allir í húsum núorðið og fara ekki lengur í stríð, það er löngu búið að sanna að móa-fuglinn sé útdauður fyrir hundruðum ára. Ruahine-fjöll gnæfa enn í vestri en allt í kringum staðinn þar sem þetta svonefnda virki reis fyrst, þar er nú blómlegt en svolítið syfjulegt landbúnaðarhérað, akrar og búfénaður, þetta er sex þúsund manna bær, einu sinni var hann í þjóðbraut eftir að búið var að ryðja mesta skóginn, þá unnu menn hér hörðum höndum við að koma upp járnbraut, en nú er búið að loka brautarstöðinni og lestin milli Wellington og Napier kemur ekki lengur við í Dannevirke.

### Fyrstu mannvirkin reist um árið 500

Dönsku sjónvarpsþættirnir 1864 vöktu þó nokkra athygli hér á landi um daginn. Og þeir rifjuðu upp tilvist Danavirkis fyrir þeim sem höfðu gleymt því, það er að segja hins upprunalega Danavirkis. Það var lengst af talið hafa verið reist fyrst á víkingaöld, reyndar ekki einn virkisstaður til að byrja með, heldur nokkrir langir garðar, sums staðar skurðir á milli, og lágu þessi mannvirki nokkurn veginn alla leiðina milli Eystrasalts og Norðursjávar, svo menn drógu þá eðlilegu ályktun að um hefði verið að ræða virkisgarða sem danskir víkingar komu upp til að verjast árásum germanskra ættbálka af þýsku heiðunum.

Nú er reyndar talið að upprunalega hafi þetta kannski frekar verið samgöngumannvirki, eins konar frumdrög að Kílarskurði sem opnaður var 1895. Og nýjustu rannsóknir gefa til kynna að fyrstu mannvirkin hafi verið reist löngu áður en hinn eiginlegi víkingatími hófst, sum um árið 500, önnur jafnvel eldri. En með tímanum var orðið Danavirki þó fyrst og fremst notað um einn tiltekinn virkisstað, sem Danir fóru að lokum að líta á sem útvörð ríkis síns gagnvart Germönum eður Þjóðverjum.

### Vaxandi þjóðernisstefna

Hvar Danmörk endaði og Þýskaland tók við var lengi allmjög á reiki, það átti einmitt eftir að verða ein aðalástæða þess hörmulega stríðs sem sjónvarpsþættirnir 1864 fjölluðu um. Danska konungsættin kom laust fyrir 1500 frá þýska hertogadæminu Oldenburg, skammt vestan Hamborgar, og næstu aldirnar höfðu Danakóngar margvísleg ítök í héruðunum Slésvík og Holstein sunnan hinnar eiginlegu Danmerkur, þar sem þeir voru hertogar. Stundum vildu þeir meiri ítök; Kristján IV. fór í herferð suður í lönd 1625 og ætlaði að verða stórkarl í Þýskalandi en fór háðulegar hrakfarir og Dönum varð ljóst að þeim var líklega ekki ætlað að verða stórveldi í Evrópupólitíkinni.

Er kom fram á 19. öld hafði vaxandi þjóðernisstefna hins vegar hleypt nýju blóði í Dani. Það voru ekki bara Íslendingar sem gerðust uppteknir af þjóðerni sínu og sérstöðu og glæstri menningu bæði að fornu og nýju. Danir tóku líka að útna heilmikið út af nýrri trú á eigin mátt og megin. Og það olli vandræðum í hertogadæmunum Slésvík og Holstein.

Í þá daga var Þýskaland sundrað í ótal ríki misjafnlega stór en samrunaferli var þó hafið og til var samband þýsku ríkjanna. Slésvík og Holstein tilheyrðu þýska sambandinu en voru þó í raun hluti Danmerkur líka vegna þess að dönsku kóngarnir voru þar æðstu pótintátar. Með aukinni þjóðernishreyfingu 19. aldar tóku íbúar hertogadæmanna að skilgreina sig ýmist sem Dani eða Þjóðverja og fór ekki á milli mála að meirihluti þeirra taldi sig Þjóðverja, nema íbúar nyrðri hluta Slésvíkur sem flestir voru Danir.

Árið 1848 kom til stríðs um yfirráð yfir hertogadæmunum milli Danmerkur og Prússlands sem var þá í óða önn að verða langöflugast þýsku ríkjanna og hafði reyndar lengi verið svo, en nú voru Prússar farnir að stefna markvisst að því að sameina öll þýsku ríkin undir sínum fræga járnhæl. Af ýmsum ástæðum fóru Danir með sigur af hólmi í þessu stríði, þeir börðust vissulega knálega en Þjóðverjar gengu á hinn bóginn vart til leiks af heilum hug og flest stórveldi Evrópu vildu líka halda aftur af þeim. Árið 1851 var því samið um frið og Danir héldu yfirráðum sínum yfir hertogadæmunum.

### Monrad líklega með geðhvarfasýki

Árið sem stríð sjónvarpsþáttanna var háð, þá voru aðstæður hins vegar breyttar. Danir höfðu fyllst ofsatrú á sjálfa sig eftir sigurinn í stríðinu fimmtán árum fyrr og vildu nú setja í stjórnarskrá ákvæði sem gera myndu Slésvík og Holstein að ævarandi hlutum danska ríkisins, þótt þau væru enn sem fyrr í þýska ríkjasambandinu. Í raun mátti hver maður segja sér að þetta gætu Þjóðverjar aldrei látið bjóða sér, enda kvöddu þeir út her og nú voru Prússar ekki einir á ferð, heldur höfðu Austurríkismenn með sér. Danir höfðu sem sé komið upp á móti sér tveimur af fimm helstu stórveldum meginlandsins, en hin þrjú voru Bretland, Frakkland og Rússland.

Í sjónvarpsþáttunum 1864 vakti athygli að forsætisráðherra Dana og sá sem hratt þeim að endingu út í þetta stríð var sýndur nánast sem geggjaður fáráðlingur, Ditlev Monrad að nafni, biskup var hann að tign. Sannleikurinn mun vera sá að sú mynd var ekki nema örlítið ýkt, Monrad var í raun og veru afar vanstilltur maður og hefur líklega þjáðst af geðhvarfasýki, hann sveiflaðist ofsalega milli oflætis og þunglyndis og í einu oflætiskastinu lét hann hjá líða að semja um frið við Þjóðverja og Austurríkismenn meðan hann hafði enn möguleika á. Auðvitað var stríðið samt alls ekki honum einum að kenna, Danir voru almennt uppfullir af eldmóði og ráðnir í að helga sér hertogadæmin að eilífu, meira að segja Holstein, þar sem allir vissu að íbúarnir gátu ekki beðið eftir að sameinast Þýskalandi.

Það flækti málið að nýr kóngur hafði aðeins fáeinum mánuðum fyrir upphaf stríðsins sest í hásæti Danmerkur, Kristján IX., en hann hafði verið kallaður til kóngs af því Friðrik VII. var barnlaus. Kristján gat að langfeðgatali fundið danska kónga meðal forfeðra sinna, en var þó í raun miklu frekar þýskur hertogasonur. Af þessum ástæðum hafði Kristján ekki mikið að segja um ríkisstjórnina þegar stríðið hófst en æsingamenn eins og Monrad gátu farið sínu fram.

Nú. Eins og skýrt kom fram í sjónvarpsþáttunum margnefndu trúðu Danir því statt og stöðugt að hið gamla Danavirki, sem nú taldist til Holstein, yrði sá brimbrjótur sem allar sóknir Þjóðverja myndu brotna á. Í þjóðernisæði sínu sáu þeir fyrir sér hetjulega vörn hersveita sinna í Danavirki og að lokum yrði sóknarþungi Þjóðverja þorrinn, og þeir myndu neyðast til að semja um áframhaldandi yfirráð Dana yfir hertogadæmunum. En það fór allt á annan veg. Dönsku herforingjarnir vissu vel að það væri óðs manns æði að reyna að verja Danavirki, hið „óvinnandi vígi“ yrði einfaldlega líkkista danska hersins ef það yrði reynt. Og í byrjun febrúar 1864 flúði danski herinn því frá Danavirki, og var það ægilegt áfall fyrir Monrad og Dani almennt.



MONRAD



BISMARCK

### Bismarck vildi ekkert með Dani hafa

Í staðinn reyndi danski herinn að verjast þar sem heitir Dybböl en í orrustu í apríl beið hann algjöran ósigur. Hrakfarir Dana voru algjörar og landið varnarlaust. Prússneski herinn brunaði mótspyrnulaust yfir Jótland og bjó sig undir að gera innrás á Fjón og Sjáland. Hinn nýi kóngur Kristján IX. gerði Þjóðverjum í leyni það fáheyrða tilboð að Danir skyldu ganga í þýska ríkjasambandið ef þeir fengju að halda hertogadæmunum. Slíkt tilboð var auðvitað bara landráð og ekkert annað, en Bismarck kanslari Prússa hafnaði boðinu. Hann kvaðst ekkert vilja með Dani hafa, þó hertogadæmin ætlaði hann að eignast. Monrad var hins vegar genginn af göflunum, æpti og öskraði og krafðist þess að öllum friðarumleitunum yrði hafnað og Kaupmannahöfn varin til síðasta manns. Kóngurinn varð að lokum að setja Monrad af og var hann þá gjörsamlega úrvinda af æsingi og vonbrigðum.

Hann bölvaði Dönum í sand og ösku og fannst þeir hafa svikið sig, lýsingarnar á reiðilestrum hans í garð Dana sem ekki vildu berjast til síðasta blóðdropa minna skelfilega mikið á lýsingar af Adolf Hitler sem heimtaði 1945 að þýska þjóðin fórnaði lífinu fyrir sig.

En nú var saminn friður og urðu Danir að láta hertogadæmin af hendi. Í atkvæðagreiðslu eftir fyrri heimsstyrjöld lýstu íbúar í norðurhluta Slésvíkur hins vegar þeim vilja sínum að sameinast Danmörku að nýju og varð það úr. Og hefur síðan verið kyrrt á þessum slóðum og ekki framar barist um Danavirki.

En það er af Monrad að segja að niðurbrotinn maður ákvað hann að flytjast yfir hálfa jörðina og settist að á Nýja-Sjálandi, þar sem hann ætlaði að boða kristindóm og kærleika trú Maóríum. En þá kom tvennt á daginn. Í fyrsta lagi uppgötvaði hinn viðkvæmi Monrad að hafi herprúðir Prússar verið ógnvekjandi, þá voru stríðsmenn Maóría hálfu verri í hans augum, tattúeraðir á allan skrokkinn, sönglandi sína hörkulega stríðssöngva. Einmitt um þær mundir sem Monrad mætti til leiks á Norðureyju voru Maóríar á stríðsbuxunum gegn ásælni Evrópubúa og uppgjafapólitíkus og biskup úr Danmörku hafði ekki andlegt þrek til að standa þar í móti. Og í öðru lagi hafa Maóríar kannski komist að raun um að kristindómur vanstillts stríðsæsingamanns frá því hinum megin á hnettinum hafði lítið að segja þeim.

Monrad sneri heim aftur og náði reyndar seint og um síðir að stilla sitt stríða geð, hann settist meira að segja á þing aftur. En arfleifð hans í heiminum felst kannski í tvennu: hinu yfirgefna Danavirki í Holstein í Þýskalandi, og svo Dannevirke á Norðureyju en sá bær var stofnaður af dönskum útlögum sem fluttust að tilvísan hans til Nýja-Sjálands og fóru að ryðja skóg. Og lítill vafi er á að nafnið var valið af honum. Hvernig ber svo að líta á það? Sem hinn síðasta virðingarvott við drauminn sem dó við Danavirki, eða kaldrifjaðan brandara?

**VÍGVÖLLURINN 1864 SLÉSVÍK OG HOLSTEIN**




**„Hafi herprúðir Prússar verið ógnvekjandi, þá voru stríðsmenn Maóría hálfu verri í augum Monrads, tattúeraðir á allan skrokkinn, söngl-andi sína hörkulega stríðssöngva.**

# RISA JÓLA SKÓSPRENGJA

## 50-90% AFSLÁTTUR

## Í FULLUM GANGI TIL 24.DES



**Spariskór**
Stærðir: 25-36
Verð áður: 4.995 kr
**Verð nú: 2.497 kr**



**Stígvél**
Stærðir: 25-36
Verð áður: 6.995 kr
**Verð nú: 3.497 kr**



**Hælaskór**
Stærðir: 36-41
Verð áður: 8.995 kr
**Verð nú: 4.497 kr**



**Ecco Siberia kuldaskór**
Stærðir: 36-41
Verð áður: 27.995 kr
**Verð nú: 13.997 kr**



**Converse**
Stærðir: 27-31
Verð áður: 10.995 kr
**Verð nú: 5.497kr**



**Fóðraðir kuldaskór**
Stærðir: 23-36
Verð áður: 7.995 kr
**Verð nú: 3.997 kr**



**Herraskór**
Stærðir: 40-46
Verð áður: 9.995 kr
**Verð nú: 4.997kr**



**Ecco golfskór**
Stærðir: 40-47
Verð áður: 26.995 kr
**Verð nú: 13.497 kr**

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Smáratorgi, Kópavogi
**Opið alla daga frá 11-18**
**Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Vínlandsleið 6, Grafarholti
**Opið virka daga: 11-18**
**Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

## Konráð og félagar á ferð og flugi 126

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 6 | 3 | | 1 | |
| 8 | | 3 | | | 2 | 4 | | 6 |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | |
| | 3 | 6 | 8 | | | 9 | | |
| 2 | | | | | 5 | | 4 | 7 |
| | 5 | | 1 | 4 | | 3 | | 8 |
| 6 | | 5 | 4 | | 8 | | 9 | 2 |
| 1 | 8 | | | 7 | 9 | | | |
| | 2 | | 6 | 5 | | 7 | 8 | |



## Vísur

# Jólasveinn númer tvö

*Giljagaur var annar*
*með gráa hausinn sinn.*
*Hann skreið ofan úr gili*
*og skaust í fjósið inn.*

*Hann faldi sig í básunum*
*og froðunni stal*
*meðan fjósakonan átti*
*við fjósamanninn tal.*

***Jóhannes úr Kötlu***




## Myndin

**Hún Sigrún Ylfa Guðmundsdóttir** 6 ára, sem á heima í Silkeborg í Danmörku, sendi okkur þessa skemmtilegu mynd af bangsa að fljúga í blöðruloftbelg frá Danmörku til Íslands.





**ÖLL Í 7. BEKK** Gylfi, Ísak, Selma, Niko, Matthildur og Kaja. MYND/SIGURÐUR ARNAR SIGURÐSSON

# Við eigum allt og því þurfum við ekkert

Í Grundaskóla á Akranesi hefur skapast sá siður að nemendur og starfsmenn gefa ekki hver öðrum jólagjafir heldur sameinast um stóra jólagjöf til fátækra barna í Malaví. Árlegur jólasöfnunarmarkaður var í vikunni.

**Nokkur börn úr sjöunda bekk í Grundaskóla á Akranesi voru króuð af og spurð út í markaðinn sem haldinn var í skólanum á miðvikudaginn til styrktar bágstöddum börnum í Malaví.**

**Krakkar, hvað var á þessum markaði?** „Við vorum með alls konar hluti sem krakkar í skólanum hafa búið til."

**Hvað gerðuð þið sjálf?** „Við prjónuðum hitt og þetta, smíðuðum smáhluti, perluðum jólaskraut, bjuggum til jólakonfekt. Aðrir árgangar bjuggu til jólakort, spil, könglakörfur og margt fleira.

**Mættu margir í vonda veðrinu til að kaupa af ykkur?** „Já, ótrúlega margir, það var hreinlega fullt hús. Við seldum allt sem við bjuggum til."

**Hvað gerið þið við ágóðann?** „Allur ágóðinn rennur til söfnunar vegna Malaví. Nemendafélag Grundaskóla lagði fram tillögu árið 2000 eða 2001 um að nemendur og starfsmenn stæðu saman að söfnun fyrir jólin til þeirra sem verst stæðu í heiminum. Í staðinn hætti skólinn með stofujól og pakkagjafir innan skólans."

**Finnst ykkur alveg sjálfsagt að fá ekki pakka á litlu jólunum?** „Já. Okkar pakkar fara til þeirra sem þurfa miklu meira á þeim að halda en við. Við eigum allt og því þurfum við ekkert."

**Fylgist þið eitthvað með börnunum í Malaví?** „Nei, kannski ekki börnunum sjálfum. Við vitum samt fullt um Malaví og skólana sem við styðjum. Framlög Grundaskóla fram til þessa hafa farið til að styrkja fátækustu börnin í Chiradzulu og Mwanza sem mörg eru munaðarlaus vegna alnæmis. Skólagjöldin þeirra eru greidd, þau fá skólabúninga og skólavörur. Rauði kross Íslands hefur staðfest að framlög Grundaskóla hafi skipt sköpum í lífi þúsunda einstaklinga."

**Langar ykkur að fara einhvern tíma til Afríku?** „Já, flest okkar langar þangað þegar við verðum kannski örlítið eldri."

# PENNINN HALLARMÚLA 4

## 50% VILDARAFSLÁTTUR AF VALINNI JÓLAVÖRU




## FERÐTÖSKUFJÖR!



Vildarverð 11.999,-
Fullt verð: 19.999,-

Vildarverð 9.999,-
Fullt verð: 18.499,-

Vildarverð 8.999,-
Fullt verð: 15.999,-

Stærð 78 cm | svört | blá

Stærð 68 cm | svört | blá

Stærð 55 cm | svört | blá

**OPIÐ** LAUGARDAG 10-17 & SUNNUDAG 13-17



NÆG BÍLASTÆÐI
FRÍTT KAFFI

MUNDU EFTIR
GJAFAKORTINU

LEIKFÖNG
MYNDLISTAVÖRUR

PENNINN

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er frá 13. desember, til og með 14. desember. Á meðan birgðir endast. Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
1. Berja mann í hvelli við ómannað útibú (9)
10. Herða fjötrana, þótt teygjanlegir séu (10)
11. Skemmtikrafturinn gleymir ekki varnarliðinu (11)
13. Hin sjúklega löngun í fjötra truflar svefn (10)
14. Ákveðnir hlutar af heildinni eru smáskorpur (9)
15. Slengi gaddi í þá sem mesta vitið hafa (8)
16. Aur var að mér otað fyrir mat (7)
17. Ég fæ kið ef þið þaggið ruglið niður (5)
18. Hlaupa um í Evuklæðum með þunnan skráp og glæran (8)
19. Losið um hamfarirnar (7)
21. Fjallkonan bakar kex (4)
23. Þessi sauður er öllum til ama en enginn sér í gegnum hann (8)
25. Engin þjótum við með óverunum (9)
28. Fornsaga um bréfabindi? (4)
29. París féll að fótum hennar forðum daga/ hlaust af því eitt heljarstríð/hún var enda ægifríð (6)
31. Í gististofu þakinni skán liggur sá rotvarði (12)
32. Þungmálmsflekkur þyngir færið (6)
33. Áttar sig er afturbeygðar birtast (6)
34. Stuttur, líka í spuna (7)
35. Innbyrti alisvín og var snupruð fyrir (6)
40. Er matarmatur forsenda þess að vinna fyrir mat? (8)
42. Rangur reikningur hljómar illa (8)
46. Keflið núllar ruglið (6)
47. Iðrasekkirnir VG, Sam- og Alþýðufylkingin (8)
48. Fínasti náungi, þessi yfirmaður (8)
49. Getirðu tekið lýsi stenstu þessa raun (13)

**LÓÐRÉTT**
1. Vinna tilfærslu ómaga (14)
2. Brýst enn frá hokri með aumingja (17)
3. Frjóvga konur skv. leiðbeiningum, panta svo spagettí og trúðaís (9)
4. Sunna var alltaf fullkomlega óskiljanleg þegar Máni var fyrir henni (9)
5. Eru þessi egg úr eyðimerkurlúðu eða fiðurfé? (10)
6. Segir tónskeið minna á velgengni keflvísku Bítlanna (10)
7. Sæki vatn fyrir gæfa dómara (8)
8. Glennir sig yfir gadd, birtast þá greinarmerki og eru hin hvössustu (9)
9. Er asmakastið svarið við hverri raun? (9)
12. Einn staflinn er fyrir munaðarlausan (9)
20. Það sem Gamli Óli skaut áður en hann lak niður úr hita (8)
21. Frosin mósa leitar leiðindadrósa (7)
22. Þetta geri ég ekki í þögn heldur orgi miklu (7)
24. Vil að ég nái í skít þess sem búið er að bleikja (8)
26. Þar fór hinn fokdýri snafs í hundskjaft (7)
27. Sekkur vaðmáls sýnir dónaskap á dansleik (10)
29. Bukkaþvag er býsna þunnur morgunrautur (9)
30. Samtenging hinna rödduðu önghljóða? (3)
36. Tímabil neikvæðs hagnaðar segir sá er illa þolir mótlætið (6)
37. Fór til að finna óbrenglaða liti regnbogans (6)
38. Hef vit fyrir afkomanda, kallið það hvað sem þið viljið (6)
39. Ég er fátækur, það er ekki fullkomið (5)
41. Kem matnum alltaf í tinkrús (5)
43. Skoða bekkjarrós með stækkunargleri (4)
44. Hvern hefði grunað óðar um slíka brenglun? (4)
45. Ferð á tíðum (3)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| J | A | K | A | H | L | A | U | P | | O | | H | | S | | S | | B | |
| Ó | | A | | J | | F | | R | Æ | F | L | A | R | O | K | K | A | R | A |
| G | A | R | Đ | A | R | Í | K | I | | S | | F | | G | | I | | Ý | |
| A | | L | | L | | S | | K | L | Æ | Đ | A | S | K | Á | P | I | N | N |
| R | A | M | M | L | E | I | K | I | | L | | S | | L | | A | | I | |
| N | | E | | A | | N | | N | Á | L | A | S | T | U | N | G | U | N | A |
| I | | N | | N | A | G | G | U | R | | | A | | K | | A | | G | |
| R | Ú | N | N | A | Đ | U | R | | Æ | | Í | | S | K | A | N | K | A | |
| | R | | E | | K | | O | R | Đ | A | B | Ó | K | A | R | G | E | R | Đ |
| S | M | Á | K | V | A | B | B | | N | | E | | Ó | | M | | L | | |
| | A | | T | | S | | B | | A | | R | Ó | L | U | S | T | A | U | R |
| S | K | R | A | T | T | A | H | E | R | | Í | | A | | L | | R | | |
| | A | | R | | S | | Æ | | A | F | A | R | B | R | E | I | Đ | I | R |
| Á | R | B | Í | T | I | N | N | | | Á | | | J | | N | | U | | I |
| | A | | N | | N | | S | Á | L | M | A | S | Ö | N | G | | | | T |
| H | R | A | U | N | S | A | N | D | | E | | | L | | D | Ý | F | U | M |
| E | | L | | J | | | | E | I | N | V | E | L | D | I | | Ó | | Á |
| K | O | K | K | Á | L | A | Đ | I | | N | | | U | | R | I | Đ | I | L |
| L | | A | | L | | | | L | E | I | Đ | I | N | N | | | U | | I |
| A | U | R | A | L | A | U | S | A | | Đ | | | A | | N | Í | R | Æ | Đ |

Lausnarorð síðustu viku var
**RJÚPNAVEIÐAR**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Tommi Teits** *Undraheimurinn minn* eftir L. Pichon frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ásdís Ívarsdóttir, Akureyri.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skygðu reitunum er raðað rétt saman birtast algjörlega misheppnuð viðskipti. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 17. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „13. desember".

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.


# NOTAÐIR BÍLAR
Í MIKLU ÚRVALI

Vertu með!

FERÐAFJÖR
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?



▶Tilboð: 3.160.000 kr.
**Ford Kuga** Titanium S RVZ65
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 81.000 km.
Ásett verð: 3.590.000 kr.

▶FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



▶Tilboð: 2.950.000 kr.
**Ford Focus** Trend Edition ORK29
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr.



▶Verð: 1.050.000 kr.
**Toyota Avensis** Sol DP114
Skráður júní 2006, 1,8i bensín, beinskiptur
Ekinn 134.000 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar – Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.


## FRÓÐLEIKURINN LAUFABRAUÐ

**Hluti af jólamatnum frá 18. öld**



**SKORIÐ ÚT** Í laufabrauðið er skorið fléttað laufamynstur sem laufabrauðið er kennt við.

# Þunnt vegna kornskorts



Laufabrauð er þunn og stökk hveitikaka sem er mikilvægur hluti íslenskra jóla og þorrans. Í laufabrauðið er skorið allavega mynstur, en aðallega hið fléttaða laufamynstur sem laufabrauðið er kennt við.

„Það á að gefa börnum brauð að bíta í á jólunum," segir í vísunni enda var brauð lengi fágætt á Íslandi vegna lélegs innflutnings á mjöli. Því var brauð á meðal alþýðumanna fremur hátíðarmatur og laufabrauðið fer í þann flokk. Fyrst er minnst á laufabrauð í orðabók Jóns Ólafssonar frá Grunnavík frá fyrri hluta 18. aldar þar sem segir að laufabrauð sé sælgæti Íslendinga. Laufabrauð er einnig nefnt í elstu matreiðslubók sem kom út hér á landi árið 1800.

Ýmis skrautbrauð voru til í öðrum löndum en þó þekkjast ekki algjörar hliðstæður íslenska laufabrauðsins. Sérstaða þess er hve næfurþunnt það á að vera og telja margir að það sé vegna kornskortsins.




**Sölustaðir:**

GULLSMIÐAVERSLUN HJÁLMARS TORFASONAR Laugavegur 71. sími: 5521550
DÝRFINNA SKART Stillholt 16-18, Akranes Sími: 4643460
JB ÚR OG SKART Kaupvangsstræti Akureyri Sími: 4625400

HILTON REYKJAVÍK NORDICA
BRYNJA
.COM

## MERKISATBURÐIR

1545 Kirkjuþingið í Trent hefst. Kaþólska kirkjan ákveður á þinginu að berjast gegn umbyltingu í trúarmálum.

1643 Orrustan um Alton í enska borgarastríðinu hefst.

1939 Orrustan um River Plate, fyrsta sjóorrustan í síðari heimsstyrjöldinni, hefst.

1959 Erkibiskupinn Makarios er kjörinn fyrsti forseti Kýpur.

1974 Evrópuríkið Malta verður lýðræðisríki.

**1996 Kofi Annan er kjörinn ritari Sameinuðu þjóðanna.**

2003 Mest sótti körfuboltaleikur sem háður hefur verið fer fram í Bandaríkjunum, á milli Michigan-háskóla og Kentucky-háskóla.



**ÞETTA GERÐIST:** 13. DESEMBER 2011

# Bjargaði móður sinni úr bruna

Sautján ára piltur kom móður sinni til bjargar þennan dag árið 2011 þegar kviknaði í fötum hennar á heimili þeirra í Fagrahjalla í Kópavogi.

Konan var að kveikja upp í svokölluðum etanólarni þegar sprenging varð og eldur læsti sig í húsgögn og fatnað konunnar. Sonurinn náði að slökkva í logandi fötum hennar áður en hún brenndist meir en raunin varð. Hann hringdi á slökkvilið og náði móður sinni út úr húsinu sem skemmdist mikið í brunanum. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins.

Konan sem var á sextugsaldri var flutt á slysadeild Landspítalans þar sem gert var að sárum hennar. Verstu brunasárin voru á hægri hönd hennar og hluta af andliti.



✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar sambýliskonu minnar og ættmóður okkar,

**STEINUNNAR ÞORSTEINSDÓTTUR**
**NENNU**
**Háaleitisbraut 37, Reykjavík,**

er lést miðvikudaginn 19. nóvember sl. á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Sérstakar þakkir til Viðars Magnússonar gjörgæslulæknis, starfsfólks deildanna E6 og A6 Landspítala í Fossvogi, starfsfólks Heimahlynningar í Háaleitishverfi og þá sérstaklega Dagnýjar Jóhannsdóttur.

**Geir Ragnar Gíslason**
**Arnlín Þuríður Óladóttir** **Magnús Rafnsson**
**Óli Jón Ólason** **Guri Hilstad Ólason**
**Elín Sigríður Óladóttir** **Heimir Heimisson**
**Guðrún M. Ó. Steinunnardóttir** **Guðni Kristinsson**
**Þorsteinn Gísli Ólason** **Halla Björk Magnúsdóttir**
**Ágúst Ólason**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# Rifjar upp gamla takta

**Lárus Halldór Grímsson heldur upp á sextugsafmælið með fjölskyldu og samstarfsfélögum. Fjöldi hljómsveita sem hann hefur leikið með í gegnum tíðina mun taka þátt.**

Lárus Halldór Grímsson, tónskáld og skólastjóri Skólahljómsveitar Vesturog Miðbæjar, fagnar stórafmæli í dag en hann er fæddur 13. desember árið 1954 og er því sextugur í dag.

Lárus Halldór fagnar afmælinu með vinum og samstarfsfólki sem hann býður til veislu í kvöld. „Það verður partí, þetta verður svona aðallega með núverandi og fyrrverandi samstarfsfólki og fjölskyldu.“ En hann tekur afmælinu fagnandi enda ekkert annað í stöðunni að hans sögn.

Allur gangur er á því hvort Lárus Halldór heldur upp á afmælið en þegar stórafmæli er í vændum er tilefni til þess að fagna.

„Þetta verður nú svona stærra í sniðum núna. Það verða þarna margar hljómsveitir sem ég hef verið að spila með í gegnum tíðina. Við ætlum að rifja upp gamla takta félagarnir,“ segir Lárus Halldór, sem var í óðaönn við undirbúning afmælisins.

Lárus Halldór hefur í gegnum tíðina spilað með fjölmörgum hljómsveitum. Sem dæmi má nefna hljómsveitina Þokkabót sem vakti mikla athygli fyrir þýðingu á laginu Litlir kassar eftir Peter Seeger. Lagið er á fyrstu plötu hljómsveitarinnar, Upphafið, sem kom út árið 1974. Auk þess var Lárus Halldór meðlimur í Eik, Þursaflokknum og MX-21 ásamt Bubba Morthens.

Lárus Halldór hefur komið víða við á tónlistarsviðinu en auk þeirra hljómsveita sem hann hefur leikið með hefur hann samið mikið efni fyrir sjónvarp, kvikmyndir og leikhús.

Fyrstu skrefin í tónlistinni tók hann í skólahljómsveitinni sem hann stjórnar nú sjálfur en þar hóf hann nám á þverflautu tíu ára gamall. Árið 1971 hóf Lárus Halldór áframhaldandi tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Síðar lá leið hans til Hollands í skólann Institut voor sonologi í Utrecht og lauk námi þaðan árið 1984 en hélt áfram störfum við stofnunina að námi loknu.

Lárus Halldór er, líkt og áður sagði, skólastjóri við Skólahljómsveit Vestur- og Miðbæjar og tók við starfi skólastjóra árið 1994 auk þess sem hann kennir á þverflautu, klarínett og saxófón. „Ég var í þessari skólahljómsveit sjálfur og tók við henni af Páli Pampichler Pálssyni,“ segir Lárus Halldór og bætir við að honum finnist gaman að starfa með unga fólkinu í hljómsveitinni. gydaloa@frettabladid.is



**STÓRAFMÆLI** Lárus Halldór Grímsson fagnar sextugsafmælinu með samstarfsfólki og fjölskyldu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**„Þetta verður nú svona stærra í sniðum núna. Það verða þarna margar hljómsveitir sem ég hef verið að spila með í gegnum tíðina. Við ætlum að rifja upp gamla takta félagarnir.**



Davíð Ósvaldsson
útfararstjóri

Óli Pétur Friðþjófsson
útfararstjóri
ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • www.udo.is

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
STOFNUÐ 1996


ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
STOFNUÐ 1996



Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


✝



Ástkær móðir okkar, dóttir og systir,

**BERGLIND EIÐSDÓTTIR**
**Foldahrauni 42, Vestmannaeyjum,**

sem andaðist 6. desember, verður jarðsungin frá Landakirkju laugardaginn 20. desember kl. 14.00.

**Alexander Freyr Brynjarsson**
**Engilbert Egill Stefánsson**
**Sigurborg Engilbertsdóttir**
**Marín Eiðsdóttir**

✝



Systir okkar og frænka,

**NÍNA ÍSBERG**

andaðist mánudaginn 8. desember á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 16. desember kl. 15.00.

**Ásta Ísberg**
**Arngrímur Ísberg**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL M. AÐALSTEINSSON**
**bifreiðastjóri,**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 3. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Björn S. Pálsson** **Hrafnhildur Njálsdóttir**
**Anna Lilja Pálsdóttir** **Arnþór Ævarsson**
**Sæmundur Pálsson** **Elín Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýju við andlát og útför

**ÞORVALDAR HEIÐDAL JÓNSSONAR**
**fyrrum bónda á Tréstöðum,**
**Víðilundi 16a, Akureyri.**

Kærar þakkir til starfsfólks Aspar- og Beykihlíðar og þakklæti til þeirra sem heimsóttu hann og reyndu að stytta honum stundirnar.

**Þórunn Jóhanna Pálmadóttir**
**börn, tengdabörn, afa- og langafabörn stór og smá.**


Nýjar vörur frá
júniform
peysur
kápur
kjólar
Nýtt Kortatímabil
Opið
til 22 í kvöld og
sunnudag 13-18
KLAPPARSTÍGUR
Nº 40
ÖXNEY
101
REYKJAVÍK
Klapparstígur 40 • 101 Rvk • 571 4010

✝



Kær eiginmaður, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, bróðir, mágur og frændi,

**JÓN SKÚLI SIGURÐSSON**

lést 3. desember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til alls starfsfólks á líknardeild LSH í Kópavogi fyrir góða umönnun.

**Með þakklæti fyrir veitta samúð og kærleik.**
**Tatiana Trofimova**
**Kristina Trofimova**
**Júlía Trofimova** **Óskar Ingi Óskarsson**
**Elísabet Olga og Katrín Lilja Óskarsdætur**
**Bernt H. Sigurðsson** **Jónína K. Kristjánsdóttir**
**Harald Sigurðsson**
**Agnar Már Sigurðsson** **Guðbjörg Ágústsdóttir**
**og fjölskyldur.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLDÓR BJARNI ÞÓRHALLSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Grundargerði 4,**
**Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 9. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. desember kl. 13.00.

**Guðbjörg Bergsveinsdóttir**
**Bergsveinn Halldórsson** **Eygló Aðalsteinsdóttir**
**Þórhallur Halldórsson** **Margrét Guðmundsdóttir**
**Rúnar Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN AUÐUNN VIGGÓSSON**
**málarameistari,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 3. desember. Útför hans verður gerð frá Langholtskirkju þriðjudaginn 16. desember kl. 11.00.

**Steinn Auðunn Jónsson** **Ásgerður Sverrisdóttir**
**Dagbjört Nanna Jónsdóttir** **Sigurberg Jónsson**
**Þórunn Jónsdóttir** **Haraldur Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,

**GUÐLAUG BÁRA ÞRÁINSDÓTTIR**
**Hátúni 12, Reykjavík,**

lést á Landspítala í Fossvogi sunnudaginn 7. desember. Hún verður jarðsett frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 17. desember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Sjálfsbjargarheimilið.

**Guðrún Árný Árnadóttir** **Jens Jóhannsson**
**Óskar Þór Þráinsson** **Anna Guðmundsdóttir**
**Ásthildur Bára**
**Árni Björn**
**Gunnar Alex**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EYSTEINN LEÓ JÓNSSON**
**Látraseli 11,**
**Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 11. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Guðmunda Jónsdóttir**
**Jóhanna Eysteinsdóttir** **Pétur Steinn Sigurðsson**
**Jón Björn Eysteinsson** **Margrét Káradóttir**
**Sigrún Eysteinsdóttir** **Hlynur Geir Guðmundsson**
**Sigríður Eysteinsdóttir** **Sigurður Gunnar Markússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Á ÞINGI** Nemendur Vatnsendaskóla á þingflokksfundi Hagsældarflokksins.

# Fá innsýn í störf Alþingis

Tíu þúsundasti grunnskólanemandinn tekur sæti á Skólaþingi Alþingis á mánudaginn og mun forseti Alþingis fagna þeim tímamótum sérstaklega.

Haldið verður upp á það á mánudaginn klukkan 11 að tíu þúsundasti nemandinn tekur sæti á Skólaþingi.

Skólaþingi var komið á fót í nóvember 2007. Þar með var komið til móts við áhuga skólafólks á að koma með nemendur í vettvangsferðir á Alþingi. Hver heimsókn tekur um tvær og hálfa klukkustund með stuttu hléi.

Nemendur úr efstu bekkjum 70 grunnskóla hafa nú heimsótt Skólaþing. Þar fara þeir í hlutverkaleik og fylgja í stórum dráttum reglum um starfshætti Alþingis.

Nemendurnir fá tækifæri til að setja sig í spor þingmanna með því að leiða til lykta fyrir fram ákveðin málefni sem fyrir þá eru lögð á þingflokksfundum, nefndarfundum og þingfundum. Jafnframt hlusta þeir á og meta rök sérfræðinga sem kallaðir eru til að veita þingmönnum ráðgjöf og meta rök þeirra. Þannig eiga þeir að fá innsýn í sambandið milli atburða í samfélaginu, skoðanamyndunar, pólitískra ákvarðana og starfa Alþingis. Síðan eiga þeir að komast að lýðræðislegri niðurstöðu með því að meta rök og álit annarra og taka afstöðu.

- gun

# Milljónasti farþeginn

Gunnhildur Blöndal tók við gjafabréfi frá flugfélaginu WOW air í gær í tilefni þess að hún var milljónasti farþeginn sem flaug með félaginu frá stofnun þess árið 2012.

„Við erum að fljúga til London Gatwick flugvallar og erum á leiðinni til Brighton að versla inn jólagjafirnar og njóta þess að ganga um bæinn. Við erum búin að vera saman í sjö ár og höfum aldrei komist í frí saman áður, svo það má segja að þetta sé stór stund hjá okkur," sagði Gunnhildur Blöndal sem var milljónasti farþegi flugfélagsins WOW air. Hún var á leið úr landi í gær ásamt manni sínum Björgvini Viktori Þórðarsyni. Hún fékk af þessu tilefni gjafabréf fyrir tvo úr hendi Skúla Mogensen, stofnanda og forstjóra WOW air, og kvaðst ætla að skella sér með Björgvini til Dyflinnar næsta sumar.

„Ég er mjög stoltur af því að í dag skulum við fljúga með milljónasta gestinn okkar og afar þakklátur fyrir þær móttökur sem við höfum fengið bæði hér innanlands og erlendis frá fyrsta degi," sagði Skúli. „Það er magnað að hafa flogið með þrefaldan fjölda íslensku þjóðarinnar frá fyrsta flugi okkar fyrir tveimur og hálfu ári. Fyrsta árið flugu um 110 þúsund farþegar með WOW air og árið 2013 um 415 þúsund."

-gun




**VIÐ AFHENDINGUNA** Gunnhildur og Björgvin Viktor voru að stinga af til Brighton þegar þau fengu gjafabréfið.

✝



Okkar ástkæri

**JÓHANNES S. PÁLSSON**
**frá Furubrekku,**
**Staðarsveit,**
**Arnarheiði 13 A,**
**Hveragerði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, 26. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ástríður G. Jóhannesdóttir** **Gunnlaugur Björnsson**
**Gísli J. Gíslason**
**Hólmfríður Skaftadóttir**
**Guðmundur Svavarsson** **Hrafnhildur Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**PÁLÍNA MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Reykjum í Fnjóskadal,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð 4. desember. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 18. desember kl. 13.30.

**Guðmundur Hafsteinsson** **Karítas Erla Jóhannesdóttir**
**Sólrún Hafsteinsdóttir** **Sigurður B. Jónsson**
**Lára Hafsteinsdóttir** **Fjölnir Sigurjónsson**
**Gunnar M. Guðmundsson** **Erna H. Gunnarsdóttir**
**Þóra K. Guðmundsdóttir** **Magnús Hallur Sævarsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

### MONGOL DERBY

# HÆTTULEGASTA KAPPREIÐ Í HEIMI

### 1000 KÍLÓMETRAR Á 10 DÖGUM




MYNDADAGBÓKIN HENNAR ANÍTU FRÁ MONGÓLÍUKAPPREIÐINNI, HRÍFUR ALLA SEM HAFA GAMAN AF DIRFSKUFULLUM ÆVINTÝRUM



Hestakonan Aníta Margrét Aradóttir vann mikið afrek þegar hún tók þátt í Mongólsku kappreiðinni. Hún kláraði 1000 km á 10 dögum við hrikalegar aðstæður í hrjóstrugri náttúru Mongólíu. Keppnin fór fram á hálftömdum villihestum.

Mongólíu kappreiðin þykir sú erfiðasta í heimi og aðeins á hendi frábærra knapa og hörkutóla að ljúka þessari 1000 km þrekraun. Aníta Aradóttir var útnefnd kona ársins 2014 af Nýju Lífi fyrir þetta afrek sitt.

Mongol Derby kappreiðinni eru hér gerð skemmtileg skil í lifandi myndmáli og þessi bók er fyrir alla sem láta sig dreyma og hafa gaman af ævintýrum og hetjum sem þora að láta drauma sína rætast.












Kappreiðin reynir mjög á knapana og meiðsli eru mjög algeng.




Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS
Gjafakort Bónus
er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla
SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN. GEFÐU GJAFAKORT BÓNUS
Bónusgjafakortið fæst nú til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus
Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000
BÓNUSKORT
VINSÆLASTA JÓLAKJÖTIÐ Í BÓNUS Á FRÁBÆRU VERÐI
Ali Hamborgarhryggurinn Vinsælasti hamborgarhryggurinn í Bónus
Nú á betra verði
1798 kr. kg.
Ali Hamborgarhryggur úrbeinaður
1598 kr. kg.
Ali Hamborgarhryggur með beini
BAYONNE skinka
1198 kr. kg.
Ali Bayonneskinka 1.flokkur úr læri
Hamborgarhryggur Nr.1 að mati dómnefndar DV
1495 kr. kg.
KEA Hamborgarhryggur m.beini
1198 kr. kg.
Bautabúrið: Hamborgarhryggur
Úrbeinað hangilæri Nr.1 að mati dómnefndar DV
KEA Hangilæri úrbeinað
3098 kr. kg.
KEA Hangilæri úrbeinað
SLÁTRUN 2013
Jólahangikjötið í Bónus
Úrbeinað hangilæri Nr. 2-3 að mati dómnefndar DV
Fjalla HANGIKJÖT
2498 kr. kg.
Fjalla Hangilæri úrbeinað
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
1959 kr. kg.
Kjarnafæði Kofareyktur úrbeinaður hangiframpartur
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
2595 kr. kg.
Kjarnafæði Kofareykt úrbeinað hangilæri
998 kr. kg.
Kaupfélag Skagfirðinga FROSIÐ LAMBALÆRI
VALITOR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Verðtilboðin í þessari augl. Gilda til 14.des. 2014
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •




3 | KL. 20:00

**X-Factor UK**

Síðasti þátturinn í þessari elleftu seríu þar sem úrslitin ráðast og spennandi að sjá hverjir af þeim fjölmörgu hæfileikaríku söngvurum sem hafa tekið þátt í keppninni komast í fyrsta sætið.

# Meiriháttar sunnudagur



2 | KL. 18:10

**Jóladagatal Skoppu og Skrítlu**

Skoppa og Skrítla opna nýjan glugga á nýju jóladagatali á hverjum degi fram að jólum á Stöð 2.



2 | KL.19:40

**Sjálfstætt fólk**

Helga Guðrún Johnson, fyrrum sjónvarpsstjarna og nú verðlaunarithöfundur verður næsti gestur Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki .



2 | KL. 20:20

**Rizzoli & Isles**

Jane Rizzoli og réttarlæknirinn Maura Isles eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Bostonmafíunnar í sameiningu.



2 | KL. 21:10

**Hreinn Skjöldur**

Glæný gamanþáttaröð eins og þær gerast bestar. Hér er fjallað um einfaldan og áhrifagjarnan náunga sem heitir Hreinn Skjöldur.



| KL. 22:00

**Hansel And Gretel: Whitch Hunter**

Ævintýraleg spennumynd frá 2013 um Hans og Grétu sem elta uppi nornir með það að markmiði að útrýma þeim.



Krakkastöðin | KL. 18:47

**Töfrahetjurnar**

Töfrahetjurnar eru frábærir fjölskylduþættir með þeim Einarl Mikael töframanni og Viktoríu töfrakonu.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | | | | 4 | | 2 | 5 |
| | 5 | | 6 | 2 | | | 8 | |
| | 2 | | 5 | | 9 | 1 | | |
| | | 4 | 9 | | 6 | | | 3 |
| 3 | | | 2 | | | | | 8 |
| 1 | | 2 | | | 5 | | | |
| 7 | 1 | | | | | 6 | 4 | 2 |
| | | | | | 7 | 9 | | |
| | | 6 | | 5 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 2 | |
| | | 2 | 9 | | | | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 4 | | | | | | 1 |
| | | 9 | 7 | | 4 | 1 | | |
| | | | 1 | 8 | | 7 | | 6 |
| | | 6 | | | | | | |
| | | 8 | 5 | 4 | | | 7 | |
| | | 1 | | | | 3 | | 4 |
| 4 | 9 | | | 3 | | 5 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 2 | | 5 | | 9 | 1 | 6 |
| | 8 | | | | | 7 | | 4 |
| | 1 | | 4 | 2 | | | | 5 |
| | | | | 9 | | 3 | | |
| 1 | | | | | | | | |
| | | | | 6 | 8 | | 7 | 1 |
| | | 8 | | | 5 | | 9 | 7 |
| | | | | | | 4 | | |
| 6 | | | 7 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 |
| 6 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 8 | 6 | 9 | 1 | 2 |
| 8 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 |
| 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 3 | 8 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 4 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 7 | 4 | 2 |
| 8 | 7 | 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 4 | 1 | 7 | 8 | 6 | 9 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 5 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 | 2 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 1 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 |
| 6 | 4 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 4 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 | 7 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 4 | 9 | 3 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 | 3 | 8 |
| 3 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 1 | 9 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Verið hamingjusöm fyrir þetta augnablik. Þetta augnablik er ævin ykkar.“**

*Omar Khayyam*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** beygðu, **6.** líka, **8.** meðal, **9.** stormur, **11.** í röð, **12.** þrykk, **14.** ról, **16.** óreiða, **17.** berja, **18.** einkar, **20.** tveir eins, **21.** eins.

**LÓÐRÉTT**
**1.** rusl, **3.** þófi, **4.** flík, **5.** þakbrún, **7.** sveppur, **10.** ílát, **13.** tangi, **15.** drepa, **16.** flan, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** víku, **6.** og, **8.** lyf, **9.** rok, **11.** rs, **12.** prent, **14.** kreik, **16.** rú, **17.** slá, **18.** all, **20.** ll, **21.** sama.

**LÓÐRÉTT: 1.** sorp, **3.** il, **4.** kyrtill, **5.** ufs, **7.** gorkúla, **10.** ker, **13.** nes, **15.** kála, **16.** ras, **19.** lm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Vladimir Kramnik (2769) hafði hvítt gegn Hikaru Nakamura (2775) í 2. umferð London Chess Classic sem fram fór í fyrradag.**

**Hvítur á leik**



**39. Hg8+! Ke7** (39...Kxg8 40. Rh6+ og 41. Rxf5) **40. Bg5+ Bf6 41. De2+** og svartur gafst upp enda allt að hrynja. **www.skak.is** Friðriksmót Landsbankans – sterkasta hraðskákmót ársins í dag kl. 13.


SKEMMTILEGU Hasbro JÓLAGJAFIRNAR
FÁST Í HAGKAUP
MARVEL ULTIMATE SPIDER-MAN
Turbo Racer bíll og fígúra
6.999kr
vnr 923489
Triple Strike
bíll og fígúra
6.499kr
vnr 923488
Spiderman, 9.5cm
1.699kr
vnr 889282
Spiderman, 30 cm
2.199kr
vnr 884195
Power Webs fígúra
2.499kr
vnr 889280
STAR WARS
Rebels gríma
2.999kr
vnr 922487
Geislasverð
6.999kr
vnr 923488
Littlest PetShop
Fígúrur 2 stk
1.274kr
verð áður 1.699
vnr 923507
25%
af öllu Petshop
Blythe fígúra og fylgihlutir
1.874kr
verð áður 2.499
vnr 923471
Blythe á vespu
3.224
verð áður 4.299
vnr 923472
Fígúrur 8 stk
4.874
verð áður 6.499
vnr 923473
Fígúrur 2 stk og fylgihlutir
2.475
verð áður 3.299
vnr 923508
Fígúrur
524kr
verð áður 699
vnr 923505, 923506
NERF
Megabogi
8.999kr
vnr 923513
Rebelle lásbogi
7.999kr
vnr 923512
Zombie byssa
3.999kr
vnr 923481
Rebelle byssa
6.999kr
vnr 923511
Elite Stryfe byssa
5.499kr
vnr 923479
Stangarm byssa
2.999kr
vnr 923258
Play-Doh
Disney prinsessa og leir
1.999kr
vnr 923497
Disney princess Kastali
6.999kr
vnr 923498
Gildir til 14. desember á meðan birgðir endast.
EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA
Skilamiði
HAGKAUP
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Fóstbræður í Hörpu

Jólatónleikar Karlakórsins Fóstbræðra eru í dag.

Karlakórinn Fóstbræður heldur í dag jólatónleika í Norðurljósum í Hörpu. Tónleikarnir hefjast klukkan 17 og á efnisskránni verða íslensk og erlend jólalög. Einsöngvari er Auður Gunnarsdóttir sópran en einsöngvarar koma einnig úr röðum kórmanna. Við píanóið er Steinunn Birna Ragnarsdóttir. Stjórnandi er Árni Harðarson.

Þetta er í fyrsta sinn sem kórinn heldur sjálfstæða tónleika í Hörpu, en gengið hefur verið frá samningi milli Fóstbræðra og Hörpu um að vortónleikar kórsins verði í Hörpu í náinni framtíð.

Karlakórinn Fóstbræður er sá karlakór Íslands sem á lengstan samfelldan starfsaldur að baki, en kórinn hefur starfað samfellt frá haustinu 1916, og því eru það ófá jólin sem Fóstbræður hafa sungið sig inn í hjörtu landsmanna.



**KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR** Kórinn hefur starfað samfellt frá haustinu 1916.

Alger gullmoli



ANNA MARÍA DESIGN GULLSMIÐUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

Þróunarsjóður námsgagna
Umsóknarfrestur 15. janúar kl.16:00

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Þróunarsjóði námsgagna.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í því markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

Forgangsatriði Þróunarsjóðs námsgagna fyrir árið 2015 er efni sem stuðlar að aukinni almennri hæfni í stærðfræði og tölfræði og tengir þessi fög við daglegt líf. Stefna sjóðsins er að námsefnið sem styrkt er, verði gefið út með rafrænum hætti og gert aðgengilegt á netinu, þegar við á.

Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is og skal skilað á rafrænu formi.

Upplýsingar um sjóðinn veitir
Helga Rún Viktorsdóttir, sími 515 5820,
helga.viktorsdottir@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



**HRAFNKELL SIGURÐSSON** „Ég stekk ekki bara út í móa og smelli af og myndin er komin.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hugfanginn af ljósmyndatækninni

Bókin Lucid sem inniheldur ljósmyndaraðir myndlistarmannsins Hrafnkels Sigurðssonar frá tímabilinu 1996 til 2014 kemur út hjá Crymogeu í dag.

Það var kominn tími á þessa bók, ég átti orðið mikið efni sem hefur safnast upp gegnum árin,“ segir Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður um tilurð bókarinnar Lucid sem Crymogea gefur út í dag og inniheldur allar þekktustu myndraðir hans. „Ég geri alls konar verk,“ heldur Hrafnkell áfram. „En í þessari bók eru eingöngu ljósmyndaverk og hún spannar tímabilið frá 1996 til dagsins í dag. Tvær myndaraðirnar eru frá 2014 og sú nýjasta er sú sem ég sýndi í Gallerí i8 í ágúst síðastliðnum, myndir af bóluplasti í djúpu, tæru vatni.“

Hrafnkell lærði myndlist í Maastricht og London og vann verk í ýmsa miðla, hvað var það sem heillaði hann sérstaklega við ljósmyndunina? „Mér finnst hún alltaf hálfgerður galdur, þessi tækni,“ segir hann. „Ég er alltaf jafn hugfanginn af ljósmyndatækninni. Svo er það líka þessi beina leið sem heillar. Kannski er það bara óþolinmæði hjá mér en ég hef ekki þolinmæði til þess að standa við trönur í marga mánuði. Með þessari aðferð get ég séð myndina fyrr. Ekki samt strax, ég stekk ekki bara út í móa, smelli af og myndin er komin. Þetta kostar mikinn undirbúning og oft mikla eftirvinnslu líka. Síðasta serían sem ég gerði tók til dæmis eitt og hálft ár í undirbúningi og tvo mánuði í eftirvinnslu.“

Hrafnkell var á árum áður þekktur sem söngvari hljómsveitarinnar Oxmá, hefur hann alveg sagt skilið við tónlistina? „Já, ég hætti að syngja áður en ég fór í nám út til Hollands, var harðákveðinn í því að hætta í rokkinu og einbeita mér að myndlistinni, en við skulum ekki útiloka neitt í því efni.“



**SÝNISHORN AF MYNDUNUM Í BÓKINNI** Þessi myndaröð heitir Snjófjöll.

Meðal verka Hrafnkels eru vídeóverk þar sem hann hefur lagt áherslu á hljóð, brýst ekki tónlistarmaðurinn í honum út þar? „Ég hef átt náið og gott samstarf við tónlistarmenn í þeim verkum, já, þannig að það má segja að það tengist því að vinna með tónlist.“

Bókin Lucid kemur út á Íslandi í dag og mun koma út í Evrópu og Bandaríkjunum í upphafi árs 2015. Allur texti er á ensku sem Hrafnkell segir hafa ráðist af markaðnum. „Það er reyndar pínu leiðinlegt gagnvart þeim sem ekki lesa ensku, það hefði verið gaman ef hún væri líka til á íslensku. Kannski opnast sá möguleiki seinna. Ég vona það.“

**„Kannski er það bara óþolinmæði hjá mér en ég hef ekki þolinmæði til þess að standa við trönur í marga mánuði. Með þessari aðferð get ég séð myndina fyrr.**

Útgáfufagnaður fyrir Lucid verður haldinn í Gallerí i8 frá klukkan 16 til 18 í dag og þar verður bókin til sölu auk þess sem hún verður fáanleg í bókaverslunum frá og með deginum í dag.

fridrikab@frettabladid.is

# Jólin komin í Ekkisens

Samsýning ungra listamanna í listarýminu.

Jólin eru (í) Ekkisens nefnist jólasýning í listarýminu Ekkisens á Bergstaðastræti 25B en þar verður haldin stór samsýning á myndlist ungra listamanna og annarri snilld dagana 13. til 22. desember. Slagorð sýningarinnar er „Njótum myndlistar um jólin!“.

Í tilkynningu frá Ekkisens segir að jólasýningar myndlistarmanna séu orðnar að árlegum viðburði sem rétt eins og jólabókaflóðið boði komu jólanna. Þá sé orðið löngu tímabært að myndlist öðlist stærri sess í jólagjöfum Íslendinga og deili honum til jafns við bókmenntirnar.

Sýningin verður opnuð klukkan 14 í dag og verður opin frá klukkan 14 til 18 í dag og á morgun. Nánari opnunartímar verða auglýstir síðar.

➜ Slagorð sýningarinnar er „Njótum myndlistar um jólin!“



**JÓLALJÓS** Útilistaverk við Ekkisens á Bergstaðastræti 25B.

# „Ofboðslegur brillians“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR
KILJAN




ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning



1. PRENTUN UPPSELD
2. PRENTUN Á ÞROTUM
3. PRENTUN VÆNTANLEG

★★★★★

„… nálgast fullkomnun.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTATÍMINN

„… markar honum ótvírætt sess sem einum eftirtektarverðasta og frumlegasta höfundi sinnar kynslóðar.“

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / VÍÐSJÁ

„Skyldulesning … telst til tíðinda og er örugglega ein af bestu skáldsögum ársins.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Þetta er besta bók sem ég hef lesið í mörg, mörg, mörg ár.“

AUÐUR HARALDS / VIRKIR MORGNAR

„… ein af stórtíðindum bókavertíðarinnar …“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Mjög skemmtileg, roknasprettir …“

SIGURÐUR G. VALGEIRSSON / KILJAN

★★★★½

„… marglaga og óvænt. Og fyndin, alveg ógeðslega fyndin.“

KRISTJÁN GUÐJÓNSSON / DV

„Bráðskemmtileg bók.“

EGILL HELGASON / KILJAN

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*




# Hátíðleikinn verður í fyrirrúmi

**Jólatónleikar Sinfóníunnar eru fastur viðburður í lífi margra fjölskyldna á Íslandi. Fernir tónleikar verða í Eldborgarsal Hörpu nú um helgina.**

„Sígild jólalög og klassísk balletttónlist er í forgrunni á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands að þessu sinni og sem endranær verður hátíðleikinn í fyrirrúmi," segir Margrét Ragnarsdóttir, markaðs-og kynningarstjóri Sinfóníunnar. Hún segir á þriðja hundrað manns koma fram á fernum tónleikum þar í dag og á morgun, klukkan 14 og 16, báða dagana. Þeir verða túlkaðir á táknmáli. „Þarna verður flutt úrval innlendra og erlendra jólalaga sem koma öllum í hátíðarskap," lofar Margrét.

Fyrir utan Sinfóníuhljómsveit Íslands koma fram nemendur úr Listdansskóla Íslands, krakkar úr Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts, Stúlknakór Reykjavíkur, táknmálskórinn Vox Signum og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Einsöngvarar eru Hulda Björk Garðarsdóttir og Kolbrún Völkudóttir.

Kynnir er trúðurinn Barbara sem mun á sinn einlæga og óviðjafnanlega hátt tendra ljós í hverju tónleikahjarta.

Um tónsprotann heldur Bernharður Wilkinson.

- gun


**LJÓSBERAR** Stúlknakór Reykjavíkur kom líka fram á tónleikunum 2012.

Ytri-Njarðvíkurkirkja



Aðventusamkoma sunnudaginn 14. desember kl.17.00

Söngkonan Lay Low,
Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir syngur.

Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Stefáns Helga Kristinssonar organista.

Sóknarprestur flytur hugleiðingu.

Allir hjartanlega velkomnir.
Aðgangur ókeypis.



Ath. að röng dagsetning er í Víkurfréttum

# Í JÓLAPAKKANN
## FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA




Einnig fáanleg á Blu-ray Disc




Einnig fáanleg á Blu-ray Disc




SAMFILM
*Stoltur dreifingaraðili*
*Disney í yfir 30 ár*




Einnig fáanleg á Blu-ray Disc

Allt vöruúrvalið fæst í Smáralind, Garðabæ, Kringlunni og hagkaup.is



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA


HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Finnur með leiðsögn

Finnur Arnar tekur á móti gestum í sýningarsal Listasafns Reykjanesbæjar í Duushúsum klukkan 14 í dag og fjallar um sýningu sína Ferð. Finnur Arnar á að baki langan og fjölbreyttan feril á vettvangi íslenskra sjónlista. Myndbandslistaverk eftir hann hafa verið sett upp á helstu sýningarstöðum landsins, ein sér eða í samfloti við verk unnin í aðra miðla.

Þess má geta að þetta er í fyrsta sinn sem haldin er sérstök sýning á vídeólist í húsakynnum safnsins.

# Draumkenndar sýnir um lífið og dauðann

Sjö nemendur myndlistardeildar Listaháskóla Íslands sýna verk í Bíói Paradís í dag klukkan 15.

Sjö nemendur myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, þau Berglind Erna Tryggvadóttir, Daníel Perez Eðvarðsson, Elísabet Birta Sveinsdóttir, Gísli Hrafn Magnússon, Katrín Helena Jónsdóttir, Kristín Helga Ríkharðsdóttir og Oskar Gísli Petzet, sýna í dag í Bíói Paradís afrakstur fimm vikna námskeiðs um tilraunakennda kvikmyndagerð.

Útgangspunktur námskeiðsins var að nemendur gerðu stutta kvikmynd með vísi að söguþræði. Verkin sem sjá má eru gífurlega fjölbreytt; draumkenndar sýnir um lífið og dauðann í bland við grín, heimildaskráningu og myndskreytingar á sannsögulegum atburðum.

Á önninni hafa nemendur verið að fást við ýmsa tímatengda miðla; samhliða kvikmyndatækninni hafa þeir unnið með gjörninga, hljóð og myndbandsinnsetningar.

Þorbjörg Jónsdóttir kenndi á námskeiðinu og Sigurður Guðjónsson var umsjónarmaður þess.



**TILRAUNAKENND KVIKMYNDALIST** Stilla úr verki Berglindar Ernu Tryggvadóttur, einu sjö verka sem sýnd verða í dag.


Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

**Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2015**

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2015.

Verðlaun að upphæð 700 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit.

Þriggja manna dómnefnd metur verkin; Páll Valsson formaður og Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Bjarni Bjarnason tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

**Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2015.**

**Utanáskrift:**
Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar
b.t. Signýjar Pálsdóttur, skrifstofustjóra menningarmála, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Vesturgötu 1, 2. hæð, 101 Reykjavík.

Hjörtur Marteinsson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2014. Aðrir sem áttu handrit í keppninni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem fyrst eða fyrir 1. febrúar 2015. Einnig er unnt að fá handrit send í póstkröfu. Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.





VINNUSTOFA PÉTURS GAUTS

opið á aðventu



Í dag, laugardaginn 13. desember milli klukkan 16 og 19 opnar vinnustofan mín aftur upp á gátt, eftir löngu tímabærar endurbætur, og þér og þínum er boðið í heimsókn. Ný málverk á veggjum, lifandi tónlist og veitingar við hæfi.

Vinnustofan verður opin alla daga fram að jólum milli kl. 16 - 18








**LISTAKONURNAR** Hekla Björt og Arna eru með sameiginlega sýningu í Geimdósinni. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Samtal kvenna úr fortíð og nútíð

Vídeóverk Örnu Valsdóttur, Agnes, blandast við ljóð Heklu Bjartar Helgadóttur, Kæra Ljóðsdóttir, á sýningu í Geimdósinni í Listagili Akureyrar.

Þegar Hekla Björt bauð mér að sýna í Geimdósinni ákvað ég að nota lítinn myndbút sem varð til þegar ég skoðaði aftökustað Agnesar Magnúsdóttur og Friðriks Sigurðssonar í Vatnsdalnum. Það var á hráslagalegum degi síðasta vor. Myndatakan var mjög tilviljanakennd en reyndist fanga vel ömurleikann við staðinn.“ Þannig byrjar Arna Valsdóttir myndlistarkona að segja frá sýningu sem hún er þátttakandi í og verður opnuð í dag í Geimdósinni við Kaupvangsstræti á Akureyri. Svo heldur hún áfram: „Hekla lagði til ljóð sem er hressileg tjáning nútímakonu og ég gerði upptöku þar sem hún flytur það. Mér fannst heillandi að láta þessi tvö verk hittast eins og kona úr fortíð hitti nútímakonu svo ég bræddi þessi tvö myndskeið saman. Þetta er svona kvennasamtal.“

Arna tekur fram að hún og Hekla séu hvor af sinni kynslóð. „Ég er á sextugsaldri og Hekla Björt á þrítugsaldri og ég kenndi henni við myndlistardeild Verkmenntaskólans. Mér finnst aðdáunarvert hvernig hún hefur rekið Geimdósina inni á sinni vinnustofu en nú er hún að missa plássið. Hún hefur verið með metnaðarfullar sýningar þar og þessi viðburður okkar er sá sautjándi og síðasti í Geimdósinni á einu ári. Hún er líka skáld og hefur alltaf lagt eitt ljóð til hvers listamanns sem er þá hluti af sýningunni. Oft hafa listaverkin svo tengst ljóðinu.“

Arna tekur fram að allir séu hjartanlega velkomnir í Dósina í síðasta sinn. Hún og Hekla muni meðal annars bjóða upp á ljóðasúpu og brauð og einhvern ljúfan vökva í glasi. „Gleðin hefst klukkan átta og lifir þar til glóðin lognast út af.“

gun@frettabladid.is

### ➜ Upphaf ljóðsins Kæra Ljóðsdóttir

Ekki láta þér bregða, þeir koma
þessir dagar ...
Dagarnir sem byrja á síðdegi og
enda á kaldri súpu
spegilmyndin hörfar, fölnuð ást
safnar ryki
og þú starir fram hjá sjónvarpinu
í úlpu
Það snjóar inn um gluggann og
hjartað er úr ösku
og þú vilt eyða þeim í rúminu,
með einhverjum að yrkja um ...
og ekki um einhvern sem drap í
glóð í hjartanu,
heldur einhvern sem klæðir sig
brosandi í úlpu
hitar súpuna og situr með þér.

# Sunnudagsleiðsögn í Listasafni

Þrír góðir gestir fjalla um verk úr safneign Listasafns Íslands í safninu.

Sunnudagsleiðsögn verður í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg á morgun klukkan 14 þar sem þrír góðir gestir spjalla um verk á sýningu valinna verka úr safneign Listasafnsins.

Að þessu sinni mun Jón Karl Helgason, prófessor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, fjalla um Njál eftir Nínu Sæmundsson, Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, fjalla um málverk eftir Eggert Pétursson, og Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri mun fjalla um gjöf Listasafnsfélagsins á verkinu Málverk eftir Auguste Herbin til Listasafns Íslands, sem einnig er til sýnis í safninu.

- fsb



**EINN AF ÞREMUR** Jón Karl Helgason, prófessor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, fjallar um Njál eftir Nínu Sæmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# ÞÚ FÆRÐ GÓÐAR JÓLAGJAFIR

Í INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA, AKUREYRI OG SELFOSSI

**25%** AFSLÁTTUR AF **SKÍÐA- OG BRETTA-PÖKKUM***



PEYSA: **8.990**

BUXUR: **7.990**

**XTM MERINO**
Buxur og hálfrennd peysa, 100% áströlsk Merino ull. Hentar vel sem fyrsta lag. Dömu- og herrastærðir.



PEYSA: **5.990**

BUXUR: **5.490**

**XTM MERINO**
100% áströlsk Merino ull. Hentar vel sem fyrsta lag. Barnastærðir.



BARNA: **1.290**

FULLORÐINS: **1.490**

**ETIREL** RAGGSOCKA
Ullarsokkar 2 pör í pakka. Litir: Svartir/gráir, bleikir/gráir: Barnastærðir: 23/26, 27/30. Fullorðinsstærðir: 36/39, 40/45.



**17.990**

**STIGA** STÝRISSLEÐI
Stýrissleði með bremsum sem læsast ekki. Litur: Svartur.



Fullorðins-skíðagleraugu **VERÐ FRÁ:** **4.990**

Barna-skíðagleraugu **VERÐ FRÁ:** **2.690**

**MIKIÐ ÚRVAL AF GLERAUGUM OG HJÁLMUM**



Fullorðins-skíðahjálmar **VERÐ FRÁ:** **10.990**

Barna-skíðahjálmar **VERÐ FRÁ:** **5.990**



**7.990**

**NIKE** BRASILIA
Íþróttataska með hólfi fyrir skó. Litur: Svört. Stærðir: M.



**7.990**

**SKLZ** PRO MINI HOOP
Körfuboltaspjald með bolta. Hurðafesting sem auðvelt er að festa.

**VANDAÐAR GJAFIR SEM NÝTAST VEL**

**ALLT FYRIR SPORTIÐ!**



**4.990**

**ENERGETICS** YOGA
Jógamotta. Litur: Blá.



*Jólatilboð* **34.990**
Fullt verð: 39.990

**POLAR** M 400
Hlaupaúr með GPS mæli, púlsmæli, hreyfimæli, skrefamæli, æfingadagbók og mörgu fleira.



**6.990**

**SKLZ** TRAINERMAT
Æfingadýna, 60 x 180 cm, 6 mm þykk. 24 skýringarmyndir af æfingum eru á annarri hlið dýnunnar.



**6.990**

**SKLZ** TRAINER BALL
Æfingabolti úr tveggja laga gúmmí sem eykur endinguna og þolir þrýsting. 16 skýringarmyndir eru á boltanum sem eykur notagildið til muna.



**8.490**

**SKLZ** TRAINER ROLLER
Nuddrúlla með myndum, 60 cm löng, sem hentar fyrir allan líkamann.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. *25% afsláttur gildir ef keypt eru skíði/bretti, bindingar og skór. Tilboðin gilda til 24. des. 2014.

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FIM. 10 - 18. FÖS. 10 - 19. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**13. DESEMBER 2014**

### Tónleikar

**16.00** Sænska félagið á Íslandi stendur fyrir Lúsíuhátíð með tónleikum í Seltjarnarnesskirkju á laugardag. Stjórnandi kórs og hljómsveitar er Maria Cederborg sem kallar saman hóp barna og fullorðinna á hverju hausti til að undirbúa Lúsíuhátíðina. Að loknum tónleikum er tónleikagestum boðið upp á kaffi, piparkökur og lussekatte sem er sænskt jólabrauð. Miðaverð er 3.000 krónur og eru allir velkomnir. Frítt er á tónleikana fyrir börn yngri en tólf ára.

**17.00** Styrktartónleikar til Fjölskylduhjálpar í húsi Ásatrúarfélagsins. Hljómsveitin Hrafnagaldur spilar fyrir gesti. 1.000 krónur inn.

**17.00** Hjónin Úní og Jón Tryggvi, sem saman kalla sig UniJon, bjóða til notalegrar jólastemningar í Níu heimum í Kópavogi.

**17.00** Þýski organistinn Christian Schmitt heldur tónleika í Akureyrarkirkju. Schmitt hefur leikið með öllum helstu sinfóníuhljómsveitum Evrópu og er nú um stundir sérstakur orgelráðgjafi Fílharmóníusveitar Berlínar.

**17.00** Sveinn Guðmundsson heldur tónleika í Jógasal Ljósheima á fjórðu hæð Borgartúns 3.

**17.00** Árlegir aðventutónleikar Karlakórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju.

**17.00** Jólatónleikar í Grafarvogskirkju. Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi syngja jóla- og helgilög. Sérstakur gestur tónleikanna er Svavar Knútur. Undirleikur: Kjartan Valdimarsson og Gunnar Hrafnsson. Stjórnendur: Hákon Leifsson og Hilmar Örn Agnarsson.

**17.00** Karlakórinn Fóstbræður halda jólatónleika í Norðurljósum Hörpu. Einsöngvari er Auður Gunnarsdóttir sópran, en einsöngvarar koma einnig úr röðum kórmanna. Við píanóið er Steinunn Birna Ragnarsdóttir. Stjórnandi er Árni Harðarson. 3.000 krónur inn.

**18.00** Trio Kalinka er í jólaskapi og hefur sett saman fjöbreytta og skemmtilega jóladagskrá með íslenskum og rússneskum jólalögum og sálmum. Tríóið treður upp í Garðakirkju en aðgangseyrir á tónleikana er 2.000 krónur og frítt fyrir börn yngri en 18 ára.

**19.00** Vetrarpartý í Hafnarhúsinu. Á kvöldinu koma fram Claptone frá Þýskalandi, húskettirnir Wildkats frá Skotlandi og Íslendingarnir Sísí Ey, KSF og DJ Ghozt.

**21.00** Hugh Cornwell, fyrrverandi söngvari pönksveitarinnar The Stranglers, treður upp á Gauknum. 3.500 krónur inn.

**21.00** Ghostigital og Finnbogi Pétursson flytja Teygjanlegan sannleik í Mengi. 2.000 krónur inn.

**21.00** Kött Grá Pje og Cryptochrome troða upp á Húrra. 1.500 krónur inn.

**22.00** Hljómsveitin Brother Grass treður upp á Café Rósenberg.

**22.00** Þröstur og Heiðar gáfu út hina mögnuðu plötu Um jólin fyrir síðustu jól og ætla þeir að flytja öll lögin af plötunni í Bæjarbíó. Þeim til halds og traust verður hið magnaða band Það sem úti frýs sem fæstir ættu að kannast við. 500 krónur inn.

**23.00** Ingvar Grétarsson og félagar leika og syngja á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

### Leiklist

**13.00** Barnaleikrit í Bókasafni Kópavogs. Sýningin Þegar Trölli stal jólunum, leikræn sögustund með lifandi tónlist, fyrir alla krakka. Sýnd í Lindasafni, Núpalind 7 kl. 13.00 og í Aðalsafni Hamraborg 6a kl. 15.00. Ókeypis aðgangur, allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

### Opið hús

**11.00** ÍSHÚS HAFNARFJARÐAR býður gestum og gangandi velkomin að Strandgötu 90 í Hafnarfirði. Samanstendur af fjórtán verkstæðum og vinnustofum iðnaðar- og listamanna, keramik hönnuða og myndlistafólks. Vandað handverk og heitt á könnunni.



### Kvikmyndir

**15.00** 7 (stuttmyndir) FRÍTT Í BÍÓ er röð stuttmynda eftir sjö unga myndlistamenn sem verða frumfluttar í Bíó Paradís. Verkin sem sýnd verða eru eftir nemendur á öðru ári við Myndlistardeild Listaháskóla Íslands sem einbeita sér að tímatengdum miðlum. Listamennirnir eru Berglind Erna Tryggvadóttir, Daniel Perez Eðvarðsson, Elísabet Birta Sveinsdóttir, Gísli Hrafn Magnússon, Katrín Helena Jónsdóttir, Kristín Helga Ríkharðsdóttir og Oskar Petzet.

**19.00** Frumsýning á einstaklingsverkefni Þórdísar Nadiu í Listaháskólanum. Ævisaga Nadiu sögð út frá hennar eigin minningum, minningum sem henni hafa verið sagðar og minningum sem hún bjó til. Frítt inn.

### Opið Hús

**14.00** Opið hús í Ásatrúarfélaginu. Síðasti fyrirlestur Emils Hjörvars, rithöfundar og bókmenntafræðings. Kaffi, meðlæti og spjall.

### Bækur

**16.00** Ævar Þór Benediktsson, Bryndís Björgvinsdóttir, Ármann Jakobsson og Steinunn Jóhannesdóttir munu lesa úr nýútkomnum barnabókum í gamla lestrarsal Safnahússins.

### Leiðsögn

**14.00** Finnur Arnar með leiðsögn um sýningu sína FERÐ í Listasafni Reykjanesbæjar. Heitt súkkulaði og piparkökur.

### Myndlist

**14.00** Jólasýning í listarýminu Ekkisens á Bergstaðastræti 25B. Þar verður haldin sölusýning á myndlist og fleiru.

**15.00** Arna Gná Gunnarsdóttir og Ásdís Spanó opna myndlistarsýninguna Ófyrirséð í Listasal Mosfellsbæjar.

**16.00** Annadóra Theódórsdóttir opnar myndlistarsýningu í Gallerí Smíðar og Skart, Skólavörðustíg 16A. Til sýnis verða nýjar olíumyndir málaðar á striga.

**20.00** Arna Valsdóttir og Hekla Björt Helgadóttir sýna í Geimdósinni í Kaupvangsstræti á Akureyri verk þar sem þær stefna vídeóverki Örnu, Agnes, saman við ljóð Heklu Bjartar, Kæra Ljóðsdóttir.

### Markaðir

**12.00** Flóamarkaður til styrktar Konukoti, Eskihlíð 4, Skógarhlíðarmegin.

**13.00** Hönnunardeild LHÍ heldur jólamarkað á Loft Hostel. Hönnun frá ungum hönnuðum til sölu. Í dag verða Júlíanna Ósk Hafberg, Christopher Thor Cleland, Dóra Haraldsdóttir, Iona Sjöfn, Erla Anna Ágústsdóttir og Rakel Tómasdóttir með bása.

**13.00** Helgi Þórsson og Beate Stormo halda jólabasar í Populus tremula á Akureyri. Til sölu verða meðal annars jólatré, kjólar, greinar, hálsmen, myndlist, töskur og alls konar heimaræktað dót.





**Of Icelandic Nobles & Idiot Savants**

An Anthology of the Writings of the Novelist, Essayist, and Humorist

**Thórbergur Thórdarson**

**Translated by**
Hallberg Hallmundsson and Julian Meldon D'Arcy

The funniest chapters from the writings of Mr. Thórdarson, along with the most daring, as for example his letter to a Nazi from the year 1933.

The Poetry of Egill Skallagrímsson, Hallgrímur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Stephan G. Stephansson, Einar Benediksson, Davíð Stefánsson, Tómas Guðmundsson, Jón Dan, Kristján frá Djúpalæk, Jón úr Vör, Einar Bragi, Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Sigurður Pálsson, Steinunn Sigurðardóttir, Ísak Harðarson, Jónas Þorbjarnarson and many more.

*Of Icelandic Nobles is 217 pages and Potpourri is 243 pages*

Also published by BRÚ:

**A Potpourri of Icelandic Poetry**
Through Eleven Hundred Years

**Translations and biographies by**
Hallberg Hallmundsson




**Distributed by Forlagið – JPV.** The books are available in all of the bigger bookshops


# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**14. DESEMBER 2014**

### Tónleikar

**16.30** Aðventuhátíð Kórs Átthagafélags Strandamanna verður haldin í Bústaðakirkju.

**17.00** Árlegir aðventutónleikar Karlakórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju. Verða einnig klukkan 20.00.

**17.00** Jólasöngvar og sálmar í kyrrlátum jazzútsetningum. Þeir Karl Olgeirsson píanóleikari, Andrés Þór gítarleikari og Jón Rafnsson kontrabassaleikari munu annast hljóðfæraleik. Tónleikarnir verða í Fríkirkjunni í Hafnarfirði en í Fríkirkjunni í Reykjavík klukkan 20.00. 2.000 krónur inn.

**20.00** Jólatónleikar Breiðfirðingakórsins verða haldnir í Neskirkju. Sérstakur gestur á tónleikunum verður barnakór Ísaksskóla sem mun syngja nokkur lög.

**20.00** Jólatónleikar Samkórs Reykjavíkur í Fella- og Hólakirkju. Stjórnandi Guðrún Árný Guðmundsdóttir. Píanóleikur Arnhildur Valgarðsdóttir. Boðið upp á hressingu að tónleikum loknum. 2.000 krónur inn en frítt fyrir grunnskólabörn í fylgd með fullorðnum.

**20.00** Jólatónleikar Breiðfirðingakórsins í Neskirkju. Barnakór Ísakssksóla syngur með. Fjölbreytt og hátíðleg dagsskrá. 2.500 krónur inn en frítt fyrir 14 ára og yngri.

**21.00** KIRA KIRA treður upp á lowercase nights kvöldi á Húrra.

**21.00** Hljómsveitin Brother Grass treður upp á Café Rósenberg.

### Leiklist

**14.00** Leikhúsið 10 fingur mun sýna leikrit um jólaguðspjallið í Gerðubergssafni. Sýningin er falleg og skemmtileg útfærsla á jólaguðspjallinu þar sem brúður eru í aðalhlutverki en mikil áhersla er lögð á þátttöku áhorfenda.

### Síðustu Forvöð

**14.00** Síðasti sýningardagur sýninganna UMRÓTs og VEGFERÐar í Listasafni Árnesinga. Guðrún Tryggvadóttir myndlistarmaður mun leiðbeina við gerð jólaskrauts úr fundnu efni, jólasveinar koma í heimsókn og kl. 16 er komið að jólasögum í umsjá Njarðar Sigurðssonar sagnfræðings.

### Kvikmyndir

**15.00** Ballettmyndir sýndar í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Sýndur verður ballettinn Sheherazade, tónlist eftir Nikolaj Rimskíj-Korsakov og brot úr Hnotubrjótnum við tónlist Tsjaíkovskíjs. Flytjendur listamenn Marinskíj-óperu- og ballettleikhússins í Pétursborg. Aðgangur ókeypis.

### Bókmenntir

**21.00** Aðventuupplestrar á Gljúfrasteini. Þeir höfundar sem koma fram eru þau Borgar Jónsteinsson, Gerður Kristný, Halldór Armand Ásgeirsson, Kristín Steinsdóttir og Sigurbjörg Þrastardóttir.

### Dansleikir

**11.00** Sameiginlegt jólaball Árbæjarkirkju og Fylkis verður haldið sunnudaginn í safnaðarheimili Árbæjarkirkju að lokinni fjölskylduguðsþjónustu. Jólasveinarnir líta inn með glaðning fyrir börnin. Öll börn velkomin.

**13.00** Jólaball á Heimilislegum sunnudögum á Kex Hostel þar sem Stúfur og bræður hans halda uppi fjörinu. Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona semur jólasögu með börnunum, Jólaævintýrið okkar.

### Tónlist

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

### Leiðsögn

**14.00** Jón Karl Helgason, Sveinn Yngvi Egilsson og Tinna Gunnlaugsdóttir, Þjóðleikhússtjóri, munu fjalla um verk á sýningunni Listasafn Íslands 1884-2014 – Valin verk úr safneign.

**14.00** Inga Lára Baldvinsdóttir verður með lokaleiðsögn um sýninguna Svipmyndir eins augnabliks. Ljósmyndir Þorsteins Jósepssonar.



*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# JÓLATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI!



*Danskur normannsþinur – stór og falleg jólatré*




PIPAR\TBWA • SÍA • 144471

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Iceland**

## FACEBOOK VIKUNNAR FJÁRSVELTIR LISTAMENN OG KÖNGULNAG



**Haukur S. Magnússon**
**9. desember**
„Todmobile Vs. Genesis Vs. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, segirðu?“



**Kolfinna Kristófersdóttir**
**4. desember**
„Fór í sund, var rukkuð barnagjald, so I got that going for me.“



**Snorri Ásmundsson**
**11. desember**
„Eitt það óréttlátasta varðandi þennan blessaða myndlistarsjóð þótt fátækur sé er að söfnin sem eru ekki þekkt fyrir að greiða listamönnum laun fyrir sýningar skuli sækja um fjármagn í sjóðinn í samkeppni við fjársvelta myndlistarmenn þrátt fyrir að þau séu á fjárlögum.“



**Diljá Ámundadóttir**
**11. desember**
„Þetta reddast ehf. óskar eftir því að einstaklingsfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu taki sig saman og verði með sameiginlegan jólavinaleik.“



**Blaz Roca**
**12. desember**
„hver ætlar að gefa mér jólagjöf? rosa vont að fá allt í einu gjafir á aðfangadag frá liði og vera ekkert búinn að mixa slíka fyrir viðkomandi það er alveg óþolandi og lætur mig naga köngul yfir hátíðarnar.“



**JACK WHITE** Rokkarinn átti mest seldu vínylplötuna á þessu ári.

## Mest seldu vínylplötur ársins

Sala á vínylplötum er á mikilli uppleið en samkvæmt Wall Street Journal voru næstum átta milljón plötur keyptar á árinu. Það er 49% aukning í sölu frá því í fyrra.

Sú plata sem seldist mest var önnur sólóplata Jack White úr White Stripes, Lazaretto. Hún hefur selst í 75.700 eintökum sem gerir hana að mest seldu vínylplötunni síðan Vitalogy með Pearl Jam kom út árið 1994.

Fast á hæla Lazaretto fylgja AM með Arctic Monkeys, Turn Blue með The Black Keys, Born to Die með Lana Del Rey og Morning Phase með Beck.



**SVARTIDAUÐI** Koma fram ásamt fleiri satanistum. MYND/XIII CONCERT PHOTOGRAPHY

## Sveitir bætast við á Andkristni

Fleiri hljómsveitir hafa verið tilkynntar á Andkristnihátíðina, langlífustu þungarokkshátíð landsins sem fer fram 21. desember á Gauknum, en það eru sveitirnar Úrhrak, Naðra, Mannvirki og Carpe Noctem. Ásamt þeim koma fram Svartidauði, Sinmara, Abominor og Misþyrming.

Af þeim sveitum sem koma fram á hátíðinni hafa tvær þegar gefið út breiðskífur hjá erlendum fyrirtækjum en þröngskífa Svartadauða, Synthesis of Whore & Beast, er væntanleg og sömuleiðis plöturnar Söngvar Elds og Óreiðu með Misþyrmingu og Opus Decay með Abominor.

Andkristni var í byrjun óbeint svar við Kristnihátíð sem haldin var á Þingvöllum árið 2000.

- þij

# Heimsmet og hamingja á tónlistarverðlaunum

Verðlaunahátíðin BBC Music Awards var haldin í fyrsta sinn í London í fyrrakvöld. Stærstu sigurvegararnir voru þeir Ed Sheeran og Pharrell Williams, sem því miður komst ekki þar sem hann var við upptökur á þættinum The Voice, og flutti hann þakkarræðu í gegnum gervihnött. Strákabandið One Direction fékk Billboard-verðlaun fyrir það afrek að koma öllum fjórum plötunum sínum beint í fyrsta sæti á vinsældalistanum í Bandaríkjunum, en það er eitthvað sem engin hljómsveit hefur gert áður. Á hátíðinni kom fram fjöldi listamanna en ásamt fyrrnefndum tók Coldplay lagið Sky Full of Stars og þeir þrír meðlimir sem eftir eru í Take That tóku lagið.



**HEIMSMETHAFAR** Strákarnir í One Direction komust í Heimsmetabók Guinness fyrir afrek sitt að koma öllum sínum plötum beint í fyrsta sæti Billboard. NORDICPHOTOS/GETTY



**BUDAPEST-GAURINN** Tónlistarmaðurinn George Ezra sem á eitt vinsælasta lagið í haust, Budapest.



**GÓÐUR VIÐ AÐDÁENDUR** Söngvarinn Ed Sheeran stillti sér upp með aðdáendum og tók með þeim sjálfsmynd. Hann tileinkaði þeim líka verðlaunin sem hann fékk fyrir lag ársins, Sing.



**MÆTTI HRESS** Breski tónlistarmaðurinn Labrinth var kátur í sumarlegum jakkafötum.



**STÓRGLÆSILEG SAMAN** Pau Paloma Faith og Sir Tom Jones stilltu sér upp fyrir ljósmyndara, en þau tóku saman Beach Boys-lagið God Only Knows á hátíðinni.



**MYNDARLEGUR** Plötusnúðurinn Calvin Harris lét sig ekki vanta.



**KLIKKAÐUR KJÓLL** Söngkonan Pixie Lott stal senunni í þessum frábæra kjól.



**MESTI TÖFFARINN** Söngkonan Ellie Goulding var töff í dragt.

# ÁLNAVÖRUBÚÐIN
Hveragerði

Allt í jólapakkann...

Við sendum hvert á land sem er FRÍTT í desember

# JÓLATILBOÐ

**25%** afsláttur af ÖLLUM skóm, fatnaði, útivistarfatnaði & metravöru út árið.

SIXMIX 1014
Verð: 16.990 kr
NÚ: 12.743 kr

SIXMIX 1423
Verð: 17.990 kr
NÚ: 13.493 kr

SIXMIX 1297
Verð: 19.990 kr
NÚ: 14.993 kr

Marco Tozzi
Verð: 11.490 kr
NÚ: 8.618 kr

Duffy
Verð: 8.995 kr
NÚ: 6.747 kr

SIXMIX 14114
Verð: 17.490 kr
NÚ: 13.118 kr

Marco Tozzi
Verð: 13.990 kr
NÚ: 10.493 kr

Jessie Girl Glans
Verð: 9.690 kr
NÚ: 7.268 kr

Jessie Girl
Verð: 8.690 kr
NÚ: 6.518 kr

Imac kuldaskór
Verð: 15.990 kr
NÚ: 11.993 kr

Imac kuldaskór
Verð: 15.990 kr
NÚ: 11.993 kr

Imac kuldaskór
Verð: 16.990 kr
NÚ: 12.743 kr

Ella kuldaskór
Verð: 6.990 kr
NÚ: 5.243 kr

Bullboxer
Verð: 17.990 kr
NÚ: 13.493 kr

Urbanfly kuldaskór
Verð: 17.990 kr
NÚ: 13.493 kr

Imac spariskór
Verð: 13.990 kr
NÚ: 10.493 kr

Imac götuskór
Verð: 13.990 kr
NÚ: 10.493 kr

Viking kuldaskór
Verð: 17.990 kr
NÚ: 13.493 kr

KangaROOS kuldaskór
Verð: 12.490 kr
NÚ: 9.368 kr

SIXMIX barna
Verð: 10.990 kr
NÚ: 5.990 kr

SIXMIX 1014 barna
Verð: 13.990 kr
NÚ: 9.990 kr

Star
Verð: 7.490 kr
NÚ: 5.618 kr

Þú getur pantað og fengið sent í gegnum Facebook eða síma 483-4517
facebook.com/alnavorubudin

NÝTT KORTATÍMABIL

**OPNUNARTÍMI**
Mán-Lau 10-18
Sunnudagar 12-18

# Hljómsveitin Geislar vinnur með gamlar hefðir

Geislinn Styrmir Sigurðsson hefur lengi starfað sem kvikmyndagerðarmaður. Útskrifaðist úr FÍH fyrir tveimur árum.

Hljómsveitin Geislar hefur sent frá sér sína fyrstu plötu, Containing the Dark. Meðlimir sveitarinnar eru Styrmir Sigurðsson, Sigríður Thorlacius, Magnús Trygvason Eliassen, Ómar Guðjónsson, Óskar Guðjónsson og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson.

„Ég hef þekkt Ómar og Óskar lengi. Svo kynntumst við Maggi í tónlistarskóla FÍH. Við spiluðum fyrst saman á tónleikum í skólanum og síðan voru allir frekar kátir og glaðir og til í að gera eitthvað meira,“ segir Styrmir aðspurður, en platan tók tvö ár í vinnslu.

Hann hefur lengi starfað sem kvikmyndagerðarmaður en spilaði á sínum yngri árum með hljómsveitum á borð við Pax Vobis og Grafík. „Síðan fór ég seint og um síðir aftur í tónlistarnám og útskrifaðist út djasspíanódeildinni í FÍH fyrir tveimur árum.“

Styrmir segist eiga erfitt með að lýsa tónlist Geisla. „Þetta er allt vaðandi í einhverri melankólíu. Það er verið að sækja í gamlar hefðir og nostalgíu og vinna með það á skapandi og skrítinn hátt og búa til eitthvað nýtt og skemmtilegt úr því,“ segir hann. „Við erum að reyna að vera trú okkar sándi og okkar stemningu. Þetta liggur einhvers staðar á milli Radiohead og Louis Armstrong.“ - fb



**GEISLAR** Hljómsveitin Geislar hefur gefið út sína fyrstu plötu.

> **Það er verið að sækja í gamlar hefðir og nostalgíu og vinna með það á skapandi og skrítinn hátt.**






**BARN Á LEIÐINNI** Keira Knightley og rokkarinn James Righton eiga von á sínu fyrsta barni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Á von á fyrsta barninu sínu

Leikkonan Keira Knightley á von á sínu fyrsta barni með eiginmanni sínum, rokkaranum James Righton. Talsmaður bresku stjörnunnar hefur staðfest tíðindin. Vangaveltur hafa verið uppi um óléttuna vikum saman í bresku pressunni.

Knigthley og Righton, sem er meðlimur The Klaxons, gengu í hjónaband í lágstemmdri athöfn í Frakklandi í maí í fyrra. Knightley, sem er 29 ára, var tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna í fyrradag fyrir hlutverk sitt í The Imitation Game. Daginn áður var hún tilnefnd til Screen Actors Guild-verðlaunanna fyrir hlutverk sitt í sömu mynd.



**REBEL WILSON** Nálægt því að tryggja sér hlutverk í gamanmyndinni Ghostbusters 3. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gæti leikið í Ghostbusters 3

Rebel Wilson er nálægt því að tryggja sér hlutverk í gamanmyndinni Ghostbusters 3. Ástralska leikkonan varð heimsfræg fyrir hlutverk sín í Bridesmaids og Pitch Perfect.

Leikstjóri Bridesmaids, Paul Feig, mun einnig leikstýra Ghostbusters 3 þar sem konur verða í aðalhlutverkunum. „Við höfum hist en hver veit?“ sagði Wilson um fund sinn með Feig í viðtali við Matt Lauer. „Ég myndi leika í Ghostbusters ókeypis. Ég ætti kannski ekki að segja þetta í beinni útsendingu í sjónvarpi.“

Talið er að Sandra Bullock og Melissa McCarthy, sem léku saman í The Heat, fari með hlutverk í Ghostbusters 3.

# Beyoncé á vinsælasta stjörnuilmvatnið í Bretlandi

Búist er við að af ilmvatni söngkonunnar vinsælu, Rise, seljist 750 þúsund flöskur, þegar árið 2014 verður á enda runnið.

Allt stefnir í að ilmvatn söngkonunnar Beyoncé, Rise, verði vinsælasta stjörnuilmvatnið í Bretlandi á þessu ári. Búist er við að það seljist yfir 750 þúsund flöskur þar í landi árið 2014. Talið er að hún þéni tæpar 300 milljónir króna á þeirri sölu.

Næstvinsælasta ilmvatnið er That Moment frá strákabandinu One Direction en talið er að um 450 þúsund flöskur seljist af því. Ilmvötn frá Cheryl Fernandez-Versini, Nicki Minaj og Katy Perry komust einnig á topp-tíu listann, ásamt ilmvötnum frá Rihönnu, Victoriu Beckham, Taylor Swift og Lady Gaga.

„Þetta hefur verið gott ár fyrir ilmvötn stjarnanna. Þetta snýst allt um poppstjörnur,“ sagði Rakesh Aggarwal, ilmvatnssérfræðingur hjá Escentual.com. „Þessi góða sala þýðir að ilmvötnin þeirra eru álíka vinsæl og ilmvötnin frá stóru spilurunum á markaðnum, hönnuðunum. Beyoncé er í níunda sæti yfir mestu söluna yfir allt og það er stórmerkilegt,“ sagði hún. „Flestar stjörnurnar fá í kringum 400 krónur af hverju seldu ilmvatnsglasi.“

## SALA TÍU VINSÆLUSTU ILMVATNA STJARNANNA

**Beyonce** - Rise - 750.000
**One Direction** - That Moment - 450.000
**Cheryl Fernandez** - Versini - Storm Flower - 320.000
**Nicki Minaj** - Minajesty - 310.000
**One Direction** - You & I - 240.000
**Katy Perry** - Killer Queen - 230.000
**Rihanna** - Rogue - 120.000
**Victoria Beckham** - Intimately Beckham - 80.000
**Taylor Swift** - Taylor - 50.000
**Lady Gaga** - Eau de Gaga - 23.000



**NICKI MINAJ** Bandaríska söngkonan er í fjórða sæti með ilminn Minajesty.



**BEYONCÉ** Söngkonan vinsæla hefur slegið í gegn með ilmvatninu sínu Rise.



**ADAM LEVINE** Söngvarinn vill eignast helling af börnum með eiginkonu sinni Behati Prinsloo.

## Vill eignast sautján börn

Adam Levine, söngvari Maroon 5, vill eignast sautján börn með eiginkonu sinni Behati Prinsloo. Hann vill eignast stóra fjölskyldu með Prinsloo, fyrirsætu hjá Victoria´s Secret, en gerir sér grein fyrir að það verði ekki á næstunni.

„Ég vil örugglega sautján. Er það ekki temmilegt? Ég elska börn og hef gaman af krökkum sem koma á tökustað,“ sagði hann en Levine er dómari í sjónvarpsþættinum The Voice. Hann bætti við í samtali við E! News að barneignir væru fyrirhugaðar í framtíðinni en vissi ekki hvenær.



**TRÚLOFUÐ** Aniston og Theroux trúlofuðu sig í ágúst árið 2012.

## Breytir íbúð unnustans

Jennifer Aniston vill endurinnrétta piparsveinaíbúð unnusta síns, Justins Theroux, í New York vegna þess að það er alltof langt síðan hún gerði eitthvað slíkt.

Aniston og Theroux hafa verið trúlofuð síðan í ágúst 2012. Þau eiga hús í Bel Air í Kaliforníu og búið er að taka það í gegn. Piparsveinaíbúðin er næst á dagskrá. „Ég elska þetta,“ sagði hún um innanhússhönnun. „Þetta er fínt áhugamál, þannig séð. Ég á erfitt með að sitja kyrr og því er gaman að gera eitthvað svona. Ég hef ekkert gert síðan júní,“ bætti hún við í léttum dúr.

En öllum þeim sem tóku við honum gaf hann rétt til að verða Guðs börn, þeim sem trúa á nafn hans.


# Fæst í Lyfjum & heilsu






## Nurofen Apelsin

Íbúprófen mixtúra fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 12 ára

- Hitalækkandi
- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi

**Sýnt hefur verið fram á að Nurofen apelsin slær á hitann eftir aðeins 15 mínútur og áhrifanna gætir í allt að 8 klukkustundir**

## Fæst án lyfseðils í apótekum

Nurofen Apelsin 40 mg/ml mixtúra, dreifa. **Inniheldur** Íbúprófen. Til skammtímameðferðar gegn vægum til miðlungi alvarlegum verkjum eða hita. **Skammtar og lyfjagjöf:** Til inntöku. Dagsskammtur af Nurofen er 20-30 mg/kg líkamsþyngdar tekin inn í 3-4 aðskildum skömmtum á u.þ.b. 6 til 8 klst. fresti. Mælt er með því að sjúklingar sem eru viðkvæmir í maga taki Nurofen með mat. Ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 6 mánaða eða undir 8 kg. Aðeins til skammtímanotkunar. Leita skal til læknis ef einkenni versna. Ef lyfið er notað án lyfseðils og einkenni barnsins eru viðvarandi í meira en 3 daga skal leita til læknis. Lágmarka má aukaverkanir með því að nota lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að meðhöndla einkenni. **Ekki má taka lyfið ef þú:** Hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni, bólgueyðandi gigtarlyfjum, hveiti eða einhverju innihaldsefnanna, sögu um berkjukrampa, astma, nefslímubólgu eða ofsakláða í tengslum við inntöku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, sögu um blæðingar eða rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum, virk sár, eða sögu um endurtekin sár/blæðingar í maga, virka blæðingu í heila eða annars staðar, alvarlega lifrarbilun, alvarlega nýrnabilun, alvarlega hjartabilun, storkuvandamál, óútskýrðar truflanir á blóðmyndun svo sem blóðflagnafæð, ert á síðasta þriðjungi meðgöngu, tekur önnur bólgueyðandi gigtarlyf eða meira en 75 mg af acetýlsalicýlsýru daglega, ert með hlaupabólu, hefur nýlega gengist undir stóra skurðaðgerð, hefur ofþornað. **Gæta skal sérstakrar varúðar og ræða við lækni eða lyfjafræðing ef þú ert með, hefur einhvern tíman fengið eða átt hættu á að fá:** Bandvefssjúkdóm, þarmasjúkdóm, hjarta og/eða æðasjúkdóm, skerta nýrnastarfsemi, lifrarsjúkdóm, óþol fyrir sykrum eða ef þú tekur önnur lyf. Regluleg notkun verkjalyfja getur leitt til varanlegra truflana á nýrnastarfsemi. Andþyngsli geta komið fyrir ef barnið hefur astma, langvinnt nefrennsli, sepa í nefi eða ofnæmissjúkdóma. Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum viðbrögðum í húð í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja. Hætta skal notkun Nurofen Apelsin strax við fyrstu merki um útbrot á húð, sár á slímhúðum eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða. Lyf svo sem Nurofen Apelsin geta tengst aukinni hættu á hjartaáfalli eða heilaslagi. Ekki nota meira en ráðlagðan skammt og ekki lengur en ráðlagt er. Ef blæðing eða sár koma fram í meltingarvegi ætti að hætta meðferð strax. Hættan á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi eykst við notkun stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum, hjá sjúklingum með sögu um sár í meltingarvegi, einkum ef þeim hafa fylgt blæðingar eða rof og hjá öldruðum. Lyfið getur dulið einkenni sýkinga og hita. Sjúklingar með sögu um aukaverkanir í meltingarfærum, sérstaklega aldraðir, ættu að hafa samband við lækni án tafar og greina frá öllum óvenjulegum einkennum frá meltingarvegi. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!






# Efnilegt danspar í úrslitin í París

Harpa Steingrímsdóttir og Kristinn Þór Sigurðsson lentu í fjórða sæti um helgina.

Dansparið efnilega Harpa Steingrímsdóttir, 15 ára, og Kristinn Þór Sigurðsson, 14 ára, náðu þeim árangri um seinustu helgi að ná fjórða sæti á opnu heimsmeistaramóti í samkvæmisdönsum í París.

„Þetta er í rauninni ótrúlega góður árangur því það hefur bara gerst þrisvar í sögu Íslands í dansheiminum að íslenskt danspar fari í úrslit á heimsmeistaramóti,“ segir Lind Einarsdóttir, móðir Hörpu.

Harpa og Kristinn keppa í flokki 14-15 ára. „Þetta er mjög sterkur hópur sem þau kepptu í og 60 pör hófu keppni. Þarna voru gríðarlega sterkir dansarar eins og eitt par sem vann International-keppnina, sem er ein stærsta danskeppni heims. Þannig að þetta var rosalega sterk keppni í þeirra aldurshópi,“ segir Lind.

Kristinn og Harpa eru í Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar. „Þau hafa dansað saman í eitt og hálft ár og síðan þau byrjuðu á því er búið að ganga alveg ótrúlega vel. Þau hafa farið mjög langt á erlendum mótum,“ segir Lind. - þij


FRÉTTABLAÐIÐ/ÓRVAR MÖLLER

**HARPA OG KRISTINN** Hafa dansað saman í eitt og hálft ár.

# Þjófstörtuðu pönksenunni á Íslandi

Hugh Cornwell, fyrrverandi söngvari Stranglers, og Utangarðsmennirnir Bubbi og Jakob Smári tóku spjallið í tilefni af tónleikum Cornwells á Gauknum í kvöld.

„Tónleikarnir með Stranglers á Íslandi árið 1978 þjófstörtuðu pönksenunni hér. Þeir sem hituðu upp fyrir ykkur voru Halli & Laddi og síðan einhver íslensk proggsveit. Það voru engar nýbylgju- eða pönksveitir hér,“ sagði bassaleikarinn og Utangarðsmaðurinn Jakob Smári Magnússon í samtali við Bubba Morthens og Hugh Cornwell, fyrrverandi söngvara the Stranglers í gær.

Cornwell treður upp á Gauknum í kvöld en Fréttablaðið náði að smala saman þessum gömlu pönkurum í spjall um lífið og tilveruna.

„Þegar ég sá tónleikana með ykkur árið 1978 fékk ég þessa mögnuðu tilfinningu og hugsaði: „Vó! Þeir eru hættulegir, þetta er alvöru! Það vantaði „attitúdið“ og hættuna í tónlistarsenuna, þannig að þegar við byrjuðum í Utangarðsmönnum vorum við harðir á þessu. Það var eins og mæður og feður segðu krökkunum sínum: „Ekki fara og sjá þessa gaura,“ segir Bubbi fullur nostalgíu.



**PÖNKIÐ LIFIR** Bubbi, Cornwell og Jakob, með húðflúr af einkennisdýri Stranglers, Rattus Norvegicus. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Cornwell gerði sér ekki grein fyrir því hversu mikil áhrif hljómsveit hans hafði haft á þróun íslensku tónlistarsenunnar þar til nú. „Það var eins og þegar Ramones komu til Englands,“ segir Bubbi. „Stranglers höfðu gríðarleg áhrif á íslensku tónlistarsenuna. Ef þú pælir í því þá komu Stranglers, síðan við og síðan Björk og alls kyns hlutir út úr þessu. Það var eins og að kasta steini í vatn og sjá bylgjurnar. Þið höfðuð meiri áhrif en þið gætuð ímyndað ykkur.“

En hvernig kom til hugmyndin um að fara til Íslands á þessum tíma? „Núna vilja allir koma hingað en á þessum tíma var það alls ekki raunin,“ segir Bubbi.

Cornwell segir það hafa verið sniðugum umboðsmönnum að þakka. „Umboðsmennirnir okkar voru mjög klárir en þarna vorum við nýbúnir að klára plötuna Black and White. Þeir stungu upp á því að fara til Íslands út af plötunni, sem var svarthvít rétt eins og Ísland, með snjóinn og myrkrið og allt það,“ segir Cornwell.

Á þessum tímapunkti í samtalinu brýst rokkarinn Smutty Smiff inn en hann er einmitt að flytja Cornwell inn. „Ég elska þetta! Þetta er eins og að sjá aðalsmenn pönksins samankomna! Það er fyndið þetta með söguna, hvernig þú hugsar ekkert um hana á meðan allt á sér stað. Þegar þú varst að spila ber að ofan, Bubbi, lítandi út eins og Iggy Pop, og þegar Joe Strummer og Sid Vicious voru að horfa á mig spila – þá hugsuðum við ekkert um að þetta yrði hluti af tónlistarsögunni.“

> **Stranglers höfðu gríðarleg áhrif á íslensku tónlistarsenuna. Ef þú pælir í því þá komu Stranglers, síðan við og síðan Björk.**
>
> *Bubbi Morthens*

Cornwell segir þá skemmtilega sögu. „Við vorum að hita upp fyrir Patti Smith á sínum tíma. Þarna var Joe Strummer, sem þá var í hljómsveitinni 101ers. Hann kom baksviðs til mín eftir tónleikana, faðmaði mig með tárin í augunum og sagði: „Hugh, mig langar að vera í hljómsveit eins og þú!“ Vikuna eftir það stofnaði hann The Clash.“

thorduringi@frettabladid.is

# Para saman týnda vettlinga

Alþjóðlegur dagur einmana vettlingsins er í dag. Menn geta fundið týndan vettling.

„Við vorum heima hjá mér eitt kvöldið að leggja höfuðið í bleyti og það kom upp í umræðuna hvað maður hefur oft týnt stökum vettlingi,“ segir Karen Bergljót Knútsdóttir, ein þeirra sem standa fyrir Alþjóðlegum degi einmana vettlingsins. „Við ákváðum að gera eitthvað svona samfélagslega skemmtilegt sem myndi ekki snúast um peninga eða hagnað, svo að fólk gæti komið saman.“

Aðstandendur dagsins munu koma saman í dag klukkan 13.00 við gatnamót Skólavörðustígs og Laugavegar til að para saman eins eða líka vettlinga. „Hugmyndin er sú að koma með körfu og við ætlum að bjóða fólki, ef það á staka vettlinga eins og margir eiga, að koma þá með þessa vettlinga, setja þá í körfuna og mögulega finna hinn týnda vettling.“

Karen segir að þó nokkrir séu búnir að melda sig og að hugmyndin sé að gera þetta árlega. „Við fengum svo góð viðbrögð en við vorum búin að ákveða að gera þetta hvort sem við fengjum góð viðbrögð eða ekki,“ segir Karen og hlær. - þij



**FENGU GÓÐ VIÐBRÖGÐ** Karen segir hugmyndina vera að halda þetta árlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# SPORTS DIRECT.COM

## AUKA 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU

1.990 kr. = 1.590 kr.
3.990 kr. = 3.190 kr.
5.990 kr. = 4.790 kr.
7.990 kr. = 6.390 kr.
9.890 kr. = 7.990 kr.

GILDIR TIL OG MEÐ 14. DESEMBER

OPNUNARTÍMAR:

10-22 ALLA DAGA

NÝTT KORTATÍMABIL

LONSDALE LONDON karrimor PUMA Slazenger adidas




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

# Einn í Berlín á aðfangadag

**BAKPANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Berglind er heilbrigðisstarfsmaður í Berlín sem kemst að því 1. desember að það er búið að setja hana á vakt á Þorláksmessu og aðfangadag. Yfirmaðurinn sýnir engan skilning. Jólafrí á Íslandi er úr sögunni. Mamman spyr í einfeldni á Skype hvort það sé ekki hægt að breyta vöktunum. „Ég nenni ekki að ræða þetta við þig,“ segir Begga pirruð við mömmu sína (sem hún elskar auðvitað samt meira en nokkuð annað í heiminum).

**FLESTIR** lesendur kannast væntanlega við söguþráðinn að ofan enda úr jólaauglýsingu Icelandair. Í hvert einasta skipti sem ég sé auglýsinguna fæ ég vænan kökk í hálsinn. Jafnvel að vökvi aukist í augum? Tár? Jú, gott ef það hefur ekki meira að segja komið fyrir. Tilfinningaklám í þriðja veldi en það svínvirkar.

**BEGGA** gerir auðvitað það besta í stöðunni. Sendir gjafir heim til fjölskyldunnar og kaupir eitthvað sem gæti mögulega bragðast eins og malt og appelsín. Auðvitað virkar það ekki frekar en aðrar tilraunir Íslendinga erlendis til að finna staðgengil fyrir íslensku matvöruna sem þeir sakna svo ægilega mikið. Hvað þá þegar kemur að jólunum!

**ÞAÐ** kemur ekkert í staðinn fyrir rjúpuna, jólaölið, laufabrauðið, Nóakonfektið og allan munaðinn sem vonandi flestir Íslendingar geta leyft sér að japla á yfir hátíðarnar. Þú finnur mögulega efnivið í þokkalegan jafning, equalizer er enska heitið ef einhver var að pæla, með kartöflunum en hangikjötið finnurðu ekki.

**AÐ** vera einmana Íslendingur í fjarlægu landi á aðfangadag hlýtur að vera martröð fleiri en Beggu okkar. Jafnvel þótt gæjarnir í næstu íbúð séu örugglega bestu skinn og ætli að halda partí. Þess vegna held ég að maður þurfi að vera gerður úr stáli til að fella ekki tár á því augnabliki þegar mamma, pabbi og litli bróðir birtast óvænt í dyragættinni. Annaðhvort það eða ég þarf að fara að fjölga heimsóknum mínum til sálfræðings.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D | KL. 8 (LAU) | 12 |
| THE HOBBIT 3 VIP | KL. 8 (LAU) | VIP |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. (10:20 (LAU)) (8 (SUN)) | 7 |
| HORRIBLE BOSSES 2 VIP | KL. (8:30 (SUN)) | VIP |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 10:30 - 1 - 1:30 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 2 - 4:20 - 6:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 - (8 (LAU)) | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. (8 (SUN)) | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 5:40 - 8 - (10:20 (SUN)) | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 9 | 12 |
| INTERSTELLAR VIP | KL. (4:30 (LAU)) (1:30 - 5 (SUN)) | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| JOHN WICK | KL. (10:20 (SUN)) | 16 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MEISTARASÖNGVARARNIR ÓPERA | KL. 5 (LAU) | L |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. (10:20 (SUN)) | 7 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4:20 - 6:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - (10:20 (LAU)) - (5:40 (SUN)) | L |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. (10:10 (SUN)) | 12 |
| THE RAILWAY MAN | KL. (8 (SUN)) | 16 |
| INTERSTELLAR | KL. 9 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. (1 - 3:20 (SUN)) | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D | KL. (9 (SUN)) | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. (8 - 11 (LAU)) | 7 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 2:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - (10:20 (LAU)) | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 5 - 8 - 10:20 | 16 |
| INTERSTELLAR | KL. (7 - 10:20 (LAU)) (8 (SUN)) | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 2:20 - 4:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D | KL. (10:20 (LAU)) | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. (8 (LAU)) | 7 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 10:30 | 16 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. (10:10 (SUN)) | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 | L |
| THE HUNGER GAMES | KL. (8 (SUN)) | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 | 7 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 2 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 4:20 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT




SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | KL 1 – 4.30 – 8 – 11 | 16 |
| EXODUS 2D | KL 8 – 11 | 16 |
| EXODUS 3D LÚXUS | KL 1* – 4.30 – 8 – 11 | 16 |
| BIG HERO 6 2D | KL 1 – 3.15 – 5.30 | L |
| BIG HERO 6 3D | KL 2 – 4.30 | L |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 8 – 10.45 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 1 – 3.15 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | KL 4.45** – 5.45* – 9* | 16 |
| EXODUS 2D | KL 3** – 4* – 9** | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 3* – 6.15** – 8 – 10.40* – 11 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 3** – 5 – 5.30** – 8 – 10.30 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3 – 5.30 | L |
| NIGHTCRAWLER | KL 8 – 10.30* – 10.40** | 16 |
| HOBBIT 3D FORSÝNING | KL 8** | 12 |

* BARA LAUGARDAGUR ** BARA SUNNUDAGUR

FJÖLSKYLDUPAKKINN
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-12 ÁRA
Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði
Miðasala á: eMiði

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS | 7, 10 | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 2, 4:30 | L |
| BIG HERO 6 3D | 2 | L |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 2, 4:30 | L |
| HUNGER GAMES | 7, 10 | 12 |
| NIGHTCRAWLER - BARA SUN | 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is
















BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Andri og Edda ............. 16.00
Turist ........................ 17.30
Mommy ............ 17.00, 20.00
Hross í Oss Eng Sub ........ 18.00
Whiplash ...................... 22.00
White God ..................... 22.30
BOLSHOI BALLETTINN:
La Bayadère ................. 20.00




THE DEFINING CHAPTER
THE HOBBIT
THE BATTLE OF THE FIVE ARMIES
FORSALA HAFIN Á midi.is, eMiði OG SAMbio.is
FRUMSÝND 26. DESEMBER
lenovo
SECURITAS
EIMSKIP

## Met í þremur ólíkum greinum á einum mánuði



**FJÁLSAR** FH-ingurinn Þórdís Eva Steinsdóttir heldur áfram að gera það gott. Þórdís bætti nú síðast Íslandsmetið í flokki fjórtán ára og yngri í þrístökki þegar hún stökk 11,38 metra á fyrsta jóla Coca-Cola-móti FH. Þórdís Eva bætti þá met Örnu Stefaníu Guðmundsdóttur frá árinu 2009 um fimm sentímetra. Á síðastliðnum mánuði hefur Þórdís Eva þar með sett Íslandsmet í 200 metra hlaupi, í 1.500 metra hlaupi og í þrístökki eins og fram kemur á heimasíðu FRÍ.

Þórdís Eva hljóp 200 metrana á 25,32 sekúndum 15. nóvember og bætti síðan tvö met Anítu Hinriksdóttur í 1.500 metra flokki (í flokki 14 og 15 ára) með því að koma í mark á 4:43,23 mínútum. Þórdís er þar með búin að bæta met í þremur ólíkum greinum á einum mánuði og hefur alls sett meira en 40 aldursflokkamet á árinu.

## Forsíðudrengurinn í byrjunarliðinu?

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen spilar væntanlega sinn fyrsta leik eftir endurkomuna til Bolton í ensku B-deildinni í fótbolta í dag þegar liðið tekur á móti Ipswich á Macron-vellinum. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3.

Mikið hefur verið gert úr endurkomu Eiðs hjá Bolton enda vann hann hug og hjörtu stuðningsmanna liðsins þegar hann spilaði þar árin 1998-2000. Andlit hans verður úti um allt á vellinum í dag þar sem hann prýðir forsíðu leikskrár leiksins.

Svo gæti farið að Eiður Smári verði í byrjunarliðinu, en hann var fenginn til liðsins bæði vegna hæfileika sinna og til að hjálpa því í gegnum meiðslavandræði. Neil Lennon, knattspyrnustjóri Bolton, verður án framherjans Craigs Davies og miðjumannsins Marks Davies. Því eru ágætur líkur á að Eiður komi við sögu í leiknum.

„Við höfum Eið. Hvort að hann byrjar leikinn eða ekki verðum við bara að bíða og sjá til með," sagði Lennon á blaðamannafundi fyrir leikinn. Leikur Bolton og Ipswich hefst klukkan 15.00 og útsending tíu mínútum fyrr. - tom



**ENDURKOMA** Eiður spilar væntanlega sinn fyrsta leik í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**FJARVERANDI** Ángel Di María verður ekki með United. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Vond vika getur orðið verri

**FÓTBOLTI** Eftir vonbrigðin yfir að falla úr leik í Meistaradeildinni í miðri viku gæti Liverpool ekki fengið betri leik til að létta lund stuðningsmanna sinna en á sunnudaginn þegar liðið heimsækir erkifjendur sína í Manchester United.

Sigur á Old Trafford myndi fyrirgefa margt af því sem gerst hefur síðustu vikur, en auðvitað gæti það snúist upp í andhverfu sína með tapi. Þá yrði vond vika enn þá verri. Að falla úr leik í Meistaradeildinni og tapa gegn United í sömu vikunni er eitthvað sem erfitt er að sætta sig við.

Bæði United og Liverpool eru taplaus í fimm síðustu leikjum sínum. Lærisveinar Louis van Gaal eru búnir að vinna fimm í röð í deildinni þótt það hafi ekki verið gefinn mikill afsláttur af sumum þeirra. Liverpool er reyndar ósigrað í fimm síðustu leikjum í öllum keppnum, en tvö jafntefli í Meistaradeildinni og annað markalaust gegn Sunderland hefur ekki glatt marga á Anfield undanfarnar vikur.

Meiðslavandræði United hætta ekki og verður liðið án Chris Smalling, Phil Jones, Luke Shaw og Daley Blind. Þá staðfesti stjórinn að Ángel Di María verður ekki með í leiknum sem ætti að kæta Liverpool-menn. Balotelli gæti verið orðinn heill og klár í slaginn. Honum hefur oft gengið ágætlega gegn United. - tom

# Sumir æða út allt of snemma

Hornamaðurinn Þórir Ólafsson kann vel við sig hjá Stjörnunni eftir níu ára dvöl í atvinnumennsku í Þýskalandi og Póllandi. Hann segir að margt hafi breyst í íslenskum handbolta síðan hann hélt utan árið 2005.

**HANDBOLTI** Þórir Ólafsson sneri aftur heim í íslenska handboltann í sumar eftir níu ára dvöl sem atvinnumaður, fyrst í Þýskalandi og svo Póllandi þar sem hann varð þrívegis meistari með stórliði Kielce. Þórir komst einnig í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu vorið 2013 og hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu undanfarin ár.

Þórir, sem býr nú og starfar á Selfossi, ákvað að ganga til liðs við Stjörnuna og kann þar vel við sig.

„Þetta er auðvitað mikil breyting og eitt og annað sem maður var vanur úr atvinnumennskunni sem ekki er til staðar hér, sem eðlilegt er. Svo er fullt af nýjum leikmönnum sem maður þekkti ekki. Það er gaman að fá að takast á við nýja deild og takast á við þá áskorun að sanna sig upp á nýtt í íslenskum handbolta," segir Þórir.

Þrátt fyrir að vera í næstneðsta sæti Olísdeildar karla eru aðeins þrjú stig upp í liðin í 5.-6. sæti deildarinnar. Þórir segir að úrslitin mættu ef til vill vera betri en að það sé góður stígandi í liðinu.

„Þar að auki erum við með afar skemmtilegan hóp leikmanna í Stjörnunni. Við leyfum okkur að fagna hverjum sigri vel og innilega áður en við snúum okkur svo að næsta leik. Það er afar góður mórall í hópnum," segir hann.

### Minni gæði í leikjunum

Þórir segir að deildin hafi breyst mikið síðan hann hélt utan til Þýskalands árið 2005. „Það voru fleiri útlendingar í deildinni þá og í minningunni finnst mér að það hafi verið fleiri eldri leikmenn en eru nú. Það gerir það að verkum að gæðin í leikjunum eru ekki alltaf mjög mikil sem sést best á því að það er oft lítið skorað og að liðin eiga oft í erfiðleikum með sóknarleikinn. En það er fullt af flottum leikmönnum í deildinni en það hefur reynst erfiðara að halda þeim hér heima," segir

> **Það hefur tekið mann tíma að venjast nýrri rútínu en þetta er allt að koma.**
>
> *Þórir Ólafsson*

Þórir sem var sjálfur 25 ára gamall þegar hann samdi við Lübbecke.

„Stundum finnst mér að sumir leikmenn æði út allt of snemma. Það er ekki alltaf nóg að eiga eitt gott tímabil hér heima og oft er það betra að taka 2-3 ár í viðbót til að halda áfram að þroskast og vaxa sem leikmaður. Ef menn eru svo þar að auki að glíma við meiðsli þykir ekki gott að fara út í enn sterkari deild þar sem álagið er meira. Það er því að mörgu að huga og þá á ekki að hugsa bara um að koma sér út sem fyrst sama hvað," segir hann.

Þórir segir að það sé allt til staðar hér á Íslandi fyrir unga leikmenn til að dafna, líkt og dæmin hafi sannað undanfarin ár. „Við erum með góða þjálfara á Íslandi enda mikill áhugi á þeim í Evrópu. Aðstaðan er líka fín. Það er mikil handboltakunnátta á Íslandi sem hefur skilað sér í því að árlega koma upp flottir leikmenn."

### Sjaldnar heima hjá mér

Þóri bauðst að vera áfram í Póllandi þegar hann og fjölskylda hans voru búin að ákveða að halda heim á leið. Miklar breytingar fylgdu þeirri ákvörðun en Þórir segist ánægður með að hafa komið heim.

